



Íslenskiralnafnar í hremmingum í Aberdeen ■ Mannrán og mannshvarf

■ Ísafirðingurinn Hjörtur Bjarnason fluttur nauðugur til Skotlands
 ■ Alnafni hans hvarf sporlaust fjórum árum síðar



12. OKTÓBER 2018 / 39. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DNA



ÞAU VORU PAR

Þekktir Íslendingar sem voru saman

ÍSLENDINGAR SEM VORU MEÐ FRÆGUM




Hörður Torfason

SÆTTI AÐKASTI

- Búsáaldabyltingin reyndist honum afdrifarík
- Segir að samtökunum '78 hafi verið rænt
- Ráðist að heimili hans og persónu

10 HLUTIR SEM FÁST FYRIR BRAGGA-PENINGINN

■ Reykjavíkurborg svarar ekki DV



„ÉG Á FLEIRI HUNDRUÐ BÖRN“

■ Sölvi Fannar hefur allaf verið villimaður í sér



Margkærðir fyrir þjófnað en lögreglan aðhefst ekkert



Margar gerðir af FARANGURSBOXUM



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla



Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is



Síðustu orðin

„Einn drykk að lokum.“

– Jasper Newton „Jack“ Daniel (sept. 1850–okt. 1911), stofnandi viskígerðarfyriertækisins Jack Daniel's.

Á þessum degi, 12. október




1492 – Leiðangur Kristófers Kólumbus tekur land á Bahamaeyjum í Karíbahafi. Kristófer stóð í þeirri trú að hann væri kominn til Indíalanda.



1773 – Fyrsta geðsjúkrahæli Bandaríkjaanna er opnað.



1810 – Októberfest er haldin í fyrsta skipti; Aðallinn í Bæjarlandi bauð almenningi München til hátíðarhalds vegna giftingar Loðvíks, krónprins af Bæjarlandi, og prinsessunnar Theresu von Sachsen-Hildburghausen.



1928 – Svonefnt járnlunga er notað í fyrsta skipti á barnspítala í Boston í Bandaríkjunum.



1960 – Sjónvarpsáhorfendur í Japan sjá morðið á Inejiro Asanuma, leiðtoga Japanska sósíalístaflökkisins, í beinni útsendingu.

Einar vill búa í tjaldvagni



Tjaldsvæðið í Laugardal Hjólhýsafólk stimplað sem „trailer trash“.

Segir fordóma ríkja gagnvart því ■ Lokun tjaldsvæðisins slæm

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Einar Gunnar Birgisson, öryrki á sextugsaldri, stendur á krossgötum hvað húsnæðisleit varðar. Um þessar mundir dvelur hann ásamt eigin konu sinni á heimili vinar síns. Þennan vanda vill hann gjarnan leysa með kaupum á hjólhýsi en Einar hefur töluverða reynslu af þeim lífsstíl, sem hann segir vera gríðarlega misskilinn. Telur Einar að borgaryfirvöld líti almennt niður til fólks í slíkri neyð og segir hann forgangsröðun meirihluta vera í tómu tjóni. „Í stað þess að henda peningum í enn eitt snittu- og snobbhúsið væri hægt að nota þá til þess að kaupa hundruð hjólhýsi handa fólki,“ segir Einar og vísar í braggann í Nauthólsvík.

„Ég fór og skoðaði þennan forljóta bragga og það er algjör brandari hvað borgin eyðir miklu í það sem við eigum nóg af fyrir, einhverja ölstofu og tilheyrandi skreytingar. Yfirvöld gera sér ekki

Það er verið að hrekja heimilislaustr fólk út af höfuðborgarsvæðinu

grein fyrir kvíða og vandræðum fólks sem er í húsnæðisvanda, hvað þetta er mikill öryggisventill.“

Þá bætir hann við lokun tjaldsvæðisins í Laugardal yfir vetrartímamann sé vægast sagt hamlandi fyrir mann í hans stöðu. Tjaldsvæðið verður lokað um veturinn og einungis rekinn skammtímaþjónusta fyrir ferðafólk, en þarna bjuggja hátt í tuttugu heimilislaustr einstaklingar í fyrra yfir vetrartímamann. Þegar Einar frétti af þessu hafði hann samband við Félagsmálastofnun síðastliðið sumar sem sýndi aðstæðunum lítinn

skilning hans sögn. „Þeim var augljóslega alveg sama og ég fékk það svar að ég gæti þá flutt á Laugarvatn eða á gistiheimili og borgað hundrað þúsund krónur fyrir bedda,“ segir hann.

„Þetta voru einu svörin sem við fengum úr borgarkerfinu. Það er verið að hrekja heimilislaustr fólk, sem vill bara lifa góðu lífi, út af höfuðborgarsvæðinu og hjólhýsi eru ódýrasta húsnæði sem þú finnur. Þetta er lausn sem ég hvet ungt fólk til þess að kynna sér betur, frekar en að troða sér einhverjar kompur í neyð fyrir morðfjár.“

Að sögn Einars eru hjólhýsi lausn sem borgaryfirvöld hafa litið fram hjá og þykir honum miður að fólk í hjólhýsagörðum sé oft álitit vera „eithvert hyski“. Einar segir fólk sem býr í hjólhýsum oft sett sem hliðstæðu við vandræðafólk eða fátækt, þetta svonefnda „trailer trash“. Einar telur þessa staðalmynd yfirleitt litaða af svæðum þar sem ekki eru gerðar miklar kröfur til góðrar umgengni. Hann segir að hjólhýsagarðar þurfi að búa yfir sambærilegum umgengnisreglum og fjölbýlishús til að allt gangi upp og leyna þau mörg á sér víða um heim.

„Ég hef búið í hjólhýsagörðum í Bandaríkjunum, til að mynda í Colorado, og mér fannst mannlífið þar alveg frábært,“ segir Einar. „Minn draumur er að það sé til hjólhýsagarður í landinu. Þá get ég keypt mér hjólhýsi sjálfur og lifað góðu lífi í stað þess að vera alltaf í húsnæðishrakningum.“ ■

5 hlutir sem flestir bjuggust við að myndu þurrka út mannkynið

Nýjustu fregnir herma að tími mannkyns varðandi viðbrögð við loftslagsvandinum sé á þrotum og ef ekki verði gripið til tafarlausr aðgerða muni stór landsvæði á heimskringlunni verða óbyggileg. Um er að ræða eitt stærsta verkefni samtímans.

DV tók saman fimm hluti sem áttu að þurrka mannkynið út en bægja tókst hættunni frá, að minnsta kosti í bili.



Kjarnorkuváin

Allt frá því að Bandaríkjamenn vörpuðu kjarnorkusprengrum á Nagasaki og Hiroshima hefur mannkynið óttast eyðileggingarmátt vopnanna. Aldrei þó meira en meðan á kalda stríðinu stóð frá lokum heimsstyrjaldarinnar síðari til ársins 1991. Hættan er að sjálfsgöngu enn til staðar en ber þó ekki ábyrgð á andvökunóttum um alla veröld.




Ósonlagið

Árið 1985 uppgötvaðist gat í ósonlaginu yfir Suðurskautslandinu. Næstu ár bárust fregnir af yfirvofandi hörmungum fyrir mannkynið og plánetuna. Árið 1987 var Montreal-bókunin gerð og eftir 1995 hefur framleiðsla á klórflúorkolefni verið bönnuð í flestum þróuðum ríkjum. Nýjustu fregnir herma að ósonlagið sé smátt og smátt að lagast.

Eyðni

Á niunda áratug síðustu aldar gaus upp alheimseyðnifaraldur og bjuggust flestir við hinu versta enda sjúkdómurinn ólæknaði. Eyðni er enn í dag stórt vandamál víða um heim en öflug lyf hafa gert það að verkum að sjúkdómurinn er ekki lengur sá dauðadómur sem hann var áður. Nú þarf bara að tryggja að allir smitaðir fái aðgang að þessum lyfjum.



Tvöþúsundvandin

Í aðdraganda aldamótaársins 2000 bárust fregnir af því að helstu tölvakerfi heims væru í hættu. Ástæðan var sú að flest kerfi notuðu aðeins tvo síðustu stafina til þess að aðgreina ár og þannig gætu tölvakerfi ekki aðgreint árið 2000 frá árinu 1900. Spáð var miklum hörmungum og umfangsmiklar aðgerðir voru settar í gang. Loks sló klukkan 00:00:01 þann 1. janúar 2000 og lífið hélt áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Svínaflensan

Nýr stofn H1N1-innflúensuveirunnar uppgötvaðist í mars 2009 og í kjölfarið fjölluðu fjölmiklar ítrekað um hættuna sem sannarlega stafaði af veirunni og hræðilegar afleiðingar sem heimsfaraldurinn gæti haft í för með sér. Hlutfallslega hafa þó mjög fáir látið lífið vegna veirunnar og í ágúst 2010 lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin því yfir að faraldurinn væri lídinn hjá.



Orkan upp í október!

Meiri orka & Orkublandan með
d-vítamíni frá ICEHERBS

20%
AFSLÁTTUR
Í OKT.



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA



www.iceherbs.is

Hver er hún



Hún er fædd 18. júní árið 1935 í Reykjavík.

Hún er þjóðþekkt leikkona og lék í sinni fyrstu bíómynd árið 1962.

Hún var einn af stofndum leikhópsins Grímu.

Af minnisstæðum hlutverkum hennar má nefna Alison í Horfðu reiður um óxl og titilhlutverkið í Dagbók Önnu Frank.

Hún hlaut heiðursverðlaun Menningarverðlauna DV árið 2016.

KRISTJÓRÐRIGLEIÐ

Það er staðreynd að...



Höfrungar sofa með annað augað opið.



„TYPEWRITER“ er lengsta orðið sem er hægt að skrifa með lyklum einnar línu á tylklaborðinu.



Hunang er eini maturinn sem skemmist ekki.



Það tekur líkamann um 12 klukkutíma að melta máltíð til fulls.



Árið 2015 lést fleira fólk af áverkum sem að það hlaut við að taka sjálfmyndir heldur en af völdum hákarlaárása.



VERKTAKARÓSÁTTIR VIÐ AÐ PRIME TOURS FÁI ÁFRAM AÐ AKA FÖTLUÐUM

Framkvæmdastjóri Strætó segist bundinn af samningi

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Framkvæmdastjóri Strætó veit ekki hvort fyrirtækið Prime Tours geti haldið áfram akstri en félagið er með samning um að sinna akstursþjónustu fyrir fatlaða. Erfið staða félagsins hefur verið kunn lengi og nauðasamningar gerðir á síðasta ári. Strætó hefur í tvígang fengið á sig úrskurð frá kæruneftnd útboðsmála vegna samstarfsins við Prime Tours og aðrir verktakar eru uggandi.

Staðan í lausu lofti

Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, segist ekki vita hvernig málið stendur. „Ég veit ekkert meira en stendur í fréttum. Við höfum ekki fengið neinar upplýsingar aðrar en að þeir séu í þessari meðferð. En við erum með varaáætlun ef allt fer á versta veg.“

Þannig að þið vitið ekki hvort Prime Tours muni halda áfram akstri eða ekki?

„Nei, við höfum ekki fengið neinar upplýsingar um það, aðeins vangaveltur frá hinum og þessum.“

Óttist þið að akstur fatlaðra sé í uppnámi?

„Nei, þetta eru 20 verktakar. Þótt þessi sé stór í hjólastólalífum þá teljum við að við getum bjargað okkur með því að hinir keyri meira ef allt fer á versta veg. Við höfum

áhyggjur af þessu en teljum að þetta muni að minnsta kosti ekki bitna mikið á þjónustustiginu.“

Gjaldþrotabeidi var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag vegna skulda opinberra gjalda eins og RÚV greindi frá. Hjörleifur Hafliðason, forráðamaður félagsins, segir við DV að beðið sé eftir skiptastjóra. „Við höldum að allir myndu ganga héra út þegar við tilkynntum þetta, en svo fór ekki. Við vitum í raun ekkert hvað gerist og þetta er allt í lausu lofti.“ Enn þá er félagið að sinna akstursþjónustu fatlaðra.

Samningur félagsins við Strætó gildir til loka árs 2019 en auk þess starfar Prime Tours í ferðamannageiranum. Samningurinn hefur valdið reiði meðal annarra verktaka sem segja Prime Tours fá afslætti af kröfum varðandi skoðanir á bílum. Þessu hafnar Jóhannes alfarið og segir að bílar Prime Tours gangi undir gæðaskoðanir hjá VSO líkt og aðrir.

Þá eru verktakarnir mjög ósáttir við að Prime Tours sé úthlutað verkefnum á meðan svona er ástatt hjá fyrirtækinu. „Við erum aðgerðarlausir í dag til dæmis af því að gjaldþrota fyrirtæki er að keyra. Eigum við að vera í samkeppni við þrotabú?“ segir einn þeirra.

Ekki með leyfi við framsal

Alls eru um 80 bílar sem sinna akstursþjónustu fyrir fatlaða. Stærstir eru Hópbílar með um



Jóhannes Svavar Rúnarsson
„Ef þeir sinna þjónustunni og hafa ekki brotið neitt af sér þá eru hendur okkar bundnar.“

hellinginn en þar á eftir kemur Prime Tours með 25 bíla. Aðrir eru einyrkjar með 1-3 bíla hver. Akstursþjónusta fatlaðra var boðin út árið 2014 af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og nokkrir aðilar, misstórir, buðu í. Einn af þessum aðilum var Kynnisferðir en hætti við og framseldi réttinn til Prime Tours, sem þá hét Ný-Tækni ehf.

Samkeppnisáðilarnir voru ósáttir við þetta og bentu meðal annars á að félagið hafi ekki haft leyfi til fólksflutninga þegar Strætó samþykkti framsalið. Það leyfi fékkst rúmum mánuði síðar þegar tilgangi félagsins var breytt. Var þetta kært til kæruneftndar útboðsmála sem úrskurðaði þann 13. ágúst árið 2015 að Strætó hefði brotið gegn jafnræðisreglu. Samningurinn var ekki úrskurðaður ólögmætur en nefndin taldi að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart öðrum þátttakendum útboðsins og var Strætó gert að greiða þeim 80 þúsund krónur í málskostnað.

Eigum við að vera í samkeppni við þrotabú?

Ári síðar var aftur úrskurðað kærendum í vil hjá kæruneftndinni en þá snerist málið um forgangsröðun rammassamningshafa. Í úrskurðinum frá 21. júní árið 2016 segir:

„Óumdeilt er að varnaraðili hefur í fleiri skipti beint viðskiptum til fyrirtækja sem eru ekki aðilar umrædds rammassamnings. Samkvæmt þeim gögnum sem varnaraðili hefur lagt fyrir nefndina eru slík viðskipti jafnan á bilinu 5-10% af heildarviðskiptum á hverjum degi.“

Aftur var álit nefndarinnar að Strætó hefði bakað sér skaðabótaskyldu og aftur var Strætó gert að greiða kærendum 800 þúsund krónur í málskostnað.

Segir hendur Strætó bundnar

„Þeir verða að sýna fram á að þeir hafi orðið fyrir einhverjum skaða og hingað til hafa þeir ekki sent okkur neinar kröfur. Þannig að væntanlega hafa þeir ekki orðið fyrir skaða nema að þeir séu enn þá að skoða málið,“ segir Jóhannes.

Hann segir að málin tengist atvikum sem komu upp á fyrstu mánuðum samningsins. Hvað varðar forgangsröðunina þá sé búið að kippa þeim málum í liðinn. „Þetta var lagað strax og úrskurðurinn kom, þegar menn áttuðu sig á þessum mistökum.“

Nú hefur erfið staða félagsins verið kunn í langan tíma. Af hverju hafði þið ekki gripið inn í?

„Við höfum ekki heimildir samkvæmt lögum um opinber innkaup til að gera neitt í þeim efnum, þó að það hafi verið gert árangurslaust fjárnám. Ef þeir sinna þjónustunni og hafa ekki brotið neitt af sér þá eru hendur okkar bundnar. Við höfum auðvitað skoðað alla fleti.“

Hafði þið reynt að rifta samningnum?

„Kannski ekki reynt að rifta, en verið undir það búið að þetta sé atriði sem geti þýtt að við getum krafist riftunar. Það hefur ekki komið upp hingað til og þeir hafa alltaf sinnt þjónustunni.“

Rimma mín við mannanafrnanefnd



Svarthöfði

Það eru kannski ekki margir sem vita þetta en Svarthöfði er ekki raunverulegt nafn mitt samkvæmt Þjóðskrá Íslendinga. Anna Kind Geim-gengill er nafnið sem foreldrar mínir létu skíra mig. En það var fyrir löngu og í annarri vetrarbraut, langt langt í burtu. Og engin mannanafrnanefnd til að stoppa þau af.

Já, foreldrar mínir voru hippar sem nutu frjálstra ásta og droppuðu síru. Algerlega óhæf til að ala upp lítinn dreng eins og mig, hvað þá gefa mér mannsæmandi nafn. Í einu trippinu ákváðu þau að nefna mig þetta. Og ég get sagt ykkur það, lífið er ekki auðvelt fyrir dreng sem heitir Anna Kind.

Ég var lagður í einelti en með dugnaði og áræðni náði ég frama í lífinu. Þegar ég sjálfur eignaðist

börn passaði ég vel upp á að nefna þau eðlilegum nöfnum, Logi og Lilja. Hafa þau notið þess allar götur síðan þó að samband okkar sé ekki eins og það var.

Að lokum kom ég til Íslands og flutti í Breiðholtið, þar sem salt jarðarinnar býr. Ég ákvað þá að hylja skömm mína og taka upp nýtt nafn. Ég fór beint í Þjóðararinn, fornritin, til að finna mitt nýja sjálf. Í Sturlungu fann ég nafn sem mér leist vel á, Svarthöfði Dufgusson. Svarthöfði af því að það er kúl og Dufgusson af því að Dufgus þýðir Svarthöfði á keltnesku, sem er líka kúl.

Ég arkaði því næst niður í Borgartún með útprentað eyðublað til að skila til mannanafrnanefndar, þessarar alvitru samkundu íslenskuspekinga. Ekki myndu þeir fara hafna slíku nafni sem tekið væri beint úr Þjóðararfinum. Auk þess beygist nafnið eftir öllum kúnstarinnar

Aftur rauk ég niður í Borgartún til að fá frekari skýringar á þessu vandræðalega máli

reglum.

Liðu tveir mánuðir og ég fór að nota nafnið á opinberum vettvangi, Facebookinu mínu, Twitter, á húsfundum og AA-fundum, salfrólegur yfir niðurstöðu prófessoranna sem lágu undir feldi. Þá kom áfallið, synjunin. „Eigin nafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.“ Til AMA?? Ég heiti Anna Kind, nafn mitt hefur verið mér til ama alla

mína ævi. Hvernig gátu þeir komist að þessari niðurstöðu? Þessir miklu spekingar sem með visku sinni hafa stýrt nafngiftum á landinu eins og guðir?

Aftur rauk ég niður í Borgartún til að fá frekari skýringar á þessu vandræðalega máli. Þetta hlutu að vera mistök. Þá var mér sagt að höfnunin væri byggð á því að mér gæti verið strítt. Svarthöfði er víst persóna í einhverri geimóperu frá Hollívuðd. Dufgus hefði hins vegar verið nóterað og er nú á blaði Þjóðskrár yfir leyfileg eiginöfn karla.

Tók ég þessu frekar illa og viðurkenni að kalla þurfti til Securitas-mann til að hjálpa mér út. Þó að Anna Kind standi enn þá í ökuskrárinu mínu þá mun ég aldrei kalla sjálfan mig neitt annað en þessa eina nafni, Svarthöfði, eins og brasilísk fótboltastjarna. Dufgus má eiga sig. ■

**MILLJÓNIR ERU ÞAÐ
BESTA VIÐ HAUSTIÐ**

40

MILLJÓNIR

POTTURINN STEFNIR Í 40 MILLJÓNIR



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

TÍU HLUTIR SEM HÆGT ER AÐ KAUPA Í STAÐINN FYRIR BRAGGANN

■ Leikskólar, smáhýsi, skólamáltíðir og konunglegt brúðkaup

Bruggablúsinn í Nauthólsvík hélt áfram að vinda upp á sig í vikunni. Um er að ræða verkefni sem hefur kostað borgina rúmar 415 milljónir króna sem er talsvert meira en upphaflega var gert ráð fyrir og ekki liggur fyrir hver endanlegur kostnaður verður. Margir setja stórt spurningamerki við upphæðina sem verður að teljast ansi há. DV tók saman tíu misgáfulega hluti sem borgaryfirvöld gætu gert fyrir 415 milljónir.



Reka tvo 90 barna leikskóla í heilt ár

Samkvæmt tölum Sambands íslenskra sveitarfélaga kostar rekstur tveggja 90 barna leikskóla í Reykjavík rúmlega 400 milljónir. Er það leikskólaláss fyrir 180 börn. Hafa skal í huga að inni í þessum tölum er ekki byggingarkostnaður heldur aðeins rekstrar- og húsnæðiskostnaður, launakostnaður starfsmanna og kostnaður við matseld.



Bjóða öllum á Lof mér að falla í bió

Biómiði á kvikmyndina margrómuðu Lof mér að falla kostar í dag 1.800 krónur. Rúmlega 218 þúsund manns búa á stór-höfuðborgarsvæðinu. Þetta þýðir að borgin gæti boðið íbúum höfuðborgarinnar á myndina í bió. Ef við

tökum frá þá 44 þúsund sem eru búnir að sjá myndina og alla undir 14 ára sem hafa ekki aldur til að sjá myndina þá gæti borgin boðið öllum landsmönnum á myndina í bió.



Helmingi fleiri smáhýsi fyrir heimilislausu

Í september síðastliðnum samþykkti borgarráð að verja 450 milljónum til kaupa á allt að 25 smáhýsum sem lið í aðgerðaráætlun í málefnum utangarðsfólks. Er þetta hluti af skadaminnkunarverkefninu Húsnæði fyrst. Fyrir peningana sem fóru í braggann væri hægt að kaupa næstum því helmingi fleiri smáhýsi fyrir heimilislausu borgarbúa sem glíma við mikinn félagslegan vanda.




1944 handa nemendum HR

Bragginn stendur við hlið Háskólans í Reykjavík í Nauthólsvík, þar er nú matsölustaður. Fyrir 415 milljónir krónur er hægt að kaupa rúmlega 519 þúsund 1944 rétti. Í HR eru rúmlega 3.500 nemendur og þá erum við að tala um rúmlega 150 rétti frá 1944 á hvern einasta nemanda. Einnig væri hægt að kaupa rúmlega 415 þúsund núðlupakka.



Dýrasta íbúðin í Reykjavík

Á Hafnartorgi í miðbæ Reykjavíkur er nú verið að smíða dýrustu íbúð landsins. Um er að ræða 440 fermetra þakíbúð sem snýr að Hörpu. Er hún sérstaklega hönnuð af innanhúsarkitektum. Verðmiðinn hljóðar upp á um 400 milljónir króna eða nærri því tvær milljónir á fermetra. Í stað þess að byggja braggann hefði Reykjavíkurborg getað keypt íbúðina og gert hana að glæsilegustu félagslegu íbúð í heiminum. Það væri ekki amalegt heimsmet.



Risastórt hátækni fjós

Eitt stærsta og fullkornasta fjós landsins ris nú á bænum Gunnbjarnarholti á Suðurlandi. Fjósið, sem verður tekið í notkun nú í október, er heilir 4.200 fermetrar. Þar er pláss fyrir 500 gripi, þar af yfir 200 mjólkandi kýr. Um er að ræða hátækni fjós með alsjálfrvirku fóðrunarkerfi sem bóndinn á bænum líkir við mótuneyti fyrir kýr. Fjósið kostar rúmlega það sama og bragginn í Nauthólsvík.



Sverrir Ingi Ingason

Varnarmaðurinn Sverrir Ingi leikur með íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu og rússneska félaginu FC Rostov. Hann er mjög efnilegur leikmaður, alinn upp í Breiðabliki og hefur spilað með liðum í Noregi og Belgíu. Sverrir Ingi var í íslenska liðinu sem lék á EM í Frakklandi 2016 og HM í Rússlandi í sumar. Verðmiðinn á Sverri Inga hljóðar upp á tæplega sömu upphæð og kostnaður við braggann er orðinn.



Útfarir í 11 ár

Rúmlega 40 manns svipta sig lífi á hverju ári, sú tala er byggð á meðaltali af tölum frá árunum 1996 til 2016 frá Embætti landlæknis. Á árunum 2015 til 2017 létust 42 af völdum ofneyslu lyfseðilsskyldra ópíóðalyfja, eða 14 á ári. Samkvæmt upplýsingum frá útfararstjóra kostar útför að meðaltali í kringum 650 þúsund krónur. Þetta þýðir að fyrir 415 milljónir gæti Reykjavíkurborg greitt fyrir útfarir allra þeirra sem fremja sjálfsvíg eða deyja af völdum ópíóðalyfja næstu 11 árin.

Einnig væri hægt að kaupa rúmlega 415 þúsund núðlupakka



Milljón grunnskólamáltíðir

Frír matur í grunnskólum hefur verið deiluefni í borginni í áratíðir. Í ágúst síðastliðnum var felld til laga þess efnis og sagt að það yrði of dýrt. Um 16 þúsund einstaklingar á grunnskólaaldri búa í Reykjavík. Máltíðin kostar í kringum 400 krónur. Fyrir einn bragga væri því hægt að kaupa um eina milljón skólamáltíðir.



Halda konunglegt brúðkaup

Fyrir 415 milljónir er hægt að halda konunglegt brúðkaup eins og hjá Harry prins og Meghan Markle á þessu ári sýnir. Um 600 gestum var boðið í veisluna og 2.640 gestum boðið að fagna með brúðhjónunum við Windsor-kastala. Samkvæmt Reuters komu hins vegar 71 milljarður króna inn í breska hagkerfið vegna ferðamannastraums í tengslum við brúðkaupið. Ólíklegt er að bragginn trekki svo að. ■

GIMLI

FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



SÖLKUGATA 16, 270 MOSFELLSBÆR
79.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Raðhús
258 M²
6



BREIÐAVÍK 11, 112 REYKJAVÍK (GRAFARVOGI)
42.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Fjölbýli
109 M²
3



LAXATUNGA 40, 270 MOSFELLSBÆR
54.900.000 kr.

Tegund
Stærð
Herbergi

Raðhús
203 M²
6

12.-14.
OKTÓBER

STÓR SÝNING

Í LAUGARDALSHÖLL 12.-14. OKTÓBER



MATUR ÚR ÍSLENSKRI SVEIT

Stór matarsýning þar sem fjölmörg fyrirtæki kynna hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu.

TÆKJASÝNING

Umfangsmikil sýning bæði úti og inni á tækjum, tólum og vörum til landbúnaðar.

ÖFLUG DAGSKRÁ

Afar áhugaverð fyrirlestradagskrá um íslenskan landbúnað

OPNUNARTÍMAR

Föstudagur 12. okt. 14.00-19.00. Laugardagur 13. okt. 10.00-18.00.
Sunnudagur 14. okt. 10.00-17.00.

MIÐAR GILDA ALLA HELGINA

Miðaverð aðeins 1.000 krónur og frítt fyrir aldraða, öryrkja, námsmenn og börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.



**ÍSLENSKUR
LANDBÚNAÐUR**
- 2018 -



ÍSLENDINGAR SEM BENDLA

Pau eiga það sameiginlegt að hafa daðrað við fræga fólkið eða verið í löngum eða stuttum samböndum með því. Listinn gæti verið lengri en samböndin sem eru hér talin upp voru öll áberandi á síðum dagblaðanna. Íslendingar slúðruðu um þau, öfunduðust eða stytta sér stundir við að lesa um ævintýri þeirra.

Ágúst Aðalsteinsson og Pink

Stórsöngkonan Pink hélt tónleika á Íslandi árið 2004 sem voru hluti af Evrópuferð hennar. Pink fór mikinn hér á



Fjöltnir Þorgeirsson er hættur með Kryddþí-
unni Mel B.

DV-mynd Ægir Már
hljómsveitarinnar Spoon, upp á



landi og vakti óskipta athygli hvar sem hún fór. Meðal annars lenti, hún í útistöðum við þáverandi ljósmyndara Víkurfrétta, Atla Má Gylfason. En hún varð einnig skotin í strák. Ágúst Aðalsteinsson, kallaður Gústi, var á þessum árum skemmt-

anastjóri veitingastaðarins 22. Tókust náin kynni með Pink og Gústa.

„Ég ætla ekkert að tjá mig um þetta mál. Hallærislegt að vera að tala um þetta í fjölmiðlum. Þetta er bara hress stelpa sem kíkti á klakann,“ sagði Gústi þegar DV óskaði eftir viðtali árið 2004. Heimildir DV herma að Gústa hafi

svara fyrirspurnum heimspressunnar bíðum og vonum.



verið boðið í heimsókn til Los Angeles. Í frétt DV sagði:

„Þau sáuust kveðjast innilega aðfaranótt fimmtudags fyrir fram- an Nordica Hotel. Þá var Pink á leið frá landinu. Þess má svo geta að Gústi gifti sig á haustmánuðum er hann játaðist Hildi Guðmundsdóttur. Hún er dóttir Guðmundar Árna Stefánssonar, sendiherra og fyrrverandi ráðherra.

Íris Björk Jóhannesdóttir og Chris Pine

Íris Björk var valin fegurst í keppninni Ungfrú Reykjavík árið 2010. Í janúar árið 2014 greindi Vísir frá því að hún hefði eytt áramótunum á Kostaríku ásamt bandaríska leikaranum Chris Pine. Chris var þekktastur fyrir að leika Kaftin Kirk í kvikmyndunum Star Trek og Star Trek: Into Darkness. Þá lék hann aðalhlutverk í einni kvikmyndinni um njósnarann Jack Ryan. Í nóvember það sama ár staðfesti síðan leikarinn að hann væri á lausu.

Kristrún Ösp Barkardóttir og Dwight Yorke

Það var fyrst árið 2009 sem fregnir bárust af því að Kristrún Ösp Barkardóttir og knattspyrnukappinn Dwight Yorke, sem gerði garðinn frægan með Manchester United, væru að stinga saman nefjum. Yorke þótti á sínum tíma einn af betri framherjum heims. Yorke sagði í viðtali um ári síðar:

„Eina ráðið mitt í sambandi við konur er að halda við tvær eða þrjár.“ Þegar Kristrún var spurð út í þessi ummæli svaraði hún: „Ég geri mína hluti og hann gerir sína.“ Það hætti síðan saman og Kristrún hóf samband með Sveini Andra Sveinssyni lögmanni. Árið 2011 greindi DV svo frá því að

Kristrún væri hætt með Sveini Andra. Um sambandsslitin sagði Kristrún Ösp við Morgunblaðið:

„Ég held bara að hann sé ekki tilbúinn til að gefa piparsveinalífið upp á bátinn. Ég skil það allveg því hann var giftur lengi. En það er einhvern veginn ekki málið að vera með manni sem er alltaf að reyna við annað kvenfólk á Facebook.“ Fór Kristrún aftur í faðm knattspyrnukappans. Sagði Kristrún í samtali við Pressuna: „Ég held að Dwight Yorke hafi verið afbrýðisamur út í Svein Andra þegar ég sagði honum frá því sambandi en hann fyrirgaf mér.“ Veltu Kristrún og Yorke fyrir sér að taka saman aftur en ekkert varð úr því.

Fjöltnir Þorgeirsson og Mel B

Fjöltnir Þorgeirsson og hin heimsfræga kryddþía Mel B voru par á árunum 1997 og 1998. Mel B er í dag einn af dómurum í America's Got Talent. Spice Girls voru á hápunktum frægðarinnar á þessum tíma og vinsælasta stúlknaband heims. Þann 31. mars greindi DV frá því að parið væri hætt saman. Mel B lýsti sambandi þeirra á þessa leið í ævisögu sinni:

„Eftir þetta byrjaði ég með Fjölni frá Íslandi sem ég kynntist einnig í Blackpool. Ég féll kylliflöt fyrir honum en síðan flutti hann aftur til Íslands. Samband okkar var mjög ástríðufullt.“

Fjöltnir sagði í samtali við DV: „Það er rétt að við erum hætt saman. Þetta var sameiginleg ákvörðun okkar og við skiljum sem vinir. Þetta á sér langan aðdraganda og er út af persónulegum ástæðum sem ég get ekki tjáð mig frekar um. Þetta hefur ekkert með framhjáald að gera. Þetta hefur verið góður tími og að mér


BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR



Fanntófell

Gylfaflöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is

ÞIR VORU VIÐ FRÆGT FÓLK



skilst góð landkyrning. En svona er lífið.

Helgina áður hafði Fjölirnir sést á skemmtistöðum borgarinnar með Marín Mönðu, söngkonu Spoon. Aðspurður um það sagði Fjölirnir: „Við erum góðir vinir. Það er ekkert meira í gangi eins og er.“ Annað átti þó eftir að koma á daginn.

Halla Vilhjámsdóttir og Jude Law

Í febrúar 2007 greindi breska götublaðið The Sun frá því að Halla Vilhjámsdóttir hefði átt rómantískt stefnumót með breska stórleikaranum Jude Law. „Seems like an Ice Girl, Jude,“ var fyrirsögnin á frétt The Sun sem Fréttablaðið vitnaði til. Blaðafulltrúi Law full-yrti að þau væru ekki par, heldur vinir. Á öðrum miðlum mátti sjá

fyrirsagnir á borð við:

„Jude’s New Love“ og „Ice queen raises Jude’s temperature?“ Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kynntust Halla og Jude Law á 101 hótél viku áður.

Kiefer Sutherland og Kristín Bára Haraldsdóttir

Í apríl 2005 greindi DV frá því að Kristín Bára Haraldsdóttir og Kiefer Sutherland væru par. Reyndi DV að fá það staðfest hjá leikaranum en það gekk illa. Blaðamaður DV leitaði að leikaranum og ræddi einnig við umboðsmann hans en tókst ekki að fá staðfest hvort Kristín hefði náð að bræða hjarta hans. ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500



Hallærisplanið

Gerðu þarfir sínar hvar sem var og stunduðu kynlíf fyrir allra augum

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is




Unglingar á sjöunda, áttaunda og níunda áratug síðustu aldar söfnuðust oft saman á Hallærisplaninu. Þá skipti engu hvernig vindar blésu. Hallærisplanið, þar sem nú er Ingólfstorg, var nokkurs konar félagsmiðstöð unglunga. Þegar mest var voru um fjögur þúsund ungmenni á svæðinu. Áflog og drykkjulæti voru daglegt brauð og eldri kynslóðinni var ekki skemmt. Eins og sagði í DV árið 2004:

„Unglingar stóðu fyrir hefðbundinni uppreisn gegn heimskum heimi hinna fullorðnu, með hefðbundnum aðferðum; drykkju, formælingum, léttum skemmdarverkum og þvíumlíku. Sem sagt hefðbundin og árviss uppreisn unga fólksins. Er fullyrst að þegar

mest stóð á hafi unglingar vaðið yfir Grjótaþorpið, gert „þarfir sínar hvar sem var“ og „eðlað sig fyrir allra augum.“

Eftir því sem leið á níunda áratuginn minnkaði aðdráttarafli plansins. Ungmennin fóru að sækja í félagsmiðstöðvar og sérstaka unglingskemmtistaði þess í stað. Á þessum árum var skemmtistöðum lokað klukkan þrjú eftir miðnætti og flyktist þá fólk á Lækjartorg og Hallærisplanið. Eftir að opnunartími var gefinn frjáls breyttist skemmtanamenningin. Nú er miðbærinn fullur af mörgum litlum börum þar sem fólk skemmtir sér fram undir morgun.

DV hefur áður fjallað um Hallærisplanið og birtir nú fleiri myndir frá þessum goðsagnakennda stað.



Undir vökulum augum fjögurra filefíðra lögregluþjóna er ungur uppreisnarseggar látinn tína upp glerbrot flöskunnar sem hann braut, kannski gegn vilyrði um að þetta yrði eina refsingin að þessu sinni; auðmýkingin.



Mamma Veit Best
HREIN HEILSA

NATURAL VITALITY
Lifandi Hindberja og Sítrónberja

Náttúruleg SLÖKUN

Styrkur gegn streitu
Komur íforvagi á kalk upptöku og jafnar
halfrigt magn magnesíum í líkamann

226 gr

BETRI SVEFNI



TYGGÐU EXTRA TIL GÓÐRA VERKA

**MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA
STYÐUR ÞÚ SOS BARNAPORPIN TIL BÆTTRAR
TANNHEILSU BARNNA Í GHANA OG BOTSWANA**



Í SAMSTARFI VIÐ



Í OKTÓBER OG NÓVEMBER 2018

HÉR ÁTTU AÐ VERA SVÖR REYKJAVÍKURBORGAR VEGNA SPURNINGA BLAÐAMANNNS UM BRAGGAMÁLIÐ

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is



Blaðamaður DV hefur undanfarna viku unnið að því að skoða svokallað braggamál. Í þeirri skoðun hefur hann lent í ítrekuðum vandræðum með að fá svör við einföldum spurning-

um sem hann hefur borið upp innan hinna ýmsu stofnana Reykjavíkurborgar. Það er mikilvægt að fjölmiðlar hafi aðgang að réttum gögnum þegar almenningur þarf að vera upplýstur um það sem varðar almannahag. Mikilvægt er að þeim upplýsingum sé ekki haldið frá fjölmiðlum þegar þeir vilja kafa

ofan í málin og koma upplýsingum til fólksins. Almennungur þarf að geta tekið upplýstar ákvarðanir og treyst því að umræðan byggist ekki á sögusögnum, heldur hörðum staðreyndum. Í þessu tilfalli er augljóst að blaðamaður spurði óþægilegra spurninga sem fæstum hefur ekki verið svar-

að enn sem komið er. Við hjá DV munum ekki hætta að rannsaka þetta mál þó svo að ákveðnir starfsmenn borgarinnar fari undan í flæmingi. ■

GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA



Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola
Hugsum áður en við hendum!



**ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ**

Pantaðu græna tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta



HAUSTILBOÐ!

FULLKOMIN MYND · FULLKOMIÐ HLJÓÐ

FULLKOMIN UPPLIFUN!

50.000
AFSLÁTTUR



LG OLED TV

SJÓNVARP OG SOUNDBAR SAMAN Á TILBOÐI!

OLED Ultra HD Premium sjónvarp með Perfect Black, Active HDR myndtækni, Dolby Vision, webOS 4.0 netviðmóti og Magic Remote fjarstýringu með Netflix 4K hnappi ásamt 320w Soundbar með þráðlausum bassahátalara, Spotify Connect, Google Chromecast og Bluetooth tengingu.

OLED55B8 ALPHA 7 + SJ6

LG 55" OLED OG SOUNDBAR

~~329.980 KR.~~ **TILBOÐ 279.980 KR.**

OLED55C8 ALPHA 9 + SJ6

LG 55" OLED OG SOUNDBAR

~~349.980 KR.~~ **TILBOÐ 299.980 KR.**

OLED65B8 ALPHA 7 + SJ6

LG 65" OLED OG SOUNDBAR

~~499.980 KR.~~ **TILBOÐ 449.980 KR.**

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is



ÍRANAR HAFNA STYRKT STÖÐU SÍNA Í VALDATAFLINU Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM

■ Verður bandaríski herinn áfram á svæðinu?

Íranski byltingarherinn Hnyklar vöðvana gagnvart ríkjum súnní-múslima.

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Undanfarið hefur örfoka og torfært eyðimerkursvæði á landamærum Sýrlands og Íraks dregið að sér mikla athygli ýmissa ríkja. Svæðið er um 20 kílómetrar að lengd. Þar hafa hersveitir, sem Íranar styðja, komið sér fyrir og hafa nú yfirráð yfir landamærunum. Hætt er við að þetta svæði verði nú miðpunktur mikils uppgjörs Bandaríkjanna og Írans um völd og áhrif í Mið-Austurlöndum.

Samkvæmt upplýsingum bandarískra og ísraelskra leyniþjónustustofnana er búíð að koma upp einhvers konar herstöð fyrir allt að 8.000 stríðsmenn sjíta-múslima á svæðinu. Þeir berjast við hlið hersveita Bashar

al-Assad, einræðisherra í Sýrlandi, í borgarastyrjöldinni þar í landi og njóta stuðnings Írana í þeim átökum. Íranar hafa því tryggt sér stjórn beggja vegna landamærunna. Áhrifsvæði þeirra nær því nú í nokkurs konar hálfmána yfir Írak, Sýrland og Líbanon til Miðjarðarhafsins.

Á þessu svæði gætir og mun áhrifa Írana gæta enn frekar í framtíðinni. Með þessu hafa Íranar styrkt stöðu sína og tók sín á svæðum sjíta-múslima í Mið-Austurlöndum en um leið auka þeir áhrif sín í öllum heimshlutunum. Þessi hálfmáni Írana nær í raun allt að landamærum erki-fjendanna í Ísrael sem eru allt annað en sáttir við þessa stöðu og fylgjast grannt með þróun mála. Lengi hefur verið vitað að Íranar vilja auka áhrif sín í Mið-

Austurlöndum og nú hafa þeir tryggt landfræðilega stöðu sína enn frekar sem auðveldar þeim að auka pólitísk áhrif sín. Á öllu hálfmánavæðinu hafa Íranar styrkt stöðu sína og hafa þeir til dæmis sent liðsmenn byltingarvarðarins og vígamenn til ýmissa svæða innan hálfmánans til að tryggja stöðu sína. Einnig eru íranskir herforingjar staðsettir víða.

Opinbera skýringin á þessum hernaðarumsvifum er að hermennirnir séu að aðstoða við vernd helgistaða sjíta-múslima. En hinn raunverulegi tilgangur dylst ekki, hann er að styrkja völd Írans á svæðinu. Allt frá byltingunni 1979, þegar klerkastjórnin komst til valda, hefur það verið draumur ráðamanna í Íran að komast til svo mikilla áhrifa og valda á svæðinu að Íranar hefðu beint aðgengi



Bashar Al Assad
Hefur staðið af sér áralangt stríð.

að Miðjarðarhafi. Þessir draumar færðust í aukana þegar stríðið í Írak hófst 2003 og eflust enn frekar þegar ljóst var að Íslamska ríkið færi hálloka í Írak og Sýrlandi.

liðsmenn erlendra vígasveita í Sýrlandi, sem eru hliðhollar einræðisherranum, þær hafa verið þjálfðar af Írönnum. Byltingarvörðurinn hefur komið upp stjórnstöðvum bæði í Írak og Sýrlandi.

Byltingarverðirnir koma víða við sögu

Í kjölfar hruns og mikilla ósigrá hryðjuverkasamtakanna, sem kenna sig við Íslamska ríkið, í Írak og Sýrlandi hafa sjíta-múslimar aftur komist til áhrifa og valda í Írak en liðsmenn Íslamska ríkisins eru súnní-múslimar. Í Sýrlandi eru hersveitir Bashar al-Assad og hersveitir hliðhollar honum við að sigra í borgarastyrjöldinni en þessar hersveitir njóta stuðnings Írana og vígamanna á þeirra vegum.

Í Líbanon standa Hizbollah-samtökin sterk að vígi en þau njóta stuðnings Írana og eru raunar alveg undir stjórn þeirra. Óhætt er að segja að Íranar hnykli nú vöðvana í miklu pólitísku uppgjöri við hina erkíjendur sína, súnní-múslimana í Sádi-Arabíu, og ekki er annað að sjá en þeir hafi yfirhöndina, eins og er. Borgarastyrjöldin í Jemen er einmitt vígvöllur þessara tveggja fjandríkja sem eru stórveldin í Mið-Austurlöndum. Þar beita þau fyrir sig ýmsum vígahópum sem þau styðja dyggilega við bakið á.

Það er Íranski byltingarvörðurinn, hersveitir klerkastjórnarinnar, sem sér um að tryggja hernaðarleg áhrif Írana í nágrennaríkjunum. Í Sýrlandi hafa allt að 100.000 liðsmenn hersveita, sem eru hliðhollar Bashar al-Assad, fengið þjálfun hjá Írönnum. Það sama á við um

Dregur Trump kosningaloford sitt til baka?

Eitt af kosningalofordum Donalds Trump í forsetakosningunum 2016 var að kalla alla bandaríska hermenn heim frá Írak þegar búíð væri að ráða niðurlögum Íslamska ríkisins. Nú eru um 1.000 erlendir hermenn staðsettir á landamærum Sýrlands, Jórdaníu og Írak. Svo gæti farið að Trump hætti við að kalla bandaríska hermennina heim vegna síaukinna áhrifa Írana á svæðinu. Nú þegar hefur verið fallið frá hugmyndum um að kalla bandaríska hermenn heim frá norðurhluta Írak en þar eru nokkur þúsund bandarískir sérsveitarmenn á yfirráðasvæðum Kúrda. Eins og kunnugt er hefur Trump sagt upp samningi við Íran um kjarnorkumál og má segja að klerkastjórnin sé einn af höfuðandstæðingum hans. Hann vill því ógjarn sjá klerkastjórnina komast til enn meiri áhrifa í Mið-Austurlöndum. Því neyðist hann hugsanlega til að hafa bandaríska hermenn áfram á svæðinu til að reyna að takmarka áhrif Írana. Ísrael og Sádi-Arabía eru bandalagsþjóðir Bandaríkjanna og því fara hagsmunir þeirra saman að mörgu leyti og allar vilja þessar þjóðir hindra að Íranar komist til valda og meiri áhrifa í heimshlutunum. ■

20% afsláttur

Yuup sjampó fyrir hunda og ketti

(án SLS, SLES, þalata og parabena)

gæludýr.is

www.gaeludyr.is

Prentarar

Tækniþjónusta
Viðgerðir
Viðhald

*Bjóðum Thermal
prentara af öllum
stærðum og
gerðum*



Úrval varahluta og aukabúnaðar

DATAMAX

TSC

**ZEBRA
TECHNOLOGIES**

Intermec

Límmiðar

*Framleiðum allar gerðir
límmiða af mismunandi
stærðum og gerðum*



Thermal
Hvítir miðar
Litamiðar
Forprentaðir
Athyglismiðar
Tilboðsmiðar
Vogamiðar
Lyfsölumiðar
Varúðarmiðar
Endurskinsmiðar
Flöskumiðar
Verðmerkimiðar



Bodtækni

KNATTSPYRNUKAPPAR SEM KYNNTUST GRJÓTINU

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Þegar hugsað er um íþróttafólk og knattspyrnumenn eru glæpir ekki eitthvað sem kemur upp í hugann. Knattspyrnumenn eiga það þó til að misstíga sig á lífsins leið, líkt og aðrir. Nú um þessar mundir er einn frægasti knattspyrnumaður allra tíma, Cristiano Ronaldo, sakaður um hrottalega nauðgun. Konan sem sakar Ronaldo um

þetta alvarlega brot segir að Ronaldo hafi nauðgað henni árið 2009. Ekkert var gert í málinu á þeim tíma en nú níu árum síðar gæti Ronaldo farið í fangelsi ef sekt hans verður sönnuð. Taka skal fram að Ronaldo harðneitar sök og eru lögfræðingar hans nú í málinu. Fjöldi knattspyrnumanna hefur setið í fangelsi fyrir misalvarleg brot, sumir hafa keyrt fullir, aðrir hafa látið hendurnar tala, sumir hafa framið morð og aðrir misnotað börn.

Adam Johnson

Misnotkun á barni

Adam Johnson var eitt sinn vonarstjarna Engendinga í fótboltanum, hann var kröftugur kantmaður sem Manchester City keypti frá Middlesbrough. Ferillinn var ekki alveg að ganga upp eins og vonir stóðu til og hann fór því til Sunderland. Þar lék hann til ársins 2016 þegar upp komst um kynferðislega misnotkun hans á barni. Johnson hafði þá farið að hitta 16 ára stúlku sem elskaði hann sem íþróttamann. Johnson misnotað aðstöðu sína hressilega og kyssti stúlkuna auk þess að káfa á henni. Johnson fékk sex ára dóm og situr í dag á bak við lás og slá.



Bruno Fernandes de Souza

Lét hunda éta lík af kærustu sinni

Markvörðurinn frá Brasilíu var árið 2010 dæmdur í 22 ára fangelsi fyrir að láta myrða þáverandi kærustu sína. Hann hafði verið fyrirliði Flamengo sem er stórlíð í heimalandinu. Hann faldi lík kærustunnar, bútaði það niður og lét síðan hundana sína borða það. Hann var einnig dæmdur fyrir að ræna syni sínum. Það vakti furðu margra að Bruno fékk ekki lífstíðardóm fyrir þennan ógeðfella verknað.


Joey Barton



Líkamsárásir

Einn frægasti skaphundur fótboltans hefur oft komið sér í klandur innan vallar en líka utan hans. Barton hefur oft komist í klandur í lífinu en aldrei eins og árið 2008 þegar hann þurfti að fara í grjótið. Um mitt ár var Barton nefnilega dæmdur í fangelsi fyrir harkalega líkamsárás á götum Liverpool. Hann var þá á mála há Newcastle en síðar það árið var hann dæmdur fyrir að berja gamlan líðsfélaga hjá Manchester City. Hann rotaði þá Ousmane Dabo á æfingasvæði Manchester City en fékk skilorðsbundinn dóm fyrir það.

Tony Adams



Keyrði fullur

Þessi öflugri varnarmaður sat í fangelsi í nokkra mánuði árið 1990 eftir að hafa verið tekinn ölvaður undir stýri. Hann var með fjórfalt magn af leyfilegu áfengi í blóði sínu. Hann tók út dóm sinn og sneri aftur til Arsenal en hann lék 66 landsleiki fyrir England. Margir hafa haft orð á því að ef Adams hefði ekki slegið í gegn í fótbolta, þá hefði hann endað á vondum stað, honum fannst sopinn helst til af góður.

Marlon King



Kynferðislegt ofbeldi, barsmíðar og hraðakstur


King var rekinn frá Wigan árið 2009 eftir að hafa verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi og barsmíðar. King hafði verið að skemmta sér þegar hann ákvað að káfa á stelpu á dansgólfinu. Þegar hún reyndi að koma sér í burtu þá lamdi King hana harkalega í andlit með þeim afleiðingum að hún nefbrotnaði. King fékk 18 mánaða dóm en mætti síðan aftur á völlum. Hann fór svo aftur í fangelsi árið 2014 fyrir ofsakstur.



Marcos Alonso

Morð af gáleysi

Marcos Alonso, sem í dag er einn besti varnarmaður ensku úrvalsdeildarinnar, var árið 2011 dæmdur fyrir morð af gáleysi. Alonso var þá í herbúðum Bolton en hann keyrði fullur á vegg með þeim afleiðingum að farþegi í bílnum lést. Farþeginn var 19 ára stúlka, Alonso var á 122 kílómetra hraða og blindfullur. Hann fékk fyrst fjögurra ára fangelsisdóm sem var síðan breytt í 21 mánuð. Að lokum samdi Alonso við fjölskyldu stelpunnar og greiddi henni 500 þúsund evrur og slapp við að fara í fangelsi. Hann er í dag í herbúðum Chelsea og leikur með spænska landsliðinu.



Troy Deeney

Barsmíðar

Fyrirliði Watford var eitt sinn á slæmum stað í lífinu og hefði brautin getað orðið mun erfiðari en hún á endanum varð. Deeney ólst upp í Birmingham og þar var hann í slæmum félagsskap. Deeney var árið 2012 dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir að berja námsmenn á skemmtistaði í borginni. Á bak við lás og slá fann Deeney út úr því hvað hann langaði virkilega til að gera í lífinu, og hefur hann náð afar langt miðað við hvað í stefndi þegar hann fór í tukthúsið.

Stig Tofting



Barsmíðar

Tofting var harðhaus á vellinum og átti það til að missa stjórn á skapi sínu þar. Hann átti einnig erfitt með skapið utan vallar og það kom honum í fangelsi árið 2003. Sumarið 2002 var Tofting að fagna með danska landsliðinu eftir HM. Þegar fögnuðurinn stóð sem hæst ákvað Tofting að rota eiganda veitingastaðarins þar sem liðið sat að snæðingi. Þetta varð til þess að Tofting fór í fangelsi og samningi hans við Bolton var rift.

Gerid gæða- og verðsamanburð

Sofðu betur á **BODYPRINT**

vefverslun 
svfnogheilsa.is



BODYPRINT
X Reverie

Stillanlegt hjónarúm

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svfnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

12 mán.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Lagersala 11.-17. október.



Allt að 80% afsláttur

Börn



Svanur Primaloft® heilgalli
~~17.900 kr.~~ **8.950 kr.**



Esja úlpa
~~67.000 kr.~~ **33.500 kr.**



Arnarhóll jakki
~~29.000 kr.~~ **14.500 kr.**



Básar ullarbolur
~~13.500 kr.~~ **6.750 kr.**

Börn



Sif Primaloft® jakki
~~19.800 kr.~~ **9.900 kr.**



Rok jakki
~~30.000 kr.~~ **12.000 kr.**



Grandi ullarpeysa
~~22.500 kr.~~ **11.250 kr.**



Grímur ullarbolur
~~15.900 kr.~~ **9.540 kr.**

Börn



Loki peysa
~~7.500 kr.~~ **3.750 kr.**



Öxi jakki
~~28.000 kr.~~ **19.600 kr.**



Vindur peysa
~~9.500 kr.~~ **4.750 kr.**



Vík peysa
~~21.000 kr.~~ **12.600 kr.**

Börn



Durinn buxur
~~5.900 kr.~~ **3.540 kr.**



Vík peysa
~~14.000 kr.~~ **5.600 kr.**



Pórsmörk dúnúlpa
~~85.000 kr.~~ **59.500 kr.**



Gola derhúfa
~~2.900 kr.~~ **1.160 kr.**

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.

Útsölmarkaður Faxafeni 12 | 108 Reykjavík

Skipagata 9 | 600 Akureyri

Opnunartími: mán-fös: 9-21 | lau. 10-21 | sun. 12-21

Opnunartími: mán-fös: 9-18 | lau. 11-17 | sun. 12-17

Valdar vörur á afslætti í vefverslun okkar: 66north.is.



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Skulda Íslendingar Bretum afsökunarbeiðni?

Eftir að Hannes skilaði skýrslunni um erlend áhrif bankahrunsins hefur hann og fleiri sagt að Bretar skuldu Íslendingum afsökunarbeiðni vegna hryðjuverkalaganna þekktu, sem þeir beittu Íslendinga.

Margir, þar á meðal Gylfi Magnússon, fyrrverandi ráðherra, hafa hins vegar bent á að Bretar myndu aldrei gera það, þeir myndu ekki vita hvar þeir ættu að byrja. Syndir þeirra og stríð eru það mörg.

Spurningin er sú hvort Íslendingar skuldu Bretum einnig afsökunarbeiðni, fyrir mun alvarlegra mál. Það er innrásir, dráp og þrælahald á tímum víkinganna. Nýleg DNA-rannsókn, sem Sunna Ebeneseróttir hjá Háskóla Íslands gerði í samvinnu við Decode, sýndi fram á mikinn innflutning fólks frá Bretlandi og Írlandi, og sérstaklega kvenna.

Árið 2007 var greint frá því að Brian Mikkelsen, danski menningsmálaráðherra, hefði beðist afsökunar á framferði víkinga í opinberri heimsókn til Dublin. Hann þvertók síðan fyrir að hafa beðist afsökunar á því. „Við getum ekki beðist afsökunar á því sem gerðist fyrir þúsund árum. Þannig hegðaði fólk sér í gamla daga.“

Tómas eða Hörður til Icelandair

Enn hefur ekki verið tilkynnt um arftaka Björgólfs Jóhannssonar í forstjórstóli Icelandair. Tvö nöfn hafa heyrst æ oftar undanfarið.

Það eru Tómas Már Sigurðsson, framkvæmdastjóri álfra-leiðslusviðs Alcoa Corporation, og Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunnar. Sá síðarnefndi hefur staðið sig vel hjá ríkisfyrirtækinu en þar áður var hann forstjóri Marel um 10 ára skeið og forstjóri Sjóvár um hríð.



Þau ætla að kæfa Braggablúsinn

Leiðari

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
Ari Brynjólfsson
bjartmar@dv.is / ari@dv.is

Yfirvöld og starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa frá fyrsta degi reynt að koma í veg fyrir fréttaflutning af Braggablúsnum svokallaða í Nauthólsvík. Það hefur alltaf verið erfitt að fá upplýsingar um einstök atviki er varða kostnað og gríðarlega framúrkeyrslu á verkefnum. Í hvert sinn sem blaðamenn taka upp símann til að fá upplýsingar sem eiga skýrt erindi við almennings þá er reynt að fela upplýsingar og drepa þessu máli á dreif.

Skýrasta dæmið er þegar blaðamaður fór niður í Ráðhús til að ræða málið, strax á fyrstu sekúndu reyndi starfsmaður borgarinnar að hindra að blaðamaður kæmist að einhverju. Blaðamaður mátti alls ekki fá símanúmer hjá ákveðnum starfsmanni borgarinnar til að fá viðkomandi til að ræða málið, blaðamaðurinn dó ekki ráðalaus og fletti því einfaldlega upp á vef borgarinnar.

Um leið og búið var að nefna að innri endurskoðun ætti að rannsaka Braggablúsinn þá fóru blaðamenn að fá þau svör að það mætti alls ekki ræða mál sem væri til rannsóknar, skipti þá engu



að á þeim tímamarki var rannsókn ekki hafin og það var ekki einu sinni búið að taka formlega ákvörðun um að fela innri endurskoðun að gera slíka rannsókn.

Nú þegar rannsóknin er hafin þá er farin í gang herferð til að kæfa málið og koma því af forsiðum fjölmiðla. Línan sem borgarstarfsmenn eiga að segja er komin: „Ég get ekki rætt frekar um þetta mál því það má ekki spilla rannsóknarhagsmunum.“ Svipað er


uppi á teningnum hjá fyrirtækinum sem hafa fengið tugi milljóna frá borgarþúum vegna braggans, vísa Arkibúllan og Efla bara á borgina og neita að ræða málið á meðan það er í rannsókn.

Málið er í rannsókn, hjá innri endurskoðun og hjá fjölmiðlum. Með því að neita að ræða málið er Reykjavíkurborg og fyrirtækin sem hafa þegið tugi milljóna, yfir hundrað milljónir í einu tilviki, að hindra að þeir sem borga reikn-

ingana á endanum viti hvað var gert fyrir þeirra peninga og í þeirra nafni.

Það er margt sem við eigum eftir að fá upp á yfirborðið. Hvernig kom það til að Margrét Leifsdóttir hjá Arkibúllunni fékk umboð til að ráða verkataka í nafni starfsmanns borgarinnar? Hvers vegna gerði Efla verkfræðistofa þrjár kostnaðaráætlanir fyrir braggann? Hvers vegna vildi Efla yfirleitt gera þriðju kostnaðaráætlunina eftir að fyrstu tvær fóru í vaskinn? Hvað vissu embættismenn, borgarfulltrúar meirihlutans og minnihlutans um málið og hvenær? Hvað mun bragginn kosta þegar upp er staðið? Og ætlar borgin að halda áfram að greiða sömu aðilum fyrir að klára braggann og ráða aftur sömu aðila til að sinna öðrum verkefnum? Ber einhver pólitíska ábyrgð á Braggablúsnum? Þegar skoðaðar eru eldri skýrslur innri endurskoðunar er augljóst að þeirra rannsókn, eins mikilvæg og hún er, mun ekki svara öllum þeim spurningum sem þarf að svara.

Við munum aldrei komast að öllum sannleikanum í málinu, við getum ekki vitað hver er vinur hvers og hvað var sagt í símtölum einstakra aðila í málinu. Við getum ekki komist að því hvort það hafi verið samantekin ráð milli borgarinnar og verkataka að reyna að kæfa málið. Við vitum það hins vegar án þess að geta fengið það skjalfest að þau ætla að kæfa Braggablúsinn. Lesandi góður, við ætlum ekki að leyfa neinum að kæfa málið. Þetta mál mun ekki hverfa fyrr en öllum stórum spurningum hefur verið svarað. ■



„Við getum ekki framselt þennan, samkvæmt vegabréfinu er þetta Friðrik Dór!“
- „Ég er huge fan!“

Spurning vikunnar


Var Jesús Kristur til?



Hitarar



Viftur



Rakataeki



Lofthreinsitæki



Láttu þér líða vel - Gott úrval af vönduðum tækjum

Myndir/Hanna

Hörður Torfason

Stofnandinn Segir að Samtökunum '78 hafi verið rænt.

Leiddi byltinguna á Austurvelli og galt fyrir það í einkalífinu

■ Gefur út bók um mótmælin ■ Baráttumaður í meira en fjörutíu ár ■ Veist að heimili Harðar og persónu

Eftir að bankarnir hrundu haustið 2008 og hrikti í stoðum samfélagsins, steig einn maður fram og skipulagði mótmæli fyrir utan þinghúsið á Austurvelli. Sá maður var Hörður Torfason, söngvaskáld og þekktur baráttumaður fyrir réttindum samkynhneigðra. Í fimm mánuði stýrði hann fundum þar til stjórnin féll og boðað var til kosninga. Hörður hefur nú gefið út minningar sínar frá þessum tíma með það markmið að miðla af reynslu sinni til komandi kynslóða. Hörður ræddi við DV um þessa áttatíma.

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Við setjumst niður í baksal veitingastaðarins Hornsins við Hafnarstræti. Það liggur vel á Herði enda er bók hans, *Bylting: Sagan sem breytti Íslandi, nýkomin úr prenthúsinu*. Hann færir mér eintak og segir:

„Nú eru tíu ár frá þessum viðburði á Austurvelli og ég hef unnið að því að skrifa þessa bók allar götur síðan. Það þarf að greina fólki frá þessu, því þetta er saga okkar allra og það má ekki halda henni leyndri. Hún er andsvar við öllum þeim hvítþvotti og tilraunum valdhafa til að endurskrifa söguna.“

Hörður hefur alla tíð haldið dagbækur í tengslum við störf sín í leikhúsinu og víðar. Þetta gerði hann einnig á meðan hann stýrði fundum og mótmælum sem leiddu að lokum til þess að ríkisstjórn Íslands sprakk og boðað var til kosninga vorið 2009.

Hverju ertu að segja frá?

„Hvernig staðið var að fundunum og hvað gerðist. Stjórnsmálmennt hafa verið með skens, útúrslúninga og heimatilbúnar skýringar á því hvað gerðist og af hverju. Það þarf að svara þeim og leiðrétta.“

Bókin er skrifuð í dagbókarstíl og með innsögum frá fjölda fólks sem upplifði hrúnið og mótmælin frá mismunandi sjónarhornum. Listamenn, stjórnmálamenn, lögreglumenn, fræðimenn og fleiri. Einnig sjónarhornum erlends fólks á þessa tíma. Þá eru listaðir allir þeir viðburðir sem haldnir voru og þau bréf sem send voru til

ráðamanna. Hörður segir bókina í raun vera kennslubók um hvernig eigi að standa að mótmælum með friðsamlegri en jafnframt árangursríkri aðferð.

Sýnileiki til að takast á við fordóma

Hörður er aðgerðarlistamaður og pólitískt starf hefur fylgt hans sköpun um áratuga skeið. Bæði í tónlist og leiklist. Rót þessa má finna í hans eigin lífi og baráttu fyrir viðurkenningu sem samkynhneigður maður.

„Átján ára gamall gerði ég mér grein fyrir þessu og fór ekki í felur með þetta. Ég þverneitadi að láta berja mig niður þrátt fyrir þær árásir sem ég varð fyrir. Þegar ég gekk í gegnum leiklistarnám, þá var það mjög algengt að veist væri að mér og ég varð niðurbrotinn ungur maður. En ég hafði ekki skap í mér til að fara í felur. Ef ég mátti ekki vera sá sem ég er, hver

Hann steytti hnefann að mér og sagði mér að snáfa aftur í vélina þar sem ég ætti heima

átti ég þá að vera? Þegar maður mætir slíku fólki, sem reynir að niðurlægja annað fólk með hnefann á lofti, sér maður hversu mikil heimska og illska þetta er. Það var lengi þjóðarsport að taka fólk niður sem féll ekki inn í normið. Þetta skelfilega ástand var knúið áfram af mikilli vanþekkingu og alkóhólisma.“

Nánustu vinir Harðar vissu að hann væri samkynhneigður þegar

hann var að stíga sín fyrstu skref í tónlistinni. Hann var þedinn að ræða þetta ekki opinberlega til að skemma ekki fyrir plötusölu en hann vildi ekki fara í felur með það. Árið 1975 opnaði hann sig um samkyhnneigðina í viðtali og þá varð hann á einu augnabliki umtalaðasti og mest útskýfaði maður landsins.

„Af hverju á maður að lifa í fangelsi heimskunnar? Er ég ekki frjáls manneskja? Eftir að ég sagði frá þessu opinberlega varð allt vitlaust og það sagði sitt um ástandið í mannréttindamálum hér á landi. En réttur eins er réttur allra.“

Maður hefur þurft að vera hugrakkur til að gera þetta?

„Hugrekki byggir á hræðslu, hræðslu sem heldur manni vakandi. Ég menntaði mig í leikhúsi, varð listamaður. Ég var aðeins að sinna starfi mínu sem slíkur, takast á við tilveruna. Notaði sjálfan mig í stað þess að benda annað. Já, á nokkrum árum varð ég mjög var eftirsóttur og með fullt af verkefnum á þessum tíma. Var í kvikmyndum, að halda tónleika, gefa út plötur, í leikhúsi og sat fyrir sem módel. En ég varð að flýja land. Gróflega ofsóttur. Ég fékk ekki atvinnutilboð á Íslandi eftir þetta viðtal fyrr en 1998 og þá vegna þess að ég vakti athygli á þeirri staðreynd. Fordómur erfast og verða alltaf til í samfélaginu. Hluti af því að takast á við þetta opinberlega var að standa fyrir stofnun Samtakanna '78. Mín aðferð til að takast á við fordóma var að vera sýnilegur, ferðast um landið með sögur mína og söngva.“

Hörður segir að bókin sem hann skrifaði sé í raun kennslubók um hvernig eigi að fást við svona mál.

„Ef maður stendur upp og lætur engan bilbug á sér finna þá hefur maður sigur á endanum. Það tekur marga smá ósigrar til að vinna þá stærstu. Þetta er oft mjög ljáandi en þá er að taka sér frí og hvíla sig til að geta komið til starfa á nýjan leik. Þetta er „Mín“ aðferð sem virkar en hún er mjög krefjandi,“ segir Hörður. „Sem ungur maður gerði ég mistök á mistök ofan því að ég var í myrkri að þreifa mig áfram. En smám saman tókst mér að vinna upp ákveðinn kjarna og ákveðna reynslu í hvernig hægt er að takast á við slæma valdhafa. Við eigum öll þetta kerfi, það er ekki einkaeign lítills og gráðugs hagsmunahóps valdhafanna, og við eigum ekki að láta valta yfir okkur endalaust. Þetta sýndum við hópurinn á Austurvelli og víðar um landið. Við sögðum „Hingað og ekki lengra. Hér erum við, við höfum kröfur“ og það heppnaðist.“

Leikstjóri og sálusorgari

Hörður segir að þrotlaus barátta hans á árum áður hafi skilað sér í þessari baráttu því að fólk hafi vitað hver hann var og fyrir hvað hann stóð. Fyrsti fundurinn sem Hörður stóð fyrir var laugardaginn 11. október og voru þeir síðan haldnir daglega fyrstu vikuna en síðan á hverjum laugardegi eftir það.

Hvernig var mætingin í byrjun?
„Hún var róleg. Fólk var í áfalli og að reyna að átta sig á hlutunum. Eins og í öðrum áföllum voru viðbrögð fólks að reyna að vera sterkt og bjarga sér í gegnum þetta. Þegar fólk lendir til dæmis í bílslysi þá eru fyrstu viðbrögðin að reyna að koma sér út úr flakinu og standa í lappirnar. Það er ekki fyrr en seinna sem fólk áttar sig á hvað gerðist og þá vakna alls konar tilfinningar.“

Hörður kom ekki blautur á bak



Tónlistarmaður Miðasalan hrundi eftir mótmælin.

við eyrun til að skipuleggja fundina. Hann hafði tekið þátt í mörgum mótmælum, til dæmis vegna Kárahnjúkavirkjunar, og fylgst vel með hvernig þau fóru fram.

„Ég velti þessu talsvert fyrir mér. Af hverju lukkast sum mótmæli ekki? Verða aðeins hávaði, eru lamin niður og gleymast. Einnig notaði ég reynslu mína sem leikstjóri.“

Leistu á mótmælin sem leikstjórnarverkefni?

„Já, eðlilega, slíkt viðfangsefni er í sjálfru sér ekkert annað í framkvæmd. Það þarf að stjórna þeim og stjórna þeim vel, það er ekkert annað. Í leikhúsinu stýrir maður fjölda fólks með alls konar hlutverk. Ég hafði reynsluna til að leysa þetta verkefni.“

Hörður segir að hann hafi verið vakinn og sofinn yfir skipulagningu mótmællanna sem var samfelldur stígandi í. Hörður ávarpaði mótmælendur á flestum fundunum en auk þess tóku einstaklingar, þekktir og óþekktir, til máls. Mál þar nefna Einar Mátthildsson rithöfundur, Pétur Tyrtingsson sálfræðingur, Gerði Kristnýju rithöfundur og Dagnýju Dimmblá, átta ára skólastúlku sem hélt ávarp á fyrsta fundi ársins 2009.

Kom fólk til þín og sagði þér sögu sína?

„Já,“ segir Hörður alvörugelinn. „Stanslaust, stanslaust. Þetta var fólk sem hafði misst vinnuna, skuldaði mik og hafði alls konar hörmungarsögur að segja. Ég hafði ekki undan að hlusta á og tala við fólk. Það sendi líka fjölda bréfa til mín.“

Varstu eins konar sálusorgari?

„Að sjálföldu. Þú leggur ekki á örvæntingarfulla manneskju sem hringir í þig og vill tala, eða ég geri það að minnsta kosti ekki. Ég hlustaði, því ég hef verið í þessari stöðu. Ég talaði við fólk sem var á barmi þess að drepa sig.“

Greip inn í þegar upp úr sauð

Eftir að mótmælin á Austurvelli höfðu skilað því að ríkisstjórn Geirs H. Haarde féll og boðað var til kosninga tók við annar kafli í lífi Harðar. Hann ferðaðist um heiminn og talaði um aðgerðirnar á samkomum þar sem hans var óskað. Yfirleitt voru það borgarasamtök sem buðu honum. Í fimm ár starfaði hann við þetta en ákváð

svo að draga úr ræðuhöldunum. Hann segist þó ekki vera alveg hættur.

„Það er einstakt að svona verkefni heppnist með þessum árangri og það er mikill áhugi erlendis fyrir að rannsaka mótmælin.“

Hvað vildir þú að kæmi út úr mótmælunum?

„Það sem gerðist. Að ríkisstjórnin, stjórnir Seðlabankans og fjármálaeftirlitsins segðu af sér og boðað yrði til nýrra kosninga. Undir niðri var krafan um nýja stjórnarskrá en eðli málsins samkvæmt var ekki hægt að setja það sem lokapunkt. Hún hefur verið verkefni Íslendinga síðan 1904 og ekki enn orðið raunin. Þegar síðasta opinbera krafan, að Davíð viki úr Seðlabankanum, var að verða að veruleika átti ég fund með Jóhönnu Sigurðardóttur um að tryggja að það yrði unnið að nýrri stjórnarskrá. Jóhanna gerði það eins og ég segi frá í bókinni. Þjóðin tók sig svo saman og samdi nýja stjórnarskrá en þá var það stoppað með valdaráni. Þá ætluðu stjórnámalámmennirnir að fara að vilja skrifa hana. Sorri, þetta virkar ekki þannig. Fólkid í landinu á að skrifa hana og þeir að fara eftir henni.“

Hverjir fannst þér bera mesta ábyrgð á hrininu?

„Ég vinn ekki þannig heldur kalla ég kerfið sjálft til ábyrgðar. Stjórnámal- og fjármálaámmenn. Ég var ekki að beina spjótum mínum að ákveðnum einstaklingum og er ekki fylgjandi þeirri stefnu að taka fólk af lífi fyrir það að hafa gert mistök. Við erum samfélag og hverjum og einum á að vera kleift að hafa sitt að segja um hvernig því er stýrt. Upp úr 1990 hófst hér á landi atburðarás sem endaði í þessum tryllingslega dansi og við fórum fram af brúninni.“

Þú ert að meina þegar Davíð Oddsson varð forsætisráðherra?

„Já, já. Á þeim tímapunkti kom ný stefna inn í stjórnámalin, það er alveg á hreinu. Ruðningsáhrif hans höfðu áhrif á íslenskan sam-tíma. Við þurfum að takast á við þetta sem þjóð því annars verður aldrei sátt.“

Fannst þér þingheimur hlusta á ykkur í mótmælunum?

„Nei,“ segir Hörður ákveðinn. „Geir Haarde kallaði okkur skrífl. Ég man sérstaklega eftir því þegar upp úr sauð í lok janúar.“ Það var

vikan þar sem lögreglan beitti tárageis og kylfum gegn mótmælendum. „Sjónvarpið var yfirfullt af fréttum um grátandi eiginkonur lögreglumanna. Það var reynt að mála ákaflega ljóta mynd af mótmælendum en það var ekki komið til okkar og spurt af hverju við værum þarna. Ég talaði við Geir og varaði hann við þessu en hann áttu að sig of seint. Valdhafarnir á Alþingi voru inni í einhvers konar sápuvílu og vildu ekki hlusta.“

Fór ástandið úr böndunum?

„Það jaðraði við það í janúar en fór aldrei alveg úr böndunum því að við mótmælendur gripum inn í. Stjórnámalámmennirnir bentu á okkur og sögðu okkur ábyrg og þeir geta ekki neitað fyrir sína ábyrgð. Ástandið hafði skapast vegna gjörða þeirra. Þeir voru bara ekki vanir að fá svona kröftug viðbrögð. Þeir vissu að þetta gæti farið svona og þeir leyfðu þessu að gerast af því að þeir hlustuðu ekki á okkur,“ segir Hörður með áherslu.

Innan um mótmælendur var fólk sem ekki tilheyrði hópnun, fólk sem átti jafn vel eitthvað sökott við lögregluna. Framganga þeirra var nokkuð til tals meðan á hamanginum stóð.

„Það eru líka manneskjur,“ segir Hörður. „Allir tilheyrðu hópnun en voru með mismunandi áherslur og aðferðir. Ég talaði sérstaklega við ungt fólk sem setti upp grímur. Ég sagði að innan þeirra raða myndi koma upp hópur sem gerði ekkert annað en að eyðileggja fyrir þeim. Með því að fela andlitin væru þau að veikja málstaðinn. Erlendis, til dæmis í Grikklandi á þessum tíma, var það vel þekkt að lögreglumenn og hagsmunaaðilar settu upp sams konar grímur og fremdu skemmdarverk til að sverta mótmælin.“

Hvernig fannst þér lögreglan taka á mótmælunum?

„Lögreglan gat eiginlega ekki tekið öðruvísi á þessu en hún gerði því hún var svo fáliðuð. Ég átti fund með Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra og sá að þeir tóku stefnu um að vera ekki að berja mótmælin niður með ofbeldi. Sem var hárrétt því að mótmælin voru yfirlyst friðsamleg.“

Þeir þurftu nú stundum að bregðast á óeirðagallana?

„Já, já,“ segir Hörður og brosir. „Það verða alltaf einhverjir sprelli-

Ég set stórt spurningamerki við Samtök-in '78 í dag og spyr hvað er þetta félag í dag?

gosar inni á milli og hópurinn var stór og ólíkur. Það voru alltaf einhverjir sem áttu kannski auka egg til að kasta eða fernu af mjólk. Mannlífið er fjölbreytt og það vissum við, bæði ég og lögreglan. Það alvarlegasta sem gerðist, held ég, var að einn maður handleggsbrotnaði. Það var auðvitað slæmt en heilt yfir þá gekk þetta ótrúlega vel. Bæði ég og lögreglan náðum að halda góðri stjórn á þessu.“

Veist að heimili og persónu

Að vera foringi í svona stórum og heitum aðgerðum hafði vissulega áhrif á persónulegt líf og feril Harðar. Eftir að hafa misst alla útvarpsspilun, plötusölu og fleira eftir víðtalið fræga árið 1975 náði hann að vinna sig upp sem söngvaskáld og árið 2008 var hann vinsæll listamaður. Hann hélt vel sótta tónleika á hverju hausti og hafði gert um árabil. Árið 2008 seldust 1.100 miðar á hausttónleikana en ári seinna seldust innan við 200 miðar.

„Það kom bakslag og tónlistarferillinn tók slíka dýfu að ég hætti alfarið að koma fram. Árin eftir mótmælin fékk ég alvarlegar hótanir. Þetta fylgir því að ganga í broddi fylkingar fyrir öðruvísi hugsun. En ég undirstrika að ég starfa sem venjulegur borgari með stjórnarskrárvarinn rétt til þátttöku. Stundum hef ég þurft að flytja mig um set út af þessu.“

Var veist að heimili þínu?

„Já, húsið mitt og bíllinn minn hafa oft orðið fyrir árásum, aumingja bíllinn minn,“ segir Hörður og hlær. „Það var mjög oft hleypt úr dekkjunum, brotist inn í hann og hann laminn með hamri. Einnig veist gróflega að mér. Í eitt skiptið árið 2013 eða 2014 var ►

ég að fljúga til Íslands frá Suður-Ameríku, langt og strangt ferðalag. Ég setti sem skilyrði að ég flygi á fyrsta farrými en þegar ég millilenti í London kom að mér þekktur hægriöfgamaður, öskrandi og froðufellandi. Hann steytti hnefann að mér og sagði mér að snáfa aftur í vélina þar sem ég ætti heima. En ég stóð, brosti og æsti mig ekki upp. Rólegheit og yfirvegud viðbrögð eru það versta sem slíkir menn vita. Síðan settist ég niður og allir horfðu á og allt fraus. Hann fór í burtu en kom svo aftur ansi fylður og settist í sætið hinum megin við ganginn. Þá lagði hann yfir sig teppið og sneri baki í mig alla leiðina til Íslands og ég hugsaði að hann ætti eftir að finna til í bakinu eftir þriggja tíma ferð," segir Hörður kíminn.

Hörður man eftir öðru atviki þar sem fyrrverandi forseti Alþingis veittist að honum á myndlistarsýningu, í viðurvist fjölda fólks.

„Hann hrópaði að mér að ég hefði verið á Austurvelli í þeim eina tilgangi að græða peninga. Að ég hefði selt plötur út á þetta og notað mótmælin til að auglýsa tónleikana mína. Mér var sagt að hann hefði verið drukinn en það afsakar ekki neitt.“

Ekki nóg að taka á gerendum

Ísland hefur tekið miklum breytingum frá þessum ólगतímum fyrir sléttum áratug. Ríkisstjórnir hafa komið og farið, hrunmál hafa verið gerð upp fyrir dómstólum en stærsta breytingin er hinn ótrúlegi uppgangur í ferðamannaíðnaðinum. Talað er um góðæri en þó heyrast þær raddir sem segja að nýtt hrun gæti verið handan við hornið.

Hafa Íslendingar lært af hruninu?

„Ég fæ þessa spurningu oft þegar ég ferðast um heiminn. Það held ég að hljóti að vera og við eigum eftir að draga enn þá meiri lærdóm af því. Þetta tekur allt sinn tíma að byggjast upp. Árið 1975 kom ég út úr skápnunum þrítugur en ég hafði verið tíu ár að byggja mig upp í það. Ég stóð einn í þessum slag í byrjun og var útskúfaður í áratugi en mér tókst að virkja fleiri í baráttuna og síðan lærði samfélagið. Árið 2006 voru undirrituð lög um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar, kynþáttar og fleiri hluta. Það var árangur fjölda fólks. Það tók 32 ár að ná þessum réttindum fram. Nú eru komin tíu ár frá hruni og það sama mun gerast. Öll uppgjör taka tíma og eru erfið, og þau eiga að vera það. Ef þetta er létt og löðurmannlegt verk þá gleymum við

Ég talaði við fólk sem var á barmi þess að drepa sig

því strax. Við erum á góðri leið, segi ég, því fólk er aðhaldssamara, meðvitaðra og hætt að monta sig af veraldlegum gæðum. En stjórnmálastéttin þráast við og því heldur baráttan áfram. Venjulegt fólk vill ekki samfélag leyndarhyggju, fláræðis, þjófnáðar og þöggunar.“

Nú hafa 39 bankamenn hlotið dóma og Geir Haarde dóm í landsdómi. Hvernig finnst þér hafa verið tekið á gerendum?

„Það er ekki nóg að taka á gerendum heldur verður að taka á hugsunarhættinum. Við sjáum þetta núna með stjórnmálamenn og forstjóra. Hvernig þeir leyfa sér að hækka launin sín og gjáin milli þeirra og þjóðarinnar vex. Þetta er sjúklegt. Svo skilja þeir ekki að það sé ólga á vinnumarkaði. Þetta er einmitt hluti af uppgjörinu.“

Aðspurður um hrúnið segir Hörður að það sé nú þegar búið, en hann eigi á þó ekki von á öðrum hamförum, líkt og áttu sér stað haustið 2008, í bráð. Varhugavert sé þó að setja öll eggin í eina kórflu líkt og gert sé með ferðamannaíðnaðinn í dag.

Ef það verður annað hrun, verður þú aftur fyrsti maðurinn til að stíga fram á Austurvelli?

„Ég er ekki spámaður og þæli lítið í því. Með þessari bók er ég að gefa keflið áfram til yngri kynslóða og vonast til þess að það fólk læri af þessari reynslu minni. Þessi reynsla er dýrmæt, hún er ævistarf eins manns sem þurfti að ganga í gegnum gríðarlegan mótbyr en hafði sigur. Þetta fjallar um að vera manneskja í samfélagi. Þetta fjallar um okkur öll. Þetta er sagan okkar allra.“

Samtökunum '78 var rænt

Víkur nú samtalinu frá hruninu og mótmælunum og að stöðu samkynhneigðra á Íslandi í dag. Hörður var aðalstofnandi og drifgjöfður Samtakanna '78 og virkur í starfi þeirra til ársins 1993. Á þeim tíma voru samkynhneigðir að byrja að koma út úr skápnunum en mættu þó enn miklum fordómum. Síðan þá hefur ástandið breyst



Aldrei í felum Hörður varð umtalaðasti maður landsins á einu augnabliki árið 1975.

mjög mikið og samkynhneigð almennt viðurkenndari nema hjá þröngum hópi. Hörður hefur hins vegar áhyggjur af stöðu samtakanna sem hann stofnaði.

„Það hafa orðið miklar sviptingar og þetta eru ekki þau samtök sem ég stofnaði árið 1978. Við vorum félagsskapur og fjölskylda en seinna varð þarna yfirtaka og upprunalegu gildunum ýtt út. Í dag eru samtökin mér mjög framaní og það þarf að skoða alvarlega hvað er að gerast þarna því að þetta er rekið með opinberu fé.“

Fyrir tveimur árum spruttu upp miklar deilur í samtökunum í tengslum við aðild BDSM félags Íslands. Ekki væri hægt að líkja baráttu BDSM-fólks við baráttu samkynhneigðra. Vildu margir meina að um fjandsamlega yfirtöku væri að ræða og rifu með-

limaskírteini sín.

„Við vorum búin að byggja samtökin upp en síðan var þeim rænt af okkur. En hvert félag er í raun ekki annað en fólk sem þar situr og það fólk hefur oft valið sér misgóða stjórnendur sem hafa gert mistök. Ég set stórt spurningarmerki við Samtökin '78 í dag og spyr hvað er þetta félag í dag?“

Varðandi stöðu samkynhneigðra almennt segir Hörður Ísland á góðum stað og að kúvending hafi átt sér stað frá árinu 1975.

Verður hinn venjulegi samkynhneigði maður fyrir fordómum í dag?

„Nei, varla meira en hver annar. Allar manneskjur lenda í því að verða ekki rétt skildar á einhverjum tímapunkti en ég sé ekki að fólk verði fyrir sérstökum

fordómum í dag vegna samkynhneigðar. Frekar transfólk og slíkir hópar. Þar er enn verið að vikka út hugtökin og velta steinum í samfélaginu.“

Telur þú að ykkar barátta á síðustu öld hafi rutt veginn fyrir þessa hópa?


„Það gefur auga leið. Við vorum kallaðir alls konar ljótum orðum; kynvillingar, aftaníossar, bakarar og fleira. Ég byrjaði að kalla mig homma sem var þá talið ljótt orð, síðan varð orðið samkynhneigður til. Tungumálið bergmálar allt ástandið. Í staðinn fyrir örfá ljót orð eru komin ótal vel meinandi og rétt lýsandi orð og margir flokkar yfir afbrigði tilfinningalífsins. Þetta sýnir glöggt þá miklu breytingu sem hefur átt sér stað.“ ■

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantarir á varahlutum.

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús • sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010



SIÓVÁ



VÍS

vörður



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is



554 2510



„LÖGREGLAN ER ALVEG GETULAUÐ Í ÞESSU“

■ Þjófnaðaslóð á Ísafirði

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Heilmiklu var stolið af mér,“ segir Ásgeir Gunnarsson úr Keflavík verulega ósáttur um vinnubrögð þeirra

Halldórs Inga Ólafssonar og Lárusar Kristins Viggóssonar. Báðir tveir eru sakaðir um að hafa ítrekað stolið kerrum, vinnuvélum, fylgihlutum og verkfærum, svo nokkur dæmi séu nefnd, upp á fleiri milljónir króna. Þeir sem hafa gögn

fyrir hinum meinta þjófnaði vilja meina að margir hafi lent í þessu. DV fékk í hendurnar lista yfir ýmsa einstaklinga sem sagt er að hafi verið svindlað á. Einn þeirra vildi ekki tjá sig við fjölmiðla og ekki náðist í tvo aðra.

Þá komst DV í samband við iðnaðarmann sem vildi halda nafnleynd. Sá maður kærði Halldór fyrir þjófnað á kerru og beið eftir niðurstöðu í tæplega tvö ár en ekkert var gert. Heimildarmaðurinn segist hafa leitað að kerrunni og á endanum fundið hana á haug þegar hann sá að skráningarnúmerið stemmdi við hans kerru.

„Þessir menn eru undir einhverjum verndarvæng hjá lögreglunni. Ég borgaði hundrað þúsund krónur í lögfræðing fyrir ekki neitt þegar ég kærði Halldór. Hann vísaði málinu á bug og yfirvöld sögðu mér að það væri erfitt að fá leitarheimild til þess að kanna svæðið heima hjá honum,“ segir heimildarmaðurinn.

Þjófnaðarslóð á Ísafirði

Halldór Ingi er skráður til heimilis á Ási á Hvammstanga, en heimildarmaðurinn segir hann ekki búa þar. „Hann er til húsa á Skógarási og býr þar með einhverri konu. Hann hefur aldrei búið á Hvammstanga.“

Samkvæmt heimildum DV eru tveir bræður Halldórs starfandi lögregluþjónar, en Lárus starfandi sjálfur sem lögregluþjónn á Grundarfirði á árum áður. Í kjölfar starfsloka gerðist Lárus eigandi fyrirtækisins Vörslusvipting hf. en afskráði fyrirtækið árið 2007. Þá stofnaði hann fyrirtækið LMS sem varð síðar að fyrirtækinu Vörslusviptingar ehf. til ársins 2010. Þá stofnaði hann innheimtuþjónustuna T-9 ehf.

Heimildarmenn DV segja að Halldór hafi gert að vana að leigja út vinnuvélar sem voru stolnar, að fela tæki víða og selja þau erlendis. Árið 1995 stofnaði Halldór

Þetta var allt tekið og gert undir berum himni

fyrirtækið Flugkistur, sem varð síðar gjaldþrota árið 2005. Árið 2009 skráði hann fyrirtækið Vesturleiðir á sömu kennitölu, sem varð síðar að fyrirtækinu A&B ferðir árið 2011, sem sérhæfir sig jafnframt í leigu á vinnuvélum og tækjum.

Einnig stofnaði hann, árið 2011, Fjárfestingarfélagið Spotta, sem varð síðar að Iceland Sightseeing Tours. Í kringum 2014 stofnaði hann svo nýtt fyrirtæki undir nafninu Vesturleiðir og er það skráð á Akranesi. Halldór er líka sagður sjá um ferðaþjónustu og útkeyslu fyrir veitingastaði í Hafnarfirði og sé það allt saman greitt með svörtu samkvæmt heimildarmanni.

„Þetta er eitt stærsta þjófnaðarmál á tækjum og bílum sem ég hef vitað af. Halldór Ingi er búinn að vera að stela í áraradír í skjóli nætur og það er þjófnaðarslóð eftir hann á Ísafirði. Hann er að fela dót í gámum á Skógarási, allt saman þýfi,“ segir heimildarmaður DV.

Þýfið við Hvalfjarðargöngin

„Ég skil ekki hvernig hann kemst upp með þetta,“ segir Sigurður Pétursson úr Kópavoginum um Halldór. Sigurður tekur fram að lögreglan hafi ekkert gert í málinu. Hann hefur kært Halldór en segir lögregluna hafa stungið ▶

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR


HVER FYLGIST MEÐ ÞÉR?



EXPRESS, BRETLANDI
(UM GILDRUNA)

„Æsispennandi glæpasaga eftir Lilju
Sigurðardóttur sem kann þá list að
halda lesandanum föngrum.“

JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR



Lilja er tilnefnd til breska
Gullrýtingsins, virtustu
glæpasagnaverðlauna heims

Hörkuspennandi og hröð
saga úr samtímanum,
með pólitísku ívafi

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

kærinni undir stól því engin eftirfylgni eða þróun hafi verið í málinu.

Ásgeir segir sambærilegt tilfelli hafa komið upp hjá sér og telur lögregluna alveg getulausa þegar kemur að Halldóri og Lárusi. Heimildarmaður DV kærði Halldór einnig til lögreglu en hefur ekki fengið neina niðurstöðu úr því máli, en hann kærði Halldór fyrir tæplega tveimur árum.

„Ég á körfubíl hjá Halldóri sem ég fæ ekki til baka,“ segir Sigurður. „Ég veit nákvæmlega hvar þessi körfubíll er og ég hef margoft sagt lögreglunni frá því. Bíllinn er uppi á Kjalarnesi. Það er fullt af drasli þar og þar er bíllinn er falinn. Lögreglan tók meira að segja myndir af þessu dóti en það kom ekkert út úr því,“ segir Sigurður.

„Það liggur haugur af drasli fyrir utan Hvalfjarðargöngin og það halda flestir að það sé allt leifar frá því þegar göngin voru byggð. Það er alls ekki þannig,“ segir heimildarmaður DV og segir það ekki fara á milli mála að þarna liggja heilmikið af stolnum verkfærum og vélum.

„Maður getur rétt ímyndað sér upphæðirnar“

„Halldór fór öðruvísi að hjá mér,“ bætir Ásgeir við. „Hann bauðst til þess að hjálpa mér og ætlaði að geyma fyrir mig ýmis tæki og tól. Síðan frétti af hann dóti sem konan mín átti og það var allt saman tekið og mér skilst að búið sé að selja það. Þetta var allt tekið og gert undir berum himni.“

Heimildarmaður DV, sem sjálfur segist hafa lent í stuldi frá framán nefndum mönnum, heldur því fram að stór hluti af þeim vinnuvélum sem A+B viðgerðir hafa leigt út sé þýfi.

„Halldór selur skráningar og hefur montað sig að því úti um allt. Þetta er allt þýfi, sem er brotið niður og svo selur hann skráningarnar. Hann hefur gortað sig af því að hann ætti 260 skráningar á tækjum. Maður getur rétt ímyndað sér upphæðirnar,“ segir heimildarmaðurinn, en segir einnig nafn Guðbjarts Hólm hafa komið upp í þessu braski. Guðbjartur hefur, að

Þessir menn eru undir einhverjum verndarvæng hjá lögreglunni

sögn heimildarmannsins, stolið af honum vélum fyrir fleiri milljónir króna.

„Þetta er búið að eyðileggja allt mitt líf“

DV birti frétt í ágúst þar sem Guðbjartur ræddi um sveitabæ í eigu hans á Kjalarnesi sem var lagður í rúst. Húsið var á sölu og verðlagt á 120 milljónir króna þegar atvikið átti sér stað og nam tjónið um tólf til fimmtán milljónum með öllu innbúi að sögn Guðbjarts.

Að sögn Guðbjarts hefur eflaust tekið margar klukkustundir að valda tjóninu miðað við umfang þess. „Þetta voru eins og náttúruhamfarir. Hreinlega ógeðslegt,“ segir hann og útilokar ekki að skemmdarvargurinn hafi verið haldinn öfundsfýki, því allt hafi verið lagt í rúst, en engu stolið. „Þetta er búið að eyðileggja allt mitt líf,“ sagði Guðbjartur og taldi ekki ólíklegt að einhverjir nánir honum hefðu staðið að baki skemmdarverkunum. „Fólk getur verið vinir manns en síðan orðið hið andstyggilegasta þegar maður snýr við því bakinu.“

„Algjörlega óafsakanlegt“

Árið 2002 birti Morgunblaðið aðsendan pistil eftir Berglindi Þórunnardóttur þar sem greinarhöfundur talar um samskipti nákomnar manneskju við Lárus hjá Vörslusviptingu. Greinin ber heitið Ófagleg framkoma og segir þar að Lárus hafi hreytt í viðkomandi alls kyns athugasemdum og sýnt merki um hroka og yfirgang. „Það að maður eins og Lárus Viggósson sem talar fyrir hönd síns fyrirtækis skuli leyfa sér að tala þannig til fólks og



slík sem aðrir sem hafa verið átt í samskiptum við hann eiga mikla reynslu af. Þá segist Sigurður hafa sjálfur lent í yfirgangi frá sama manni. „Ég lenti í Lárusi árið 2007. Það var vesen sem kom upp í gegnum félagi minn og Lárus hótaði mér öllu illu,“ segir hann.

Í blogg færslu Þórdísar Bjarkar Sigþórsdóttur, sem hún birti árið 2011 á vefsíðu sinni, spyr hún: „Hver hefur eftirlit með Lárusi Viggóssyni vörslusviptingarhandrúkkara sem þjónustar fjármögnunarfyrirtækin, er það Fjármálaeftirlitið? Hvaða starfsleyfi hefur Lárus eða Lalli handrúkkari eins og hann er kallaður?“

Á því sama ári kom upp tilfelli þar sem Lýsing, fyrirtæki sem Lárus starfaði hjá, framkvæmdi vörslusviptingu á bíl fyrir mistök. Guðjón Guðjónsson sagði í samtali við Morgunblaðið að bíll eigin konu sinnar hefði verið tekinn einn morguninn, þrátt fyrir að allt hafi verið gert upp og engin skuld hvíldi á honum. Sagði þá Guðjón að Lýsing hafi ekkert gert til þess að bæta hjónunum upp vandræðin, þó að bílnum hafi verið skilað stuttu eftir kvartanir hjónanna.

„Það er margbúið að segja að þessar vörslusviptingar séu ólöglegar,“ segir Guðjón og bætir við að það hafi kostað talsvert vesen þann morgun að ræða við Lýsingu og hann komið seint til vinnu þann dag.

slík sem aðrir sem hafa verið átt í samskiptum við hann eiga mikla reynslu af. Þá segist Sigurður hafa sjálfur lent í yfirgangi frá sama manni. „Ég lenti í Lárusi árið 2007. Það var vesen sem kom upp í gegnum félagi minn og Lárus hótaði mér öllu illu,“ segir hann.

Í blogg færslu Þórdísar Bjarkar Sigþórsdóttur, sem hún birti árið 2011 á vefsíðu sinni, spyr hún: „Hver hefur eftirlit með Lárusi Viggóssyni vörslusviptingarhandrúkkara sem þjónustar fjármögnunarfyrirtækin, er það Fjármálaeftirlitið? Hvaða starfsleyfi hefur Lárus eða Lalli handrúkkari eins og hann er kallaður?“

Á því sama ári kom upp tilfelli þar sem Lýsing, fyrirtæki sem Lárus starfaði hjá, framkvæmdi vörslusviptingu á bíl fyrir mistök. Guðjón Guðjónsson sagði í samtali við Morgunblaðið að bíll eigin konu sinnar hefði verið tekinn einn morguninn, þrátt fyrir að allt hafi verið gert upp og engin skuld hvíldi á honum. Sagði þá Guðjón að Lýsing hafi ekkert gert til þess að bæta hjónunum upp vandræðin, þó að bílnum hafi verið skilað stuttu eftir kvartanir hjónanna.

„Það er margbúið að segja að þessar vörslusviptingar séu ólöglegar,“ segir Guðjón og bætir við að það hafi kostað talsvert vesen þann morgun að ræða við Lýsingu og hann komið seint til vinnu þann dag.

Líta ekki á kærur

Á sama ári birti Örn Gunnlaugsson blogg færslu þar sem Lárus er í brennidepli. Þar er honum lýst sem „handrúkkara hjá Vörslusviptingu“.

Í færslunni segir: „Ekki veit ég betur en að Lalli handrúkkari hjá Vörslusviptingu ehf. hafi í lok 2009 í umboði Lýsingar hf. vörslusvipt fyrirtæki í Hafnarfirði vél með gertæki – án dómsúrskurðar og einnig án þess að eiga tilkall til

þeirrar vélar. Lýsing hf. hafði reyndar aldrei komið nálægt fjármögnun þeirrar vélar eða haft nokkuð með hana að gera yfirleitt. Það voru sem sagt ekki mistök – þá hlýtur sá glæpur að hafa verið framinn vísitandi. Forsvarsmáður fyrirtækisins sem var vörslusvipt kærði umrætt gertæki til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra en ekki bólar enn á neinum viðbrögðum þar á bæ, einna helst að aðeins hafi í hrotunum í því Þyrnirósarlandi. Ef starfsmenn og stjórnendur fjármálaframtækja fremja glæpi þá virðist það reglan að láta slíkt afskiptalaust. Það sama á ekki við þegar smákrimmarnir eiga í hlut. Yfirlýsingum Lýsingar hf. ætti fólk að taka með miklum fyrirvara.“

Í nafnlausri athugasemd við færslunni er spurt af hverju ekki sé búið að „stinga þessu glæpahyski hjá Lýsingu í grjótið.“ Segir þar einnig að Hæstiréttur sé búinn að staðfesta að þarna sé búið að brjóta lög í áraradír án þess að nokkuð sé gert og þarna fari skipulögð glæpastarfsemi fram. „Samt gengur þessi óþjóðalýður laus og heldur áfram að niðast á almennungi. Þyrnirósirnar hjá efnahagsbrotadeild líta ekki á kærur sem lagðar hafa verið fram gegn þessum pöddum.“

Samkvæmt heimildum DV þá sá Vörslusvipting ehf. meðal annars um vörslusviptingar fyrir Glitni á árunum í kringum aldamótin. Á árinu 2003 eða 2004 kom í ljós að eyðublöð Glitnis voru ekki með ákvæði um beina uppboðsheimild og því er líklegt að einhverjar af þeim bifreiðum sem vörslusviptar voru og seldar á uppboðum hafi verið vörslusviptar á ólöglegan hátt. Stefna hefði þurft einstaklingum fyrir héraðsdóm til að fá áritaða stefnu sem síðan væri grundvöllur uppboðsheimildar og vörslusviptingar í kjölfarið.

Ekki náðist í Halldór, Lárus eða Guðbjart við vinnslu fréttarinnar. ■

RÁIN
FERSK OG FALLEG
ÞJÓNUSTAR
ÞIG Í MAT OG
DRYKK



Hafnargata 19a
Keflavík
S. 421 4601

Jólagjafir og gjafabréf

12. október 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sværissón / agustb@dv.is



OSTABÚÐIN:

Sælkerahæimur í jólagjöf

Gjafakörfur Ostabúðarinnar eru mjög mismunandi, af öllum stærðum og gerðum og innihalda þær ýmislegt góðgæti. Grunnurinn í öllum okkar körfum er ostur, kex, súkkulaði og sultur en í stærri körfurnar fara líka sérvaldar vörur, eins og franskir gæðaólífuoilur, grafið og reykt kjöt og margt fleira sem gleður sanna sælkera," segir Thelma Kristín hjá Ostabúðinni, Skólavörðustíg 8.

„Við erum að flytja inn gæðakonfekt og kex frá Belgísku merkinu Noble og vörur frá franska merkinu Olivers & Co., en frá þeim bjóðum við upp á breitt vöruúrval og má þar helst nefna hinar ýmsu ólífuoilur, balsamik, ólífukex, chutney, sultur, pestó og trufflur," segir Thelma.

Sem fyrr segir eru gjafakörfurnar af öllum stærðum og gerðum. Þær henta í gjafir handa vinum og ættingjum en líka er algengt að fyrirtæki gefi starfsfólki sínu eða öðrum fyrirtækjum slíkar körfur í jólagjöf.

„Hægt er að senda okkur tölvupóst á ostabudin@ostabudin.is og fá tillögu að

ljúffengri gjöf fyrir sælkerann. Svo geta allir komið með sínar hugmyndir og óskir að samsetningu til að gera gjöfina enn persónulegri. Einnig er hægt að panta í síma 562-2772."



Rómaður veitingastaður

Ostabúðin rekur einnig notalegan veitingastað sem er opinn í hádeginu og fram á kvöld. Staðurinn býður upp á fagmannlega þjónustu, einstakan og fjölbreyttan



gæðamat sem er að mestu unninn úr íslensku hráefni og eðalvín á sanngjörnu verði.

Í hádeginu er boðið upp á fisk dagsins, súpur, bruschettu og salöt. Á kvöldin er síðan flottur matseðill sem samanstendur af ljúffengum forréttum, aðalréttum og eftirréttum og að sjálfsögðu

er líka vegan-kostur fyrir þá sem það kjósa á matseðlinum.

Gjafabréf er góður kostur

Gjafabréfin eru ekki síður vinsæll kostur en gjafakörfur hjá viðskiptavinum Ostabúðarinnar enda fela þau í sér mikinn sveigjanleika og má nýta sér þau í gjafakörfur, sælkeravörurnar í hillunum, á

veitingastaðinn eða í veisluþjónustu Ostabúðarinnar.

„Gjafabréf á veitingastaðinn getur verið fyrir þriggja rétta kvöldverð ásamt léttvinsflösku fyrir tvo eða ákveðna upphæð sem gildir fyrir allt sem við bjóðum upp á hér," segir Thelma.

Sjá nánar á ostabudin.is og í síma 562-2772.



Gjafabréf í vellíðan og dekur er jólagjöf sem gleður

Pað verður sífellt vinsælla að gefa upplifun og vellíðan í jólagjöf og þar koma gjafabréfin sterk inn. Gjafabréf í Abaco Heilsulind á Akureyri er jólagjöf sem gleður marga. Vinsælust eru gjafabréf í nudd, fót-snyrtingu, andlitsmeðferðir og baðstofudekur. Dekurdagar eru líka vinsælir en þar er búið að setja saman vinsælustu meðferðirnar á staðnum og er þá gefinn afsláttur eftir því hvað keypt er fyrir háa upphæð, 5–15% afsláttur. Einnig er vinsælt að kaupa fyrir ákveðna upphæð og viðkomandi getur ráðið hvað hann gerir. Þess má geta að hægt er að nota gjafabréfin í annað en það sem á þeim stendur ef eigandi bréfsins óskar þess.

Gjafabréfin eru til sölu á staðnum, að Hrisalundi 1, en einnig er hægt að hringja í síma 462-3200 eða senda fyrirspurn á netfangið abaco@abaco.is.

Húðslípun er afar öflug og örugg húðmeðferð sem Abaco Heilsulind á Akureyri býður upp á. Meðferðin er framkvæmd með Silk Peel húðslípunartækni. Þetta er heildræn húðmeðferð þar sem ysta lag húðarinnar er fjarlæggt með notkun örsmárra kristalla og demanta. Árangurinn er sléttari, mýkri og þéttari húð, auk þess sem áferð húðarinnar verður fallegri. Húðslípun er meðferð sem hentar fólki á öllum aldri og er örugg fyrir allar húðgerðir. Strax eftir fyrstu meðferð fær húðin ferskan blæ, verður þéttari, mýkri, hreinni og unglegrí.

Þessi einstaka húðmeðferð lætur húðina líta betur út og endurheimta ljóma sinn. Dáur húðfrumur eru fjarlægðar, blóðflæði örvað og vöxtur nýrra fruma og bandvefur örvast. Meðferðin bætur áferð og vinnur gegn öldrun húðarinnar. Eldri húð sem farin er að þynnast styrkist og þéttist. Meðferðin veitir örugga hreinsun á yfirborði húðarinnar, dregur úr húðstíflum og opnar húðholur dragast saman. Sjáanlegur munur á húðinni er eftir hvert skipti og verða stöðugar framfarir á ástandi hennar.

Húðslípun vinnur meðal annars á eftirtöldum vandamálum:

Ótímabær öldrun
Fínar línur og hrukkur
Ör eftir skurði og bólur
Hörundslýti og húðþykkildi
Unglingabólur og óhrein húð
Exemhúð

Húðslit

Mælt er með að farið sé í þrjár meðferðir með u.þ.b. tveggja vikna millibili til að ná sem bestum árangri. Fjöldi meðferða fer þó alltaf eftir því hvaða vandamáli er verið að vinna á. Eitt skipti frískar verulega upp á húðina og gefur ljóma og gott útlit. Fyrir óhreina og bólótta húð er mælt með að lágmarki 6 meðferðum með tveggja til þriggja vikna millibili til að ná sem bestum árangri. Sama á við um meðferð við húðsliti.

Eftirmeðferð

Bera skal rakakrem á meðferðarsvæði og nota rakamaska fyrstu dagana eftir meðferð. Forðast ber sól og ljósabekki í a.m.k. þrjá sólarhringa eftir meðferð. Forðast jafnframt sund og heita potta í a.m.k. þrjá sólarhringa. Sleppa skal líkamsrækt sama dag og meðferð á sér stað. Notaðu SPF 30 sólarvörn eða sterkari í viku eftir meðferð.

Um Abaco Heilsulind

Abaco Heilsulind er til húsa að Hrisalundi 1 á Akureyri. Þetta er ein best búna heilsulind landsins, einstakur staður til að slaka á, endurnærast og njóta lífsins. Abaco býður viðskiptavinum sínum upp á herðanudd og kaldsteinanudd ofan í heitum potti. Steinanuddið er einstakt og mjög sérstök upplifun: Herðar, háls, bringa og andlit eru nudduð með köldum steinum, sem vekur mikla vellíðan. Þetta hentar fyrir þör og hópa. Einnig er boðið upp á andlitsmaska í pottinum.

Viðskiptavinir Abaco eru hvattir til að nýta sér aðgang að baðstofunni þegar komið er í nudd eða snyrtimeðferð, en aðgangur er innifalinn í öllum meðferðum.

Vinveitingaleyfi er á staðnum og gestir geta hresst sig á víni, bjór eða gosdrykkjum.

Í Abaco Heilsulind er boðið upp á allar helstu snyrtimeðferðir, eins og litun og pökkun, hand- og fót-snyrtingu, vaxmeðferðir, Guinot andlitsmeðferðir og demantshúðslípun. Abaco Heilsulind er eina stofan á Akureyri sem býður upp á St.Tropez brúnkumeðferðir. Auk þess eru í boði lasermeðferðir til háreyðingar og til að vinna á hárfæðsliti. Enn fremur er til staðar frystipenni sem virkar á húðflípa og vörtur.

DÖMULEGT TILBOÐ í Abaco heilsulind

LASERLYFTING 35.000 kr. (Fullt verð 49.000,-)
- náttúruleg andlitslyfting án skurðaðgerðar

Með aldrinum fer húðin að slappast og línur taka að myndast. Teygjanleiki húðar minnkar og það hægist á endurnýjun húðfruma. Lasergeislar auka kollagenmagn húðarinnar sem veldur því að yfirborð hennar verður stinnara, þéttara og sléttara. Blóðstreymi í húðinni eykst, frumuskipti aukast og verða hraðari sem gefur fallegri og mýkri húð.



DEMANTSHÚÐSLÍPUN 9.990 kr.

(Fullt verð 15.400,-)
Ysta lag húðarinnar er fjarlæggt með notkun örsmárra kristalla og demanta.

Áferð húðarinnar verður þéttari, mýkri og sléttari. Hentar öllum húðgerðum.

HÚÐSLÍPUN VINNUR Á:

- Fínur línur og hrukkur
- Ótímabærri öldrun húðarinnar
- Örum eftir bólur og skurði
- Exemhúð
- Hörundslýtum
- Húðþykkildum
- Unglingabólum
- Óhreinni húð

BLEIK KAKA,
KAFFI OG KONFEKT

STÓRGLÆSILEGT
HAPPRÆTTI FYRIR
ALLA VIÐSKIPTAVINI
ABACO

Dömulegr
dekurdagur



Hrisalundur 1 · 600 Akureyri · 462 3200 · www.abaco.is

Dömulegt tilboð: Laserlyfting

Abaco býður upp á laser-lyftingu sem er náttúruleg andlitslyfting án skurðaðgerðar. Meðferðin veldur því að yfirborð húðarinnar verður stinnara, þéttara og sléttara. Blóðstreymi í húðinni eykst, frumuskipti aukast og verða hraðari sem gefur fallegri og mýkri húð. Sjá nánar upplýsingar á meðfylgjandi mynd.

Boðið er upp á flestar tegundir af nuddi, eins og slökunarnudd, heilsunudd, íþróttanudd, ilmólíunudd og heit- og kaldsteinanudd. Einnig er í boði meðgöngunudd en á stofunni er sérstakur meðgöngubekkur.

Paranudd: Tilvalin jólagjöf fyrir hjón eða þör

Abaco býður núna upp á nudd fyrir hjón og þör. Tekið er á móti þörum í nudd í sama herbergi. Þetta er tilvalin hugmynd að gjafabréfi handa hjónum eða pari sem þér þykir vænt um.

Í Abaco starfa hjúkrunarfræðingur, snyrtifræðingur og nuddarar.

Þá má geta þess að á staðnum er til sölu úrval húðsnyrtivara, meðal annars frá Guinot, Sothys, Alessandros, St. Tropez og margt fleira.

Símanúmer hjá Abaco Heilsulind er 462-3200 og netfangið er abaco@abaco.is. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni abaco.is.



MYNDUN
Merkingar og skiltagerð

MYNDUN Á SAUÐÁRKRÓKI:

Ástsælar strigamyndir og prentun á blindralettri

Myndun er lítið þjónustufyrirtæki á Sauðárkróki sem bæði þjónustar fyrirtæki og selur einstaklingum vinsælar vörur. Myndun er framarlega í skiltagerð, merkingum á fyrirtækisbilum og ýmsu fleiru því skylt. Undanfarin ár hafa strigamyndir frá Myndun slegið í gegn en nú er orðið vinsælt að stækka fjölskyldumyndir og strekkja þær á striga.

„Við bjóðum upp á þá nýjung að prenta blindralettur og erum kominn með prentara af fremstu gerð í slík verkefni. Þetta er þjónusta sem mjög fá fyrirtæki bjóða upp á. Sami prentari getur líka prentað á alls konar auglýsingavarning, penna, brúsa og margt fleira,“ segir Þröstur Magnússon, eigandi Myndunar.

Um strigamyndirnar vinsælu segir Þröstur: „Aðallega eru það einstaklingar sem kaupa þessar strigamyndir í jólagjöf og tækifærisgjafir, gjarnan myndir af fjölskyldu og þess háttar. Fólk sendir okkur ljósmyndir og við stækum, prentum, lökkum og strekkjum á blindramma úr timbri. Þetta kemur mjög skemmtilega út og það verður dálitill grófleiki í þessu sem er heillandi. Algeng stærð á þessum myndum er 40×60 en þær eru niður í 20×20 og alveg upp í 1,45×2,00 metra fleka.“

Strigamyndirnar eru ekki dýr jólagjöf en mynd í meðalstærð kostar um 12.000 krónur. En nú um þessar mundir er einmitt 20% afsláttur af strigamyndum til 15. desember.

Myndun leggur áherslu á að veita öllu landinu svona þjónustu og eru myndirnar sendar hvert á land sem



er og sendingarkostnaður er innifalinn í öllum pöntunum yfir 10.000 kr. „Við reynum að nýta okkur markaðinn um allt land og það skiptir engu máli þó að við séum staðsettir á Sauðárkróki,“ segir Þröstur.

Gjafabréf og strigamyndir er hægt að panta með því að senda tölvupóst á myndun@myndun.is, hringja í síma 867-5007 eða hafa samband á Facebook-síðunni <https://www.facebook.com/myndun/>. Að sögn Þrastar nota viðskiptavinir Myndunar mjög gjarnan Facebook-síðu fyrirtækisins enda svarar hann þar öllum fyrirspurnum greitt og vel.



Hágæðanudd og ógleymanleg gæsapartí



Allir nuddararnir sem hér starfa eru löggiltir og mjög hæfir. Nudd er gott fyrir alls konar fólk, bæði þá sem þjást af verkjum og bólgum en líka þá sem eru frískir en þurfa á góðri slökun að halda. Hingæð kemur fólk á öllum aldri, til dæmis skrifstofufólk en líka gjarnan námsmenn, sem eru oft með aumar axlir og bak rétt eftir prófatarnir," segir Josy Zareen, sem rekur nuddstofuna Costa Verde að Ármúla 40.

„Endurtekið nudd getur haft sambærileg áhrif og sjúkraþjálfun," segir Josy en á stofunni hennar er boðið upp á margs konar nuddmeðferðir, til dæmis slökunarnudd, heitsteinanudd, shiatsu-nudd, STM-nudd og svæðanudd.

Gjafabréf í nudd er frábær jólagjöf en gjafabréfin má nálgast á vefsíðunni costaverde.is og fá nánari upplýsingar um nuddmeðferðirnar þar.

Josy er frá Brasilíu en hefur búið


á Íslandi það sem af er þessari öld. Hún hefur lengi kennt Íslendingum magadans sem hefur orðið sífellt vinsælli en að Ármúla 40 er einnig rekið magadansstúdíó.

Gæsapartí og steggjapartí

Í Costa Verde er líka boðið upp á gæsapartí og steggjapartí og hafa þau notið sívaxandi vinsælda. „Hér starfar hópur af mjög flinkum dönsurum og það eru nokkrar tegundir af dönsuðum í boði fyrir hópinn. Partíið er oftast haldið í danssalnum hérna og oft koma gestirnir með drykki með sér. Stundum fer hin væntanlega brúður eða brúðgumi í nudd á eftir," segir Josy.

Meðal danstegunda sem eru í boði eru magadans, Bollywood, Samba, Burlesque, Salsa, Polefitness og fleiri.

Nánari upplýsingar um gæsa- og steggjapartíin og pantanir eru á vefsíðunni gaesaparty.is.



Dr. med. Christine
SCHRAMMEK

GREEN PEEL®



TIL HAMINGJU !
GREEN PEEL®
fagnar 60 ára afmæli



GREEN PEEL® – The Original Herbal Peeling

Þrjár mismunandi tegundir meðferða, GREEN PEEL® Herbal Peeling Classic, GREEN PEEL® Energy og GREEN PEEL® Fresh Up. Upprunalegu jurtablönduna má laga að húðgerð hvers og eins, ástandi og persónulegu meðferðarmarkmiði. Hvort sem það er að fríska létt upp á húðina eða vinna á örum eða öldrun húðarinnar.

Í yfir 60 ár hafa húðsjúkdómalæknar þróað GREEN PEEL®. Mikill árangur hefur náðst af Herbal Peeling um heim allan. Tug þúsundir manna hafa fengið lausn á húðvandamálum sínum með glæsilegum árangri.

Auk GREEN PEEL® meðferða er húðlína frá Dr. Christine Schrammek sem hefur læknisfræðilegan innblástur auk þess að sameina nýjustu virku efnin sem eru í hæsta gæðaflokki.

Markmið húðlínunnar er að bjóða upp á lausnir fyrir öll húðvandamál. Margar af vörum Dr. Med. Christine Schrammek derma.cosmetics hafa unnið til fjölda verðlauna og má þar nefna vörur eins og Blemish Balm Original BB kremið, Resvera Cell Concentrate, Herbal Care Lotion og fleiri.

Viðurkenndir meðferðaraðilar og útsölastaðir á Íslandi.

Verði þinn vilji. Borgartún 3. Reykjavík. Sími: 517 9291
Pandora snyrti- og fótaðgerðastofa. Þangbakka 8-10. Reykjavík. Sími: 555 1006
Carisma snyrtistofa. Hafnargötu 57. Reykjanesbæ. Sími: 421 7772
Heilsa og útlit. Hlíðasmára 17. Kópavogur. Sími: 562 6969.
Snyrtistofan Tulip. Hæðasmára 6. 201 Kópavogur. Sími: 566 6100.
Hjá Jóhönnu Svövu. Stapavegi 7. Vestmannaeyjum.

The power of natural beauty.

Fyrir meðferð



Óhreinindi í húð

Eftir fyrstu meðferð



Töluverð bæting á útliti

Fyrir meðferð



Ótímabær öldrun í húð

Eftir fjórðu meðferð



Töluverð minnkun á hrukum



Nánari upplýsingar má finna á <https://shopschrammek.is/>



Á Dalvegi 10–14, þar sem stórverslunin Kostur var áður til húsa, er nú risinn stærsti innandyra trampólín- og afþreyingargarður á Íslandi – Rush Iceland. Garðurinn er undir merki viðþekkrar erlendrar keðju, Rush Parks, og er fjórtándi garðurinn sem fyrirtækið opnar.

Rush Iceland er á yfir 2.000 fermetra svæði og þar af ef leikjasvæðið 1.800 fermetrar. „Við erum með trampólín af öllum stærðum og gerðum, hallandi upp veggina og bogadregin, þannig að þú hoppar dálítið á móti. Síðan erum við með skotboltavelli þar sem fólk getur spilað skotbolta um leið og það hoppar,” segir Torfi Jóhannsson, rekstrarstjóri Rush Iceland, en samtals eru 53 trampólín á staðnum auk ýmissa annarra tækja. Þarna er til dæmis karfa sem hægt er að troða bolta í um leið og maður hoppar á trampólíni.

„Leiktækin henta bæði fyrir börn og fullorðna, oft eru foreldrar að hoppa með börnunum sínum auk sem hingað koma bæði starfsmanna- og vinahópar koma saman og hoppa af lyst,” segir Torfi. Veitingastaður er í Rush Iceland sem sér um að útvega allar veitingar í afmælisveislur eða aðrar samkomur sem eru haldnar á staðnum.

Örugg tæki

„Við vinnum eftir einum virkasta, alþjóðlega öryggisstaðlinum í Evrópu í dag, PAS 5000, en það er öryggis- og rekstrarstaðall fyrir trampólíngarða og eru undanfarar að ISO stöðlum. Þetta er breskur staðall í grunninn, gefinn út af breska staðlaráðinu, og fulltrúar frá þeim komu hingað, tóku garðinn út og vottuðu hann,” segir Torfi en ljóst er að starfsmenn Rush leggja mikla áherslu á að hafa tækin sem öruggust.

Þess má geta að móðurfyrirtækið er jafnframt framleiðandi að tækjunum og framleiddi tæki í alls 90 garða á síðasta ári.

Gjafabréf

Það er orðið sífellt vinsælla að gefa upplifun í jóla- eða afmælisgjöf og ferð í Rush Iceland er frábær



upplifunargjöf fyrir marga. Hægt er að panta gjafabréf með því að senda tölvupóst á netfangið info@rushiceland.is eða hringja í síma 519-3230. Frjáls upphæð er á gjafabréfunum, allt eftir því hvað gefandinn kys að gefa, en klukkustundar heimsókn í garðinn kostar aðeins 2.200 krónur.

Garðurinn er opin frá kl. 15 til 21 alla daga og eru alls um 50 starfsmenn þar í hlutastörfum. Vegna vinnutímans henta störf í garðinum vel fyrir skólafólk.

Sjá nánar á vefsíðunni rushiceland.is



HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR:

Skemmtileg og öðruvísi gjöf sem heldur áfram að gefa

Á gjafabréfasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar, gjofsemgefur.is, finnur þú frumlega og skemmtilega gjöf fyrir vini og ættingja og um leið styrkir þú – og sá sem gjafabréfið fær – fjölskyldu sem býr við erfiðar aðstæður hvort sem er hér heima á Íslandi eða á verkefnasvæðum Hjálparstarfs kirkjunnar erlendis.

Þegar þú kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is byrjar þú á því að velja gjöf og skrifar svo kveðju á gjafabréfið til viðtakanda þess. Í næsta skrefi getur þú valið að fá gjafabréfið sent til þín með tölvupósti til að prenta út heima. En þú getur líka valið að fá það prentað á silkipappír á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar á Háaleitisbraut 66 í Reykjavík og að það verði sent beint til viðtakanda.

Unnið með fólki

„Hjálparstarf kirkjunnar hjálpar þar sem þörfin er mest og alltaf í samstarfi við fólkið sem aðstoðina fær og staðbundin hjálparstærð á svæðunum þar sem við vinnum. Það fólk þekkir best vandann sem glímt er við og leiðir til að leysa hann. Okkar hugmyndum og lausnum er ekki þröngvað upp á fólk og þess vegna eru allar gjafirnar á gjofsemgefur.is eitthvað sem ör-

ugglega vantar og örugglega kemur að gagni,” segir Kristín Ólafsdóttir, fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar.

Hvert fer andvirði gjafabréfsins?

„Þegar fólk kaupir gjafabréf á gjofsemgefur.is ákveður það í hvað peningarnir fara en til þess að áhugi okkar verði ekki þörfinni yfirsterkari höfum við sett gjafirnar saman í flokka. Þannig er hægt að hafa nauðsynlegan sveigjanleika í stuðningi okkar við þá sem þurfa á hjálp okkar að halda,” segir Kristín.

„Ef þú kaupir gjafabréfið Geit handa vini eða ættingja geturðu verið viss um að andvirði þess fer beint í húsdýra- og jarðræktarverkefni okkar. Þegar allir sem eiga að fá geit, samkvæmt áætlun verkefnisins, hafa fengið hana fer peningurinn næst í að kaupa verkfæri og fræ og svo framvegis. Eins ef þú kaupir Vatn fyrir 20 manns þá veistu að fyrir þína peninga verður fólk útvegað hreint vatn eða annað það sem stuðlar að betri heilsu þess. Við gröfum brunna og vatnsþrær og setjum upp vatnstanka. En þegar því er lokið samkvæmt áætlun hvers árs, fara peningarnir í fræðslu um mikilvægi hreinlætis og hvernig hægt er að koma í veg fyrir smitsjúkdóma.“



www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf
kirkjunnar

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf
kirkjunnar

Kveðjurnar sem fólk skrifar á gjafabréfin eru margskonar. Þær eru hlýlegar, fyndnar, einlægar og jafnvel í visuformi, allt eftir tilefninu, fólkinu sem gefur og fólkinu sem fær gjafabréfin. Nýleg kveðja hljóðar svona: Kæra afmælisbarn! Við vonum að þessi afmælisgjöf megi gleðja þig jafnt sem þá sem hennar njóta. Megi komandi ár verða þér gæfurik.

Á gjofsemgefur.is eru yfir fjörutu mismunandi gjafabréf en hvert þeirra lýsir verkþætti í verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi og á verkefnasvæðum erlendis.

Náttúrufegurðin sem blasir við Borgarnesi



I hjarta Borgarness, í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavíkurborg, situr B59 Hotel. Þar má finna glænýja og glæsilega stemningu með hönnun sem er innblásin af hinni stórfenglegu náttúru sem umlykur hótelið og nesið. Capital Hotels rekur B59 Hotel, sem dregur nafn sitt af staðsetningunni miðsvæðis í bænum að Borgarbraut 59, beint á móti Hyrnutorgi.

„Við erum mjög ánægð með nálgæðina við Reykjavík og viðtökurnar sem við höfum fengið,” segir Jóel Hjálmarsson hótélstjóri. Jóel er með BA-gráðu í alþjóðlegri hótélstjórnun og ferðamálafræði frá IHTTI í Sviss. Hann hefur meðal annars starfað fyrir Starwood Hotels and Resorts, Hakkasan Ltd., Hilton International

Hotels og Icelandair Hotels.

Að sögn Jóels hefur reksturinn á B59 gengið vonum framár frá opnuninni í sumar á þessu ári og segir hann allan gang vera á hótélgestum. „Það er mikið af Íslendingum sem kemur til okkar, en ekki bara erlent ferðafólk og við höfum verið dugleg að bjóða upp á alls kyns pakka, gjafabréf og höfum líka tekið á móti hópum, ráðstefnum og fundum.”

Á B59 er veigamikið rými að finna, með 81 herbergi auk þess að þarna er að finna huggulegan veitingastað, sportbar ásamt heilsulind og ýmsu. Veitingastaðurinn, Snorri kitchen & bar, leggur áherslu á hráefni úr héraði og eru réttirnir almennt með alþjóðlegu ívafi.



HÚÐIN

HÚÐIN SKIN CLINIC:

Heilbrigðari húð og aukin vellíðan í jólagjöf

Húðin Skin Clinic er húðmeðferðarstöð að Hátúni 6b í Reykjavík þar sem veittar eru fjölbreyttar húðmeðferðir og afar fagleg þjónusta. Þar starfa Lára G. Sigurðardóttir, sem er læknir og doktor í lýðheilsuvísindum, Sigríður Arna Sigurðardóttir, hjúkrunar- og förðunarfræðingur, Drífa Ísabella Davíðsdóttir hjúkrunarfræðingur og Esther Helga Ólafsdóttir, móttökuritari og snyrtifræðingur.

Viðskiptavinir Húðarinnar Skin Clinic geta verið vissir um að fá góða þjónustu sem veitt er af menntuðu og þrautþjálfuðu fagfólki. Áhersla er lögð á að halda náttúrulegu útliti og húðinni heilbrigðri og fallegri. Auk fjölda húðmeðferða er boðið upp á einstaklingsmiðaða ráðgjöf.

Sársaukalaus háreyðing með laser

Háreyðing með laser er ein vinsælasta meðferðin hjá Húðinni bæði hjá körlum og konum. Rakstur og vax valda oft inngrónum hárum og hverfur það vandamál gjarnan eftir lasermeðferð. Lasermeðferðin eyðir hvítleiðum hárum varanlega eða í langan tíma.

Lára G. Sigurðardóttir hjá Húðinni bendir á að margir óttist lasermeðferðir þar sem þær hafa haft orð á sér fyrir að vera sársaukafullar. „Við notum hins vegar lasertæki sem byggir á annarri tækni en þeirri hefðbundnu og hjá okkur er meðferðin ekki sársaukafull heldur beinlínis notaleg. Vissulega eru sum svæði viðkvæmari, eins og þar sem eru margir taugaendar.“

Laserháreyðing



Fyrir



Eftir 2 skipti

Frábært tilboð á andlitslyftingu með laser

Önnur vinsæl meðferð er andlitslyfting með laser, sem gengur oftast undir nafninu laserlyfting. „Þetta er andlitslyfting án skurðaðgerðar þar sem laser er notaður til að byggja upp húðina innan frá. Línur minnka og húðin verður þéttari, sléttari, hraustlegri og unglegri. Okkur langar að gera vel við viðskiptavinum okkar og bjóðum því þessa eftirsóttu meðferð með 30% afslætti í október og því ættu vonandi fleiri að geta nýtt sér hana.“

Fyllt upp í djúpar línur með áhrifaríkum hætti

Notkun á Restylane fylliefni til að fylla í djúpar línur í húðinni er önnur vinsæl og áhrifarík meðferð hjá Húðinni. Restylane, sem er gert úr náttúrulegu rakæfni húðarinnar, er sett rétt undir húðina og henni lyft. Þannig hverfa línurnar eða verða minna sýnilegar. Varir minnka oft með aldrinum og einnig er hægt að nota Restylane til að gefa meiri fyllingu í þær. Eftir meðferð með fylliefnum er ekki óalgengt að heyra hve úthvildur maður er eða líti vel út.

Húðslípun til að fríska upp á húðina

Húðslípun (microdermabrasion) er vinsæl meðferð hjá ungu fólki enda vinnur hún gegn bólum og filapenslum. Notað er demantshúðslípunartæki sem fjarlægir dauðar húðfrumur og örvar endurnýjun ysta lags húðarinnar. Meðferðin gerir

húðina sléttari og jafnar litaáferð auk þess sem hún virkar á þurra húð og gefur aukinn ljóma. Við erum með 20% afslátt af húðslípun um þessar mundir.


Lára segir jafnframt að auk meðferðanna leggi stofan áherslu á hvað fólk geti gert sjálft til að hlúa vel að húðinni enda hefur lífsstíll mikið að segja um hvernig húðin stenst tímans rás.

Gjafabréf að eigin vali


Gjafabréf í húðmeðferð er frábær hugmynd að jólagjöf á þeim tímum þegar fólk hefur sankað að sér mörgum hlutum og vill kannski frekar fá upplifun eða vellíðan í jólagjöf.

Á vandaðri heimasíðu Húðarinnar, hudin.is, eru ítarlegar upplýsingar um allar meðferðir. Einnig eru veittar upplýsingar í síma 783-2233.

Restylane og húðslípun



Fyrir




Eftir

Andlitslyfting án skurðaðgerðar



FYRIR



EFTIR

KLÆÐAKOT:

Einfaldleiki og gæði á góðu verði

Klæðakot er verslun með megináherslu á barnaföt og hannyrðavörur og hefur nokkra sérstöðu: Verslunin hefur verið starfandi á Ísafirði um sex ára skeið en fyrir rúmu ári opnaði Klæðakot líka vefverslun og þar með varð allt landið að markaðssvæði. Jafnframt því hefur vöruúrval verið aukið mikið.

„Upphaflega var þetta hannyrðaverslun en það eru ekki nema tvö ár síðan við byrjuðum með barnaföt og tösurnar vinsælu sem við erum með tókum við inn bara í sumar sem leið,” segir Halldóra Björk Norðdahl, annar eigandi fyrirtækisins sem hún rekur í samvinnu við Önnu Jakobínu Hinriksdóttur og eru þær jafnframt einu starfsmennirnir.

Verslunin á Ísafirði er staðsett í hjarta bæjarins, á Silfurtorgi, gegnt gamla bakariinu. Í vöruinnkaupum leggja þær stöllur áherslu á bæði gæði og hagstætt verð: „Einfaldleiki og gæði á góðu verði er okkar kjörorð,” segir Halldóra, en vörurnar koma einkum frá þremur löndum: „Barnafötin koma frá Danmörku, garnið kemur mestmegnis frá Noregi og tösurnar eru frá Þýskalandi, frá verksmíðju sem er rétt fyrir utan vinabæ Ísafjarðar, Kaufering.”

Klæðakot er ramað fyrir lág álagningu og þær stöllur kappkosta að hagræða í rekstrinum til að halda verðinu niðri. Sendingarkostnaður með öllum vörusendingum er 800 kr. óháð stærð þeirra.

„Við erum ekki með ýkja marga viðskiptavinum í Reykjavík en flestir okkar viðskiptavinir búa í litlum bæjum víðs vegar um landið,” segir Halldóra, en auk þess leggur Klæðakot á sig þær skyldur að sinna þörfum íbúanna í heimabyggð: „Við erum eina barnafataverslunin á svæðinu og eina garnverslunin og reynum að vera með allt sem fólk kann að vanhaga um á þessu sviði, til dæmis kuldaskó.”

Það er gaman að koma í verslunina á Ísafirði og erlendir ferðamenn eru þar tíðförlur á sumrin. Eru þá í boði sérstakir prjónapakkar fyrir þá, garn og uppskriftir.

Fyrir þá sem ekki eiga leið til Ísafjarðar á næstunni er hins vegar kjörið að kíkja í vefverslunina á klæðakot.is, skoða úrvalið og gera góð kaup.





Hágæðafatnaður úr lífrænum efnum

Ethic er íslensk verslun sem leggur áherslu á gæðavörur milliliðalaust beint frá framleiðenda. Upphaflega hófst þetta ástriðufulla áhugamál hjá hjónunum Matthíasi Haraldssyni og Hafrúnu Ósk Pálsdóttur sem netverslun, en síðan var hulunni svipt af glænýrri sérvöruverslun á Suðurlandsbraut 4. Verslunin er opin alla virka daga frá 12 til 18 og er opið annað slagid um helgar, en þá er það sérstaklega auglýst.

Áð sögn eigendanna er markmið verslunarinnar að halda verði sem allra næst því sem er í Skandinavíu og Evrópu, auk þess að huga að verndun umhverfisins við framleiðsluna.

„Við veljum ákveðin fyrirtæki sem eru með umhverfisvæna framleiðslu og veljum einungis lífræn efni,“ segir Matthías. Við erum með hágæðaskó frá sænska merkinu Kavát. Nú er farið að líða að tímabili fyrir kuldaskó og Kavát er sérlega gott merki og inniheldur til að mynda lífræna bómull. Eins og allir skór frá Kavát eru þeir án teflons, PTFE og annara vetnisflúoríð efna.“

Verslunin sérhæfir sig einnig í barnafötum frá Mini Rodini, kvenfatnaði frá People Tree, Frieda Sand, Jan 'N June, WORON og fleiri framleiðendum sem eiga það sameiginlegt að vinna eftir FairTrade-hugsjóninni, sem gengur út á sjálfbærni og er með umhverfisvernd að sjónarmiði.

Matthías bætir við að þau Hafrún planti tré fyrir hverja selda vöru og sé það gert til þess að jafna kolefnis-



issporin sem myndast við flutning frá vörum þeirra til viðskiptavanna. „Fyrir árið 2017 plöntuðum við sléttum þúsund plöntum rétt við Egilsstaði,“ segir hann og tekur fram að spennandi verði að fylgjast með þeim fjölda trjáa fyrir sölu þessa árs. „Þetta er búið að ganga ótrúlega vel allt saman, ekki síst í ljósi þess að við Hafrún erum bæði í annarri vinnu. Það má segja að þetta sé eilítið fjölskylduverkefni hjá okkur.“





Humarhúsið er glæsilegur veitingastaður í hjarta Reykjavíkur, staður sem sér langa sögu, í húsi sem á sér enn lengri sögu. Humarhúsið var reist árið 1838 af Stefáni Gunnlaugsyni, land- og bæjarfógeta, og er það staðsett á Bernhöftstorfu í miðbæ Reykjavíkur. Húsið hýsti fræg íslensk skáld eins og Hannes Hafstein og Stefán Thorarensen.

Um 1970 voru hús á Bernhöftstorfu rýmd, enda þá ráðgert að þau yrðu rifin og þar reist stjórnarráðshús. Áður en þetta gerðist var hins vegar hafin barátta fyrir varðveislu húsanna. Hún stóð yfir í um áratug, en á meðan niddust húsin niður og hluti þeirra varð eldi að bráð. Í þessu húsi kom upp eldur þrisvar á tímabilinu.

Þessari baráttu lauk þó með sigri varðveislumanna, því undir loks árs 1979 leigði ríkið Torfusamtökunum húsin vegna endurbyggingar og með varðveislumarkmið í huga. Þar í framhaldi var Amtmannsstígur 1 framleigður og endurreisn hafin. Árangur af því starfi blasir við gestum sem koma á svæðið.

Humarhúsið er staðsett við hliðina á Lækjarbrekku, öðrum rómuðum

veitingastað, sem er í eigu sömu aðila. Báðir staðirnir hafa fyrir löngu fest sig í sessi hjá vandlátum matargestum og njóta stöðugra vinsælda.

Fjölbreytt úrval en humarinn stendur alltaf fyrir sínu

Humarhúsið býður upp á breitt úrval af mat; kjötrétti, fiskrétti og grænmetisrétti. Humarinn er síðan í öndvegi en á boðstólum er bæði íslenskur humar og amerískur. Alls konar frábærir humarréttir eru á matseðlinum, til dæmis Surf n Turf, humarsúpa, grillaður humar og margt fleira.

Humarhúsið er opið alla daga frá 11.30 til 15 og síðan frá 17 til 22. Á sunnudögum gildir eingöngu síðari tíminn, þá er staðurinn opnaður kl. 17.

Sjá nánar á vefsíðunni Humarhúsið.is og Facebook-síðunni Humarhúsið.

Á Humarhúsinu er aðstaða fyrir smærri hópa, t.d. 26 manna pallur á efri hæðinni þar sem vel fer um alla. Einnig eru tvö tíu manna herbergi og fleiri áhugaverðir kostir fyrir litla hópa.

Gjafabréf er frábær hugmynd

Það tíðkast æ meira að gefa upplifun í jólagjöf í stað þess að hjálpa fólki að

sanka að sér hlutum. Málsverður á Humarhúsinu er frábær upplifun sem endist.

Hægt er að kaupa alls konar gjafabréf, til dæmis sérstakt bréf í humarveislu eða aðra rétti, eða einfaldlega opið gjafabréf með upphæð sem

gefanginn velur.

Best er að kaupa gjafabréf með því að koma á staðinn. Nánari upplýsingar eru líka veittar í síma 561-3303 og gegnum netfangið bookings@lobsterhouse.is.





GJAFAKORT Í MYNDATÖKU:

Persónuleg gjöf sem endist ævilangt!

Ljómyndarinn Jón Páll hefur verið mjög virkur í ljósmyndun hér á landi allt frá því hann lauk námi í faginu frá Brooks Institute of Photography í Kaliforníu árið 1995. Einnig hefur hann starfað á erlendri grundu, meðal annars sem ljósmyndari í Milanó, hjá tiskukónginum Giorgio Armani.

Viðfangsefni Jóns Páls eru afar fjölbreytt, allt frá því að mynda börn og fjölskyldur upp í stórar og flóknar aug-

lýsingamyndatökur fyrir stærstu fyrirtæki landsins. Hann hefur sérstakt lag á að mynda börn og unglínga og gerir sér far um að láta þau slaka á og líða vel því þannig fást bestu myndirnar.

„Ég legg áherslu á að fólk fái vandadár og innbundnar myndabækur frá mér, þeir sem þess óska, en stafrænar myndir fylgja líka. Oftast eru myndirnar svo flottar og fólk

svo ánægt að það vill fá sínar myndabækur og engar refjar. En stafrænar myndir fylgja líka og það er gott að eiga hvort tveggja, ekki síst þegar um er að ræða fallegar og dýrmætar myndir af fjölskyldunni úti í íslenska vorinu,“ segir Jón Páll.

Fjölbreytt gjafakort í myndatöku

Gjafakort í myndatöku er persónuleg gjöf sem endist ævilangt. Jón Páll býður

upp á margs konar útfærslu af gjafakortum og myndatökum til að gefa í gjöf. Þar er meðal annars gert ráð fyrir fjölskyldumyndum, barnamyndum og sérstökum jólamyndatökum. Enn fremur bumbu-, nýbura- eða ungbarna-myndatökur. Margvísleg önnur tilefni eru inni í þessum tillögum. Sjá nánar á vefsíðunni ljósmyndastofa.is undir efnishlutunum „Gjafakort“.



SETTU GLEÐISTUND Í JÓLAPAKKANN:

Gjafakort í Þjóðleikhúsið er tilvalin jólagjöf

Aðsókn að leiksýningum Þjóðleikhússins hefur verið með eindæmum góð á leikárinu og vinsælar sýningar verða áfram á fjölonum eftir áramót, auk þess sem nýjar og spennandi sýningar verða frumsýndar á næstunni. Gjafakort í

Þjóðleikhúsið er því kærkomin jólagjöf fyrir marga en kortið er hægt að kaupa á vef Þjóðleikhússins, leikhúsid.is, eða í afgreiðslunni við Hverfisgötu.

Hér er yfirlit yfir helstu verkefni leikhússins í vetur:



Ronja ræningjadóttir – Uppselt út 2018

Stórskemmtilegur og æsispennandi söngleikur fyrir alla fjölskylduna!

Ronja ræningjadóttir er einstök saga um óvenjulega vináttu, heitar tilfinningar, hættuleg ævintýri, sorg og gleði. Salka Sól fer með hlutverk Ronju og Sigurður Þór Óskarsson leikur vin hennar, Birki. Meðal annarra leikara eru Örn Árnason, Vigdís Hrefna Pálsdóttir og Edda Björgvinsdóttir, en stór hópur leikara, dansara, barna og tónlistarfólks tekur þátt í þessari fjöru og fallegu sýningu. Sýningin hefur hlotið einróma lof áhorfenda og gagnrýnenda enda er aðsókn með því mesta sem sést hefur í leikhúsinu. Ronja ræningjadóttir verður áfram á fjölonum eftir áramót.



Einræðisherrann

Meistaraverk Charlies Chaplins á leiksviði, í bráðskemmtilegri, nýrri gerð.

Leikgerð Nikolajs Cederholms af kvikmyndinni Einræðisherranum sló rækilega í gegn hjá Nørrebro-leikhúsinu í Kaupmannahöfn á liðnu leikári, og gagnrýnendur hlóðu lofi á sýninguna!

Nú gefst íslenskum leikhúsgestum kostur á að sjá Sigga Sigurjóns stiga á svið í hlutverki flækingsins sem verður einræðisherra fyrir röð mistaka.

Heillandi, bráðskemmtileg og frumleg leiksýning um valdasýki, möguleika mennskunnar í trylltri veröld og baráttuna fyrir friði í heiminum.



Fly me to the moon

Nýtt verk eftir höfund hins geysivinsæla leikrits Með fulla vasa af grjóti

Bráðskemmtilegt verk um tvær kjarnakonur sem hafa alltaf þurft að hafa fyrir lífinu, en standa skyndilega frammi fyrir möguleikanum á að eignast svolitinn pening með auðveldum hætti. Það þarf kannski bara að svindla smá ...

Leikkonurnar Ólafía Hrönn og Anna Svava sameina krafta sína og fara á kostum í þessum nýja tvíleik eftir Marie Jones.



Samþykki – Spennuþrungið leikrit um völuandarsannleikans.

Kristín Jóhannesdóttir, sem leikstýrði hinni geysivinsælu sýningu Föðurnum, snýr aftur með magnaða leiksýningu.

Kraftmikið, splunkunýtt verk sem sló í gegn í Breska þjóðleikhúsinu á liðnu leikári, og hefur nú verið flutt yfir á West End.

Hvers vegna er réttlætisgyðjan yfirleitt sýnd með bundið fyrir augun? Er hún óhlutdræg? Eða getur hún verið blind á tiltekna staðreyndir?

Í vinarhópi nokkurra lögfræðinga eru skiptar skoðanir á umdeildu dómsmáli. Lykilvitnið er kona sem tilheyrir heimi sem virðist í órafjarlægð frá lífi vinnanna. En brátt er mál þessarar ókunnugu konu farið að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar á samskipti þeirra og ástarsambönd.

Hvernig getum við fengið fullvissu um hvað er satt og hvað logið? Hver er munurinn á hefndarþorsta og leit að réttlæti? Eru allir jafnir fyrir lögunum?



Súper – þar sem kjöt snýst um fólk

Súper – þar sem kjöt snýst um fólk er nýtt og bráðfyndið leikrit eftir Jón Gnarr, fullt af „gnarrískum“ húmor og pælingum, í leikstjórn Benedikts Erlingssonar.

Fólk hittist í stórmarkaði og á í einlægum samræðum – eða er það bara að tala við sjálft sig? Fólk finnur vörur sem næra ekki bara skrokkinn heldur andann líka og finnur hluti sem gera það heilsteyptara.

„Dú þekkir fólk á vörunum sem það kaupir“, segir ekkert máltæki.



Loddarinn Tartuffe – Hárbeytt verk eftir meistara gamanleikjanna

Molière er sannkallaður meistari gamanleikjanna og leikrit hans um loddarann Tartuffe er eitt hans allra vinsælasta verk.

Hræsnararinn Tartuffe hefur tekist að ávinna sér traust og aðdáun heimilisföðurins Orgons og vefja honum um fingur sér, fjölskyldu hans til óbærilegrar hrellingar. Smám saman er Tartuffe farinn að stjórna lífi heimilisfólksins. Þegar Orgon fær þá flugu í höfuðið að gifta dóttur sína Tartuffe eru góð ráð dýr.

Leikstjóri sýningarinnar, Stefan Metz, er íslenskum leikhúsunendum að góðu kunnur fyrir sýningar á borð við Eldraunina og Horft frá brúnni.



Klókur ertu, Einar Áskell

Við fylgjumst með degi í lífi feðganna Einars Áskells og pabba hans, þar sem daglegt líf fær á sig ljóma ævintýrs, eins og tilvera okkar allra getur gert í einu vetfangi, ef við opnum fyrir leikinn, sköpunina og ímyndunaraflíð. Einar Áskell veit fátt skemmtilegra en þegar pabbi hans tekur sér tíma og leikur við hann. Það næstskemmtilegasta er að fá að leika sér með verkfærakassanum, en það er stranglega bannað og stórhættulegt að leika sér með sögina!



Fjölbreytt samstarfsverkefni

Þjóðleikhúsið er í samstarfi við ólíka leikhópa, Leiktóna með sýninguna Ég heiti Guðrún. Stertabenda með sýninguna Insomnia. Leikkonur 50+ með sýningarnar Fjallkonan frið og Dansandi ljóð. Trigger Warning með sýninguna Velkomin heim og sviðslistahópin Marble Crowd með sýninguna Moving mountains.



Þitt eigið leikrit

Bækur Ævars Þórs Benediktssonar, þar sem lesandinn ræður því hvað gerist næst, hafa notið gífurlegra vinsælda meðal yngri lesenda. Nú er komið að þér að stjórna framvindunni í þínu eigin leikriti!

Söguheimurinn er norræna goðafræðin, full af hrikalegum hetjum og stórhættulegum skrímslum. Engar tvær sýningar verða eins, því áhorfendur ráða því hvað gerist! Muntu sígra Miðgarðsorminn eða gleypir hinn hræðilegi Fenrisúlfr þig? Ætlarðu að gerast barnapia fyrir Loka eða líst þér betur á að verja sjálfa Valhöll fyrir jötnum og hrímþursum?

Ævintýraleg og spennandi sýning, þar sem allt getur gerst!

ÍTARLEGAR UPPLÝSINGAR UM ALLAR SÝNINGAR ÞJÓÐLEIKHÚSSINS ER AÐ FINNA Á LEIKHUSID.IS.

JÓGA TENGIR LÍKAMA OG HUGA:

Yoga Shala er með fjölbreytta tíma með innrauðum hita



Yoga Shala hóf starfsemi árið 2005, en var opnað á nýjum og glæsilegum stað í janúar 2017 á 3. hæð í Skeifunni 7. Skeifan er spennandi svæði þar sem mikil gróska hefur átt sér stað undanfarin ár.

„Við bjóðum upp á hágæða jóga-kennslu í stórum og björtum sal með útsýni yfir Esjuna,“ segir Tómas Oddur Eiríksson, einn af eigendum Yoga Shala en hann rekur stöðina ásamt Ingibjörgu Stefánsdóttur.

„Yoga Shala er einnig fyrsta jóga-stöðin á Íslandi til að vera með innrauðan hita sem hefur slegið í gegn hjá iðkendum. Hitinn er þægilegur, alveg hljóðlaus, er ekki kæfandi og nær djúpt í vefina.“

Við viljum vera nærandi gríðastaður fyrir fólkið í samfélaginu og gera jóga aðgengilegt fyrir alla, sama hver bakgrunnurinn er. Fjölbreyttir timar eru í boði alla daga vikunnar, enda misjafnt hverju fólk er að leita að, en hins vegar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Tómas fór af stað með námskeiðið Yoga fyrir Stírða stráka sem hefur náð gríðarlegum vinsældum en nú hafa yfir 600 karlar á Íslandi tekið námskeiðið. „Það selst alltaf upp, sem er bara mjög ánægjulegt,“ segir Tómas og bætir við að bráðum verði farið af stað með Yoga fyrir Stírðar stelpur líka.

„Við erum að fara að bæta við fleiri námskeiðum. Við erum að vinna með kulnun og bjóðum upp á sérstaka tíma og námskeið fyrir fólk sem glímur við hana. Við erum einnig með sér tíma, Kyrrðarjóga fyrir konur, fyrir konur sem heita, nýtt námskeið sem heitir Kvenna-kraftur og heilmikið af opnum tímum sem þátttakendur á námskeiðum mega mæta í. Á morgnana erum við með frábæra tíma þar sem fólk lærir að iðka sjálft, á eigin hraða undir persónulegri leiðsögn kennara.“

Margir viðskiptavina Yoga Shala koma í gegnum Virk og hefur verið mikið ánægja með það samstarf. Við elskum að hjálpa fólki að líða betur og viljum mæta hverjum og einum þar sem hann/hún er.

En hver er ávinningurinn við að stunda jóga?

„Það sem ég fæ út úr jóga er kyrrð og ró í hugarum, fyrst og fremst. Ég mæti sjálfum mér á mottunni hverju



sinni og læri að lifa í sátt við sjálfan mig og augnablikið. Líkamsvitund, liðleiki og styrkur er bónus. Ég er aldrei með vöðvabólgu eða verki. Ég á auðveldara með að takast á við erfiðleika þegar þeir koma upp og yfirstíga hindranir. Ég fæ aukna orku af önduninni og tengist innsæi mínu betur. Fyrir mér er jóga mjög visindalegt, þar sem iðkandinn er rannsakandinn og viðfangsefnið í senn,“ segir Tómas sem er líka með BS í landfræði frá Háskóla Íslands. „Í Yoga Shala vinnum við bæði með líkamann og andlegu hliðina, þetta helst allt í hendur; hugur og líkami er eitt og hið sama. Jóga er ekki eins alvarlegt og fólk heldur. Það getur líka verið skemmtilegt og skapandi.“

Það hafa orðið miklar breytingar á lífi fólks undanfarin ár með tilkomu netsins og samfélagsmiðla. Það er sífellt hægt að ná í okkur og áreiði er alls staðar, svo loksins þegar við komumst heim þá heldur áreiði áfram. Við vitum að streita og spenna geta valdið alvarlegum sjúkdómum.

Svo leggur maður höfuðið á koddann og getur jafnvel ekki sofnað og þá er maður kominn í vitahring. Þess vegna er svo ótrúlega mikilvægt að eiga stund á hverjum degi þar sem maður kúplar sig út og hleður batterið.

Við notum áhrifaríkar æfingar sem eru róandi fyrir taugakerfið og hugann.“

Hjá Yoga Shala er meðal annars boðið upp á hugleiðslu, Yoga Nidra, sem er djúpslökun og mjög vinsæl, Ashtanga-jóga, kraftjógaflæði, kyrrðar-



jóga ásamt því að bjóða reglulega upp á fjölbreytt námskeið, vinnustofur og viðburði. „Það er bara um að gera að skoða úrvalið á heimasíðu okkar og hafa samband við okkur og fá leiðbeiningar um hvað hentar best. Við bendum líka fólki á að hlaða niður appinu okkar – Yoga Shala Reykjavík.“

Yoga Shala býður upp á gjafakort

fyrir opna tíma og námskeið sem er tilvalin jólagjöf.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á vefsíðunni yogashala.is og Facebook-síðu Yoga Shala Reykjavík. Einnig eru upplýsingar veittar í síma 553-0203 eða í gegnum tölvupóst á netfangið yoga@yogashala.is.



NUDD OG VELLÍÐAN: Nudd er frábær jólagjöf

Nudd & Velliðan

Nudd er mjög góð leið til að slaka á og endurnærast bæði líkamlega og andlega. Nudd var m.a. notað af Grikkjum og Rómverjum til forna og kunnu þeir vel að meta áhrif þess. Sjálfur Júlíus Sesar er sagður hafa krafist þess að fá nudd daglega til að halda líkamlegu og andlegu jafnvægi. Líf margra í dag er hins vegar uppfyllt af streitu og áreiti. Símhringingar, tölvupóstur, samfélagsmiðlar, fréttir, umferðin, vinnan, skólinn, allt veldur þetta streitu og þreytu. Það getur reynst þrautin þyngri að slíta sig frá þessum streituvöldum og finna tíma til að slaka á og endurnærast bæði líkamlega og andlega.

Birtingarmynd streitu og álags getur oft verið líkamleg einkenni s.s. vöðva-bólga og verkir í baki, hálsi og herðum.

Gjafabréf í nudd er frábær gjöf fyrir öll tilefni, svo sem jólagjöf eða afmælisgjöf. Í nuddmeðferð er markmiðið að ná fullkominni slökun bæði andlega og líkamlega. Nuddarar hjá Nudd og velliðan eru sérfræðingar í að finna streitu í líkamanum og losa um hana. Nudd eykur jafnframt blóðflæði til vöðva og vefja sem hefur margvislegan ábata. Þetta er gert í rólegu og notalegu umhverfi þar sem viðskiptavinir eru einangraðir frá öllu ytra áreiti. Allt þetta hjálpar líkamanum og huganum til þess að slaka á, hvílast og endurnærast. Nudd og velliðan býður upp á nokkrar tegundir af hálgæðanuddi á sanngjörnu verði.


Slökunarnudd er meðal þess sem í boði er, en það er endurnærandi og slakandi nudd sem mýkir vöðva og dregur úr spennu í líkamanum. Slökunarnudd getur verið fimmtíu eða áttíu mínútur. Slökunarnudd er heilnudd sem þýðir að allur líkaminn er tekinn fyrir. Slökunarnudd hjá Nudd og velliðan er einstakt að því leytnu til að hver meðferð er sérhæfð að þörfum hvers og eins viðskiptavinar. Þannig fá engir tveir viðskiptavinir nákvæmlega sömu meðferðina. Starfsfólk Nudd og velliðan býr yfir margra ára reynslu og er sérfræðingar í að finna nákvæmlega hvað hver og einn viðskiptavinur hefur þörf fyrir.

Fyrir þá sem ekki hafa mikinn tíma aflögu er einnig í boði partanudd, sem er aðeins 30 mínútur. Í partanuddi er lögð áhersla á ákveðin svæði og líkamshluta eftir þörfum hvers og eins.

Lúxusmeðferðin er svo steinanudd. Steinanudd er alltaf áttíu mínútur að lengd. Í steinanuddi eru sérstakir steinar notaðir til að hita lykilstökka á líkamanum, til að slaka á vöðvum og



Nudd & Velliðan



Nudd & Velliðan

auka blóðflæði. Sérstakri nuddtækni er síðan beitt samhliða þessu. Steinanudd er gott fyrir þá sem vilja fá djúpa vöðvaslökun án þess að föstum strokum sé beitt.

Nudd og velliðan býður falleg

gjafabréf í nudd á hagstæðu verði. Gjafabréfin er hægt að panta á vefsíðu nuddstofunnar, nuddogvellidan.is/ kaupa-gjafabref, og eru þau yfirleitt tilbúin til afgreiðslu samdægurs.

Nudd og velliðan er til til húsa að

Hlíðasmára 2, Kópavogi. Nánari upplýsingar, tímabókanir og gjafakort eru á vefsíðunni nuddogvellidan.is. Einnig er hægt að panta með tölvupósti á netfanginu nudd@nuddogvellidan.is og fá nánari upplýsingar í síma 788-0070.



KLÆÐSKERALISTIN Í ÖNDVEGI:

Gefðu sérsniðna jólagjöf

Suitup Reykjavík er ein mest spennandi herrafataverslun Reykjavíkur í dag. Verslunin sérhæfir sig í sérsaumuðum jakkafötum, skyrtum og yfirhöfnum í bland við vandaða aukahluti. Í sérsaumnum er mikil áhersla lögð á vönduð efni og fullkomið snið en þeir Egill og Jökull, eigendur Suitup Reykjavík, kaupa öll efni í jakkafötin og skyrturnar frá stærstu og virtustu ullarframleiðendum Ítalíu og Bretlands.

„Efnin kaupum við næstum öll frá Biella á Ítalíu en þar eru allir stærstu efnaframleiðendur Ítalíu með sínar verksmiðjur. Við leggjum mikla áherslu á að nota einungis hágæða efni og notum aldrei gerviefni eða ullarblöndur. Uppistaðan í efnunum sem við notum er áströlsk merinóull en við hana blandast oft kasmír, silki, hör og fleiri skemmtileg efni,“ segir Jökull Vilhjálmsson. Þeir félagar eru ungir menn, 26 og 27 ára, en hafa alla tíð haft brennandi áhuga á vönduðum fatnaði sem er mikilvægt í þessum bransa.

„Við leggjum mikla áherslu á vandað og fullkomið snið og eyðum miklum tíma í að fullkomna mælingarnar fyrir hvern og einn viðskiptavin. Við trúum því að fötin eigi að passa þér, en ekki öflugt og við sendum aldrei frá okkur flik nema bæði við og viðskiptavinurinn séum fullkomlega sáttir við sniðið.“

Að sögn Jökuls eru viðskiptavinirnir á öllum aldri og fjölbreyttur hópur. „Við afgreiðum allt frá fermingar- og brúðkaupsfötum yfir í vinnuföt,“ segir Jökull en köflótt og önnur mynstruð föt eru hvað vinsælust um þessar mundir.

Suitup Reykjavík býður ekki bara upp á sérsniðin jakkaföt og skyrtur, heldur afar vandaða skó frá bæði Spáni og Ítalíu og gott úrval aukahluta sem nær allir eru framleiddir á Ítalíu undir þeirra eigin merki. Hanskar, treflar, bindi, vasaklútar og fleiri aukahlutir prýða verslun Suitup Reykjavík að Grandagarði 9.



„Við erum með virkilega gott úrval af aukahlutum sem eru fullkomnir í jólapakkann. En okkar allra vinsælasta jólagjöf er án nokkurs vafa jakkafata- og skyrtugjafabréfin. Sá sem fær gjafabréfið að gjöf mætir síðan til okkar á Grandagarð og velur úr hundruðum efna, er mældur frá toppi til tær og hefur síðan tækifæri til að gera flikina að sinni með ýmsum smáatriðum, s.s. vali á mismunandi krögum, tölum og fleiru.“

„Við erum nýlega búnir að opna hér nýja og betri Suitup Reykjavík á Grandanum, einu mest spennandi svæði Reykjavíkur. Við kunnum afar vel við okkur á Grandanum og fylgjumst spenntir með þeirri uppbyggingu sem mun eiga sér stað á svæðinu á næstu mánuðum og árum.“



GJAFABRÉFIN ER HÆGT AÐ PANTA BEINT AF VEFNUM WWW.SUITUP.IS OG ERU ÞAU HEIMSEND AÐ KOSTNAÐARLAUSU. EINNIG ER HÆGT AÐ NÁLGAST GJAFABRÉFIN Í GLÆSILEGRI VERSLUN SUITUP REYKJAVÍK AÐ GRANDAGARÐI 9.



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ:

Kveikir neistann hjá upprennandi tónlistarfólki

Við erum að vinna með heildarlausnir hér í Hljóðfærahusinu, hér geturðu fengið allt fyrir tónlistarmanninn og þann sem vill verða tónlistarmaður. Draumurinn rættist hér,” segir Arnar Þór Gíslason í Hljóðfærahusinu. Verslunin var opnuð árið 1916 og er því komin á aðra öldina. Þrátt fyrir þennan háa aldur er Hljóðfærahusið afar nútímalæg verslun sem býður það nýjasta og besta í hljóðfærum og tónlistartengdum margmiðlunarbúnaði sem náð hefur mikilli útbreiðslu undanfarið ár og er í stöðugri þróun.

„Kassagítar og rafmagnspíanó eru alltaf vinsælustu jólagjafirnar, ásamt rafgítörum og rafbössum,” segir Arnar en sem dæmi um spennandi nýjungar nefnir hann Hifi-hátalara og streymistæki frá Naim Audio og Focal-hátalara. „Við erum með herbergi hér fyrir streymistæki þar sem fólk getur prófað að streyma tónlistinni beint úr símanum sínum,” segir Arnar.

„Þekktustu merkin eru Yamaha í hljómborðum, trommusetum, gítörum og hljóðkerfinu; Fender í gítörum og mögnurum, og Shure er leiðandi í hljóðnemum og heyrnartólum.”

Viðskiptavinahópurinn er fjölbreyttur: „Hingað kemur þekkt tónlistarfólk og alls konar annað tónlistarfólk því það leyntist tónlistarmaður í hverri fjölskyldu og allir hafa áhuga á tónlist.”

Jólagjöf sem kveikir neistann í ungu fólki

Verð á hljóðfærum er gott um þessar mundir vegna hagstæðrar gengisþróunar, sem eykur enn möguleikana á spennandi jólagjöfum úr Hljóðfærahusinu. Í boði eru gjafabréf fyrir hvaða upphæð sem er, sem gilda fyrir hvaða vörur sem er í versluninni.

Tónlistariðkun af öllu tagi er afskaplega uppbyggilegt og þroskandi áhugamál fyrir ungt fólk. Sumir hafa áhyggjur af því að unglingar leiki sér of mikið í tölvuleikjum og snjalltækjum en hljóðfæri og aðrar tónlistargjafir



geta opnað ungu fólki alveg nýjan heim og gert tómstundirnar að skapandi ástríðu.

Stafrænt stúdíó fyrir nokkra tugi þúsunda

„Fyrir nokkra tugi þúsunda getur fólk fengið búnað sem dugur til að taka upp í sambærilegum gæðum og voru í hljóðverum fyrir um 20 árum. Ef þú átt tölvu heima hjá þér geturðu útbúið stúdíó þar fyrir nokkra tugi þúsunda og hljómgæðin eru mjög viðunandi,” segir Arnar, en fjölmargir tónlistarmenn sem taka upp tónlist með þessum ódýra hætti hafa komið fram á Youtube-rásinni undanfarið ár og eignast milljónir fylgjenda.

Hljóðfærahusið er til húsa að Síðumúla 20. Þangað er gaman að koma og skoða allt úrvalið af hljóðfærum og búnaði. Á heimasíðu fyrirtækisins, hljodfaerahusid.is, má finna góðar upplýsingar um vöruúrvalið.





Fáðu litríka sokka inn um lúguna í hverjum mánuði

Ef þú leitar að skemmtilegri jólagjöf þá er áskrift að sokkum klárlega málið

Þjónusta Smart Socks gengur út á að fá send til sín sokkapör einu sinni í mánuði. Sokkarnir eru litríkir og skemmtilegir og úr 100% bómull. Smart Socks var stofnað fyrir um ári og hafa viðtöurnar verið frábærar og fá þúsundir viðskiptavina nýja sokka inn um lúguna sína í hverjum mánuði.

Smart Socks býður upp á tvær áskriftarleiðir, annars vegar að fá eitt par á mánuði fyrir 990 krónur eða

tvö pör á 1.790 krónur, þú velur hvaða stærð þú þarft, 34–38, 39–42 eða 43–45, en einnig er hægt að blanda saman stærðum. Enginn binditími er á áskriftinni og því hægt að segja upp hvenær sem er.

Einnig býður Smart Socks upp á svokallaða gjafaáskrift en þar er hægt að velja um 1 eða 2 pör og er hægt að gefa áskrift sem gildir í 3, 6 eða 12 mánuði og er greitt fyrir allt áskriftartímabilið í upphafi. Mögulegt er að senda kveðju með fyrstu sendingu og er gengið frá því í kaup-

ferlinu sjálfu.

Fyrir utan það hvað það er þægilegt að fá sokka senda heim til sín í hverjum mánuði þá getur þetta líka skapað stemningu í hvaða hópi sem er, í vinalópunum, saumaklúbbnum, vinnustaðnum eða bara hjá fjölskyldunni. Viðskiptavinurinn veit ekki hvernig sokkapar hann fær og er passað upp á það að sami viðskiptavinurinn sé ekki að fá eins sokka aftur, að minnsta kosti ekki á sama árinu. Sokkarnir eru ekki allir jafn litríkir, sumir hógværi en aðrir en aðalatriðið er

að einlitir svartir og hvítir sokkar eru ekki í boði.

Þú getur pantað hefðbundna áskrift, eða gengið frá kaupum af gjafaáskrift á heimasíðu Smart Socks.

Smart Socks er í samstarfi við Bleiku slaufuna og allar áskriftir sem koma inn í október renna óskiptar til þess þarfa verkefnis.

Fyrirtæki sem hafa áhuga á að gefa starfsfólki sínu sokkaáskrift í jólagjöf ættu að hafa samband við Smart Socks í gegnum netfangið info@smartsocks.is



BJÓRBÖÐIN Á ÁRSKÓGSSANDI:

Einstök heilsulind fyrir alla og öðruvísi gjöf í jólapakkann

Björböðin á Árskógssandi voru opnuð 2017, en þau höfðu þá lengi verið draumur Agnesar Önnu Sigurðardóttur eftir að hún heimsótti slíkt bað í Tékklandi 2008 ásamt eiginmanni sínum, Ólafi Þresti Ólafssyni.

„Þarna var bruggsmiðja þeirra Kaldi orðin tveggja ára og þau heim-sóttu Tékkland ásamt bruggmeistara sínum. Björbaðið var síðan ofarlega í huga Agnesar, en aldrei gafst tími til eða færi á að opna slíkt hér heima,“ segir Ragnheiður Ýr Guðjónsdóttir, tengdadóttir Agnesar og Ólafs, sem á fyrirtækið með þeim ásamt eiginmanni sínum og syni þeirra, Sigurði Braga Ólafssyni.

„Árið 2014 kom umræðan upp aftur og þá sögðumst við vera til í þetta með þeim og við fórum á fullt í þessa vinnu. Björböðin voru síðan opnuð 2017.“

En hverjir eru kostir björbaðs fyrir líkamann? „Gerði er stútfullt af B-vítamínum og steinefnum, sem

er einstaklega gott fyrir húð, hár og neglur. Björböðin eru heilsulind, húðin verður eins og silki.“

Innifalið í baðgjaldinu er sloppur og handklæði. Mælt er með að koma tímanlega og fara í útipottana áður en farið er í björbaðið. Sjö ker eru á staðnum og er hvert þeirra einkaherbergi, þannig að gestir eru alveg í næði. Hvert ker er tveggja manna. Hitastigið er 39–40 gráður, ef fólk vill hafa kaldara eða heitara, þá er hægt að óska eftir því.

„Síðan slakar þú á í 25 mínútur. Svo er gestum fylgt upp á aðra hæð í slökunarherbergi og þar er viðkomandi í 25 mínútur. Slökunarherbergið er teppalagt og allt mjög notalegt. Við mælum með að sleppa sturtu í 3–4 klukkustundir eftir bað, þannig að björinn geri það sem hann á að gera. Þú verður ekki klístraður eða angandi af bjór á eftir, fólk þarf ekki að hafa áhyggjur af því, maður er sléttur og mjúkur á eftir.“

Björböðin hafa verið vel sótt bæði

af heimamönnum og ferðamönnum, Íslendingar mæta frekar seinni partinn og um helgar, meðan ferðamenn mæta frekar að degi til. „Við erum með nokkra fastagesti, sem dæmi má nefna hjón sem hafa komið nokkrum sinnum til okkar, en eiginmaðurinn er með psoriasis og honum finnst böðin hjálpa sér. Við fáum gríðarlega mikið af hópum til okkar og eru starfsmannahópar sérstaklega vinsælir.“

Baðið er fyrir alla, þungaðar konur og börn hafa komið í böðin. Hins vegar er 20 ára aldurstakmark, eins og lög gera ráð fyrir, í að neyta bjórsins. Björinn í björböðunum er 3–5 daga gamall og því ekki orðinn áfengur og því öllum óhætt að fara ofan í.

Björböðin eru einstök heilsulind, en eftir því sem Ragnheiður veit best eru böðin þau einu á Norðurlöndum. „Það koma margir Danir, Norðmenn og Þjóðverjar, og þeir síðasttöldu hafa flestir aldrei heyrt um þetta, þrátt fyrir að böðin séu vinsælust í Tékk-

landi.“

Gjafabréf, sápur og fleira í jólapakkann

„Við erum með bjórsápur. Við notum bjórsalt og bjórólíur ofan í böðin, sem gefa einnig góða lykt. Við eigum líka sjampó, hárnæringu, og fleira. Fyrir jólin munum við bjóða upp á gjafapakka. Einnig eru gjafabréf í boði, sem sniða má eftir vali hvers og eins, hvort sem er ákveðin upphæð eða meðferð.“

Tilvalin fyrirtækjagjöf.

Gisting er ekki í boði á staðnum, en í nágrenninu er fjöldi gistingualeika og leiðbeina eigendur Björbaðanna gestum um það. Flestir bjóða þeir upp á akstur fram og til baka.

Allar upplýsingar má fá í síma 414-2828, netfanginu bjorbodin.is og á heimasíðunni: bjorbodin.is.





PALLI HNÍFASMIÐUR:

Listaverk til notkunar

Pegar land var skógi vaxið frá landnámi til 1200–1300 var hægt að búa til kol hér og framleiða stál. En eftir tímabil kulda og afáts á landinu hurfu skógarnir og þá var ekki hægt að vinna kol hér. Þar með var ekki hægt að framleiða stál og því voru allir hnífar innfluttir næstu aldirnar," segir Páll Kristjánsson, Páll hnífasmíður, sem býr til hnífa í smíðju sinni að Álafossvegi og eru þeir miklir listagripir.

Þessir gripir eru mjög vinsælir hjá erlendum ferðamönnum og hjá þeim gengur Páll undir nafninu The Knifemaker og kynnir framleiðslu sína á vefsíðu sem er á ensku. „Það er miklu minni hefð fyrir hnífum hjá Íslendingum en meðal annarra þjóða og raunar minni hefð fyrir því að kaupa handverk," segir Páll.

Engir tveir hnífar eru eins

„Ég kaupi blöðin að utan en sköftin bý ég til úr innlendum efnivið og með þeim hætti að það eru engir tveir hnífar eins," segir Páll en hann notar meðal annars íslenskt tré, hreindýrshorn, hófa og klaufir, hrúthorn, hvaltennur og hvalbein og fleira sem efnivið.

„Ég er annars vegar með veiðihnífa og hins vegar eldhúshnífa. Ég geri veiðihnífana sjálfur en kona að nafni Soffía Alice Sigurðardóttir gerir eldhús-

hnífana," segir Páll. Þessir fallegu gripir kosta sitt enda er þetta engin fjöldaframleiðsla. Ódýrustu veiðihnífarnir kosta 25.000 kr. og ódýrustu eldhúshnífarnir eru frá 45.000 kr. En fólk er að fá einstakan grip í hendurnar.

„Þetta eru listaverk til notkunar," segir Páll og með því á hann við að samhliða því hnífarnir henti til hagnýtrar notkunar séu þeir listagripir.

Sjáðu listamanninn að störfum

Listagripir Palla eru til sýnis og sölu á tveimur stöðum, annars vegar í versluninni Brynju við Laugaveg, en hins vegar í smíðju hans að Álafossvegi 29 í Mosfellsbæ. Þar má sjá listasmíðinn að störfum og spjalla við hann og úrvalið er öllu meira þar en í Brynju. Ópið er að Álafossveginum frá kl. 9 til 18 virka daga.

Gjafabréf eru í boði fyrir þá sem vilja gefa ástvini einstakan smíðisgrip og nytjahlut í jólagjöf.

Þess má geta að Páll býður upp á helgarnámskið þar sem fólk smíðar hníf og slíðrar hann. Námskeiðið er einnig tilvalið sem gjöf. Verð er 30.000 kr. Ef næg þátttaka fæst mun Páll halda sams konar námskeið úti á landi.

Nánari upplýsingar í síma 899-6903 og á vefsíðunni knifemaker.is.



Kynlíf undir áhrifum

Áfengi og kannabis hefur neikvæð áhrif á kynlífið

Margir kannast við að hafa notað vímuefni, lögleg eða ólögleg, til að breyta hugarástandi sínu og ef til vill getu til samskipta. Áfengi er stundum kallað fljótandi sjálfs-traust – enda eru skammtímaáhrif þess á þá leið – fullum finnst okkur við gjarnan aðeins meira töff, aðeins meira sexi og við treystum okkur til alls konar hluta sem okkur þætti ekki alveg eins góð hugmynd værum við bláedru. Ef ekki væri fyrir neikvæð áhrif af langtímadrykkju og of miklu magni vínanda á líkama og sál væri kannski bara gaman að við værum öll rallhálf sem oftast.

Mér finnst þó frekar sorglegt að heyrast sögur harðfullorðins fólks sem telur áfengi forsendu þess að geta átt í rómantískum samskiptum við aðra. Sumir

geta ekki hugsað sér að skrá sig á Tindur eða önnur rafræn stefnumótaúrræði, en drekka sig í spað um hverja helgi í von um að lenda í sleik á barnum eða í einhverju þaðan af nánara í ókunnu bóli. Stundum er viljinn meiri en getan, enda hefur of mikið áfengi truflandi áhrif á kyngetu allra kynja, stinning verður minni, þikur blotna síður og fullnægingin heldur sig kannski alveg fjarri. Ferlega glatað einmitt þegar við upplifum okkur kannski sem kynþokkafyllst. Þess ber þó að geta að fyrir suma eru áhrifin jákvæð, til dæmis fyrir karlmenn sem fá það eftir mjög litla örvun – þeir endast lengur – og fólk sem á erfitt með að slaka nægilega á til að fá fullnægingu alla jafna gæti hitt á passlega slökun ef ölvunin er akkurat á því stigi.

Svo eru það áhrifin á dómgreindina. Almáttugur minn hvar á ég að byrja? Í nýlegri rannsókn voru tekin djúpvíðtöl við 24 einstaklinga í New York-borg um reynslu þeirra af kynlífi bæði undir áhrifum áfengis og kannabisefna (þó ekki samtímis). (Palamar, JJ, ofl. (2018). A Qualitative Investigation Comparing Psychosocial and Physical Sexual Experiences Related to Alcohol and Marijuana Use among Adults. Archives of Sexual Behavior, 47(3), 757-770.) Rannsóknin er agnarsmá og því ekki óhætt að fullyrða neitt út frá niðurstöðunum, en vissulega gefur hún vísbendingar um veruleikann. Meðal þess sem kom fram í rannsókninni var að kynlíf undir áhrifum áfengis var líklegra til að hafa neikvæð áhrif varðandi val á kynlífs-

félögum. Áfengisnotkun reyndist frekar tengjast kynlífi með ókunnum, fólki sem annars hefði alls ekki lent á radarnum. Undir áhrifum kannabis var fólk hins vegar líklegra til að velja að stunda kynlíf með vini eða kunningja. Kannski tengist það bara staðsetningu notkunar – áfengi er löglegt vímuefni sem neytt er í almenningssými á meðan kannabis er frekar notað í heimahúsum þar sem það er ólöglegt, eins og í New York og Reykjavík.

Hér eru nokkrir fleiri athyglisverðir punktar úr niðurstöðum rannsóknarinnar:

Margir þátttakendur sögdust upplifa sig kynþokkafyllri undir áhrifum – þó var þetta líklegra við notkun áfengis en við notkun kannabisefna.

Kynlíf undir áhrifum áfengis var líklegra til að valda mórál og eftirsjá daginn/dagana eftir, miðað við kannabis. Mórallinn tengist þá gjarnan vali á kynlífsfélagi eða ákvörðunum í kynlífinu, eins og til að mynda að sleppa því að nota smökk.

Áfengi tengdist frekar vandamálum varðandi kynsvörun og frammistöðu – líkt og nefnt er hér að framan. Undir áhrifum kannabisefna voru neikvæðu áhrifin frekar sálræn, til að mynda kvíðatilfinning eða aðsóknarkennd á meðan kynlíf stóð yfir.

Í báðum tilfellum voru neikvæð áhrif tengd magni efna sem neytt hafði verið. Meira áfengi og meira gras leiddu til verra kynlífs.

Þátttakendur lýstu því að kannabis yki á líkamlega næmni, á meðan áfengi virkaði deyfandi.

Kynlíf undir áhrifum kannabisefna virtist vara lengur – virtist er hér lykilorð, því í raun var tíminn ekki lengri en kannabis hefur brenglandi áhrif á tímaskyn neytenda.

Bæði vímuefni höfðu áhrif á fullnægingar, en í allar mögulegar áttir. Fyrir suma voru fullnægingar undir kannabisáhrifum sterkari, en aðrir upplifðu erfiðleika vegna vangetu til að halda fókus.

Kannabis leiddi frekar til kynlífs í hægagangi og nánd á meðan áfengi var líklegra til að leiða til hamfara og láta í bólinu. Bæði efni virkuðu hvetjandi á fólk til að gera hluti í kynlífi sem það hefði ekki gert edru.

Meðal þess sem kom fram í rannsókninni var að kynlíf undir áhrifum áfengis var líklegra til að hafa neikvæð áhrif varðandi val á kynlífsfélögum

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Ragnheiður Haralds- og Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi
Spurningar og tímapantanir:
raggaeiriks@gmail.com
www.raggaeiriks.com

*Vinnum
fyrir öll
tryggingafélög*

**BÍLRÚÐU
MEISTARINN**

Sérhæft bílrúðuverkstæði með bílasmíðameistara

3 ára
ábyrgð á
framrúðu
ísetningum

Dalveggi 18, Kópavogi / Sími: 571 1133 / brm@brm.is

Sími 445-9555

Alamúr

HairDoo

Dalvegur 18

10 drykkir sem urðu tímanum að bráð

Hver man ekki eftir Garpi, Gosa og Sítrónu Svala?

Með allt á hreinu

Það þótti afar svalt að drekka Svala með sítrónubragði hér í denn, og var það til marks um að maður væri með allt á hreinu og í toppmálum. Svo hvarf Svalinn og unga kynslóðin fór á hlíðina. Enn þann dag í dag poppa reglulega upp hópar af fólki sem saknar Svalans, og var meira að segja blásið til undirskriftsaðfnunar í fyrra til að fá Sítrónu Svalann aftur.



Var Kókómjólk ekki nóg?



Mjólkursamsalan var með áhugavert útspil um miðbik tíunda áratugar síðustu aldar og setti kakódrykkinn Kóko á markað, sem var bara eins og slæm útgáfa af Kókómjólk.

Safi með sápu-pumpu

Það skemmtilega við appelsínudrykkinn Topp frá Sól sem kom á markað á níunda áratug síðustu aldar voru klárlega auglýsingarnar. Komið var fyrir eins konar sápu-pumpu til að skenja safann og var hún heldur betur ólystug.



Nýr sykurlaus **TOPP**

Áfall fyrir TAB-ara



TAB er að sjálfsögðu ekki íslenskur drykkur en mikið sem hann átti marga aðdáendur á Íslandi. Það áætlaði allt um koll að keyra þegar sölu á TAB-i var hætt og margir hömstruðu drykkinn áður en hann hvarf af markaði.

SUNSIIP-bragðljúfur ekki fitandi svaldrykkur

Nýr svaldrykkur
Sunsip
APPELSIN-SQUASH

6 litrar

GOSI er kominn í verslanir

Góður þessi GOSI - hannað?

Bragðljúfur – ekki fitandi Tímanna tákn

Sunsip appelsínudrykkurinn var til á sjöunda áratug síðustu aldar, en um þykki var að ræða, sem var auglýstur sem bragðljúfur og alls ekki fitandi. Með auglýsingunum fylgdu leiðbeiningar um hvernig átti að blanda þykki, enda afar vandasamt verk.

Það var sérstaklega tekið fram í auglýsingum fyrir safann Gosa frá Mjólkursamsölunni að hann innihéldi sætuefnið aspartame, sem í dag er talið vera afar skadlegt.

Í stríði við kókið



Fyrirtækið Sól var grimmt í drykkjarframleiðslu og nýjungum á seinni hluta síðustu aldar. Meðal drykkja úr miðju fyrirtækisins var Ís-Cola sem var framleitt til höfuðs Coca Cola. Ákveðið stríð ríkti á milli þessara tveggja drykkja, stríð sem rataði meira að segja á síður fjölmíðla. Og að lokum hafði gamla Coca Cola-ð betur.

Hann veit að ég veit að þú veist að Jón veit að það er kominn nýr diet Seltzer



... þú veist!

Sérstakur Seltzer

Seltzer og Diet Seltzer frá Sól eiga sérstakan stað í hjörtum margra og sakna einhverjir hans úr hillum stórverslana.

ALVÖRU GOSI
með epla- og appelsínubragði

Safinn var ekki nóg

Safinn Frissi Fríski átti gríðarlegum vinsældum að fagna á síðustu öld, en margir muna eflaust eftir Frissa Frísku-gosinu sem var framleitt vegna gríðarlegra vinsælda safans. Gosið missti þó hins vegar marks.



Mysa og appelsínusafi

Í svona upptalningu má aldrei gleyma svalandi drykknum Garpi frá Mjólkursamsölunni sem fólk annaðhvort hataði eða elskaði. Við erum að tala um drykk sem var blanda af mysu og appelsínusafa. Hljómar skringilega, en sem betur fer er smekkur manna mismunandi.

Castello
PIZZERIA

ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

PANTAÐU Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Sölvi Fannar:

„Ég hef alla tíð verið villimaður í mér“

- Slæst í för með víkingasveitinni og mafiunni
- Fjöllistamaður og umboðsmaður Fjallsins

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Ég á fleiri hundruð börn, en þó aðeins þrjú af holdi og blóði. Þar á ég við þegar ég er vakinn miskunnarlaust upp jafnvel um miðja nótt þegar ljóð og önnur sköpun eru við það að sprengja mig utan af sér. Þegar ljóðin, tónlistin og allt hitt eru lögð saman í púkkið þá er saman kominn hópur af óstýrillátum athyglisjúkum einstaklingum, ólíkt börnum mínum af holdi og blóði sem eru öll gæðafólk.

Svo mælir Sölvi Fannar Viðarsson, ljóðskáld, tónlistarmaður, líkamsræktarþjálfari og leikari. Sölvi hefur mörg járn í eldinum þessa dagana. Sölvi hefur verið að spreyta sig í leiklist víða erlendis og senn mun afraksturinn líta dagsins ljós, eitthvað sem fjöllistamaðurinn er afar spenntur fyrir. Fyrir fáeinum árum vakti Sölvi athygli í tónlistarmyndbandi við lag frá David Guetta ásamt söngkonunni Siu. Lagið ber heitið She Wolf og var myndbandið tekið upp í Krýsuvík, á Langjökli og við Reykjanesvita. Sölvi segir að töku-

ferlið hafi verið langt og strangt en að tækifærið hafi haft afar jákvæð áhrif á leikferilinn.

Sölvi rifjar upp sælar minningar frá tökum tónlistarmyndbandsins, sem var tekið upp árið 2012. Í því sést hann með sitt hár og þykkt víkingaskegg, en þegar hann fór í leikprufuna fyrir veiðimanninn í burðarhlutverkinu vissi hann hvorki hvað þetta var eða fyrir hvern. „Ég hafði ekki hugmynd um að þetta væri myndband fyrir David Guetta en þetta fór fram úr björtustu vonum,“ segir Sölvi. „Sjálfur var ég líka með hár niður á bak og svaðalegt skegg sem ég hef síðan klippt og rakað af þótt það blundi alltaf í manni að safna aftur.“

Sölvi segist þó ekki hafa verið lengi að finna sinn innri veiðimanninn og víking. „Ég hef alla tíð verið villimaður í mér,“ segir Sölvi. „En það er vissulega heiður að fá að vera vera í burðarhlutverki í svona flottu tónlistarmyndbandi og það með góðan boga að vopni.“

Tónlist í genunum

Undanfarin þrjú ár hefur Sölvi verið búsettur í útjaðri Lundúna, nálægt Kent-sýslu. Þar hefur hann kunnað frábærlega við sig og reynir að finna

stundir á milli krefjandi verkefna til þess að semja ljóð og margs konar texta. Til dæmis er hann þessa dagana að leggja lokahönd á sína fyrstu skáldsögu. Auk þess að sinna einnig leiklistargyðunni starfar hann sem umboðsmaður „Fjallsins“, Hafþórs Júlíusar Björnssonar. Þá vinnur Sölvi einnig að ýmsum tónlistarverkefnum með föður sínum, Viðari Jónssyni, og dóttur hans, Heru Sóleyju, auk þess að vinna sitt eigið efni. Nýlega framleiddi Sölvi tónlistarmyndband fyrir Viðar við hið góðkunnna lag Help Me Make It Through The Night, sem kemur út á næstunni. Jafnframt er dóttir hans að stíga sín fyrstu skref í þeim geira og segist hann vera afar hreykinn af henni.

„Tónlistin er að miklu leyti þabba mínum að kenna á meðan ég kenni mömmu um leiklistina,“ segir Sölvi kátur aðspurður hvort tónlist sé í genum ættarinnar.

„Ég er þess fullviss að ef mamma hefði ekki verið að vinna stærri hluta sinnar ævi, tvö til þrjú störf, og líka ala okkur systkinin þrjú upp þá hefði hún getað átt góðan feril sem leikkona. Edda, litla systir mín, er hæfileikarík söngkona og Jón Garðar, eldri bróðir minn, bæði spilar og syngur ásamt því að vera

með „fimm háskólagráður“ í heilbrigðisgeiranum. Valdimar Fannar, sonur minn, sem er elstur systkinanna spilar bæði á bassagítar og gítar og semur auk þess raftónlist. Helena Fanney, eldri dóttir mín, lærði og spilaði tónlist í rúman áratug. Hera Sóley, yngri systir hennar, lærði líka lengi og spilar á nokkur hljóðfæri og syngur eins og engill og mér sýnist hún ætla að láta það eftir sér að leyfa draumum sínum að rætast hvað það varðar. Það var reyndar hún sem barnung sparkaði mér ástúðlega af stað í eiginlegt nám í leiklist á sínum tíma eins sérkennilega og það kann að hljóma. Börn okkar búa vissulega í húsi framtíðarinnar sem við getum ekki heimsótt, ekki einu sinni í draumi og því getum við margt af þeim lært, ekki síður en þau af okkur.“

Mafian, víkingasveitin og seinni heimsstyrjöldin

Á næstunni verða frumsýndar tvær kvikmyndir sem Sölvi fer með hlutverk í en auk þess er hann að undirbúa þrjú önnur stór verkefni sem bíða hans á næsta ári, meðal annars kvikmynd um atburðarás seinni heimsstyrjaldarinnar með Stephen Fry í lykilhlutverki.

Myndirnar sem um ræðir eru

„Á sínum tíma reyndi ég talsvert að fá Jón Pál til þess að leyfa mér að aðstoða sig en hann einhvern veginn keypti þá hugmynd aldrei alveg“

Operation Ragnarök og síðan Three Dots and a Dash, sem er grínmynd með glæpaívafi þar sem hann leikur rússneska mafíuforingjann Boris Popov. Í hinni síðarnefndu segir Sölvi þátttökuna hafa verið með ólíkindum „sér í lagi þar sem fjóttar villidýrsins Sólva Fannars voru leystir með öllu,“ eins og hann segir sjálfur.

Þá nefnir hann einna mest spennandi verkefnið framund- ▶





**LOKAÐIR STURTUKLEFAR
MEÐ TOPPI, SPORNA
GEGN RAKA OG MYGLU**

Kíktu á sturta.is og
skoðaðu úrvalið
S. 856 5566



Út og suður *upp* og niður



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuátak
framundan?

Ávextir í áskrift kosta um
550 kr. á mann á viku
og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



an, sem er kvikmyndin Margery Booth: The Spy in the Eagle's Nest. Kvikmyndin er óður til mikillar kvenhetju að nafni Margery Booth, óperusöngkonu og njósnara sem átti stóran þátt í því að bandamenn náðu undirtökunum í seinni heimsstyrjöldinni, þökk sé meðal annarra kafteininum Waldemar Hohenlohe sem Sölvi leikur. Meðleikarar eru svo ekki af verri endanum, Anna Friel leikur sjálfa Margery Booth, Stephen Fry leikur Hermann Göring og þýski leikarinn Udo Kier fer með hlutverk Adolfs Hitler.

En hver er Waldemar Hohenlohe?

„Waldemar var ofursti af gamla skólanum í þýska hernum en í myndinni kemur hann við sögu sem fangabúðastjóri í Stalag II-ID-fangabúðunum í Berlín en þangað kemur Margery Booth til þess að skemmta föngunum með óperusöng sínum og nokkurs konar uppistandi þess tíma. Waldemar var ekki nasisti og fyrirleit stríðið en hann var frændi Georgs 6. Englandskonungs, sem ætti ekki að koma neinum á óvart þar sem breska konungsfjölskyldan er þýsk að uppruna. Fjölskyldunafnið var Saxe-Coburg-Gotha þar til Georg 5. fékk þá snilldarhugmynd að taka upp nafn Windsor-kastala sem eftirnafn. Það hljómar öllu breskara. Waldemar átti kærar minningar frá Englandi þar sem hann stundaði nám fyrir stríðið og spilaði krikket en harkalegar aðgerðir SS-manna fóru hins vegar fyrir brjóstið á honum, sem meðal annars varð til þess að bjarga lífi Margery. En meira um það þegar myndin kemur.“

Sölvi bætir við að tvö önnur risastór verk séu í vinnslu en hann er þögull sem gröfin um hver þau séu. Hann játar þó hvorki nei neitar að annað þeirra tengist nýrri kvikmynd þar sem þeir Hafþór Júlíus deila saman hvíta tjaldinu. Það væri þá ekki í fyrsta sinn. Sölvi hælir Hafþóri og líkir honum við annan góðan vin sinn, Jón Pál Sigmarsson heitinn. „Á sínum tíma reyndi ég talsvert að fá Jón Pál til þess að leyfa mér að aðstoða sig en hann einhvern veginn keypti þá hugmynd aldrei alveg.“

Með Fjallinu á hvíta tjaldinu

„Hafþór hins vegar hefur náð árangri sem enginn hefur nokkru sinni náð, ekki „bara“ að vinna alla helstu aflraunatitla í heiminum á þessu ári, þar með talið að verða sterkasti maður í heimi, heldur einnig að vinna í kvikmynda- og sjónvarpsverkefnum samhliða því“ fullyrðir Sölvi. „Það hefur enginn gert nokkru sinni. Vissulega er hann mannlegur, en býr yfir bæði ofurmáttum og kröftum og ekki



síður gríðarsterki einbeitingu sem eru hans helstu vopn að mínu mati og gera honum kleift að gera hið ómögulega.“

Það vill svo til að Hafþór fer með eitt hlutverkið í Operation Ragnarök, en saman eru þeir Sölvi á meðal fimm Íslendinga sem bregður þar fyrir. „Þar leikum við harðkjarna víkingasveit sem er við æfingar í Svíþjóð þegar efnavopn sleppur út í andrúmsloftið og bókstaflega allt verður vitlaust og þegar hvorki herinn né nokkur annar ræður neitt við neitt þá eru íslensku víkingarnir að sjálfsgöðu kallaðir til“ segir Sölvi. „Handritið sem fjallar í grunninn um ótta mannskeppunnar við hið óþekkt og ég kolféll fyrir þessu.“

Að sögn Sólva kemur hans fyrsta skáldsaga út samhliða myndinni, sem heitir því fráma nafni „Quis

Custodiet Ipsos Custodes“ eða „Hver gætir varðanna?“ Sölvi er þessa dagana að leggja lokahönd á bókina og verður þar lögd áhersla á sömu persónur og í Operation Ragnarök. Varla getur þetta verið tilviljun og því er Sölvi hjartanlega sammála, þótt hann vilji ekki útskýra hvers vegna.

En skrif, ofar öllu, heltaka huga skáldsins þessa dagana og einbeittir Sölvi sér af fullri orku að því að klára nýjustu ljóðabók sína, sem hlotið hefur heitið The Poet trapped in a Caveman's Body, en ferlið segir Sölvi vera þyrnum stráð. „Þetta gengur hægt þegar svona margt er í gangi í einu,“ segir Sölvi, „en þá verður maður að læra að vera þolinmóður við sjálfan sig, en er mjög erfitt fyrir mig ef ég á að vera alveg hreinskilinn.“ ■

Vandaðar innréttingar



Hjá Parka færðu flottar innréttingar í hæsta gæðaflokki. Mikið úrval.

Bjódum aðeins það besta fyrir þig!

Parki
INTERIORS

Dalveggi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

MI ICELAND:

Borgaðu minna fyrir meira

Mi Iceland er viðurkenndur endursölu- og dreifingaraðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækjaframleiðandann Xiaomi, betur þekktan sem Mi, sem hefur skapað sér sterkan sess í tækniheiminum á stuttum tíma með áreiðanlegum tækjum á góðu verði. Fyrsti síminn frá Mi kom á markaðinn árið 2011 og aðeins þremur árum síðar var framleiðandinn orðinn sá þriðji stærsti í heiminum.

Mi framleiðir miklar gæðavörur en þar sem merkið er ekki jafnþekkt og til dæmis Samsung eða Apple þá eru þessar vörur yfirleitt mun ódýrari en þekktari merki í sama gæðaflokki, allt að þrefalt ódýrari.

Mi Iceland er vefverslun á síðunni mii.is og er úrvalið afar mikið. Sífellt eru að koma fram nýjar og spennandi vörur. Hér eru nokkur nýleg dæmi:

Mi Band 3

Það hefur verið mikil eftirvænting síðastliðið vegna nýja snjall- og heilsuúrsins frá Xiaomi, Mi Band 3. Biðin hefur svo sannarlega verið þess virði þar sem allt hefur verið betrubætt frá forvera þess, Mi Band 2. Helstu eiginleikar úrsins eru enn stærri skjár þar sem hægt er að skoða heil SMS-skilaboð, stærri rafhláða, vatnshelt að 50 metra dýpi svo ekkert mál að taka það með sér í sund og veðurupplýsingar næstu daga svo eitthvað sé nefnt. Það sem gerir þetta snjallúr ólíkt mörgum öðrum er möguleikinn á að skipta um ól á úrinu og gjörbreyta á sama tíma útliti þess.

Mi 8

Árið 2012 setti Xiaomi á markað sinn annan síma, Mi 2, sem varð strax það vinsæll að Xiaomi varð 2. stærsti farsímaframleiðandi í heiminum það ár. Nú, sex árum seinna, hefur tæknin þróast gífurlega og Xiaomi sannar það svo sannarlega með Mi 8. Síminn hefur tvöfalda 12MP myndavél að aftan og 20MP myndavél að framan með AI-assisted face unlock sem gerir þér kleift að aflæsa símanum með því einfaldlega að horfa á hann. Nýi Snapdragon 845 örgjörvinn og 6GB vinnsluminni gerir símann að sannkölluðum vinnuhesti.

Mi A2

Í fyrra kom á markað fyrsti síminn sem unninn var í samstarfi við Google, Mi A1. Síminn fékk strax frábærar viðtökur og hefur salan farið langt fram úr væntingum úti um allan heim. Í ár kom Mi A2 og hefur flest, ef ekki allt, verið betrubætt frá forvera hans, Mi A1. Samstarf Xiaomi og Google liggur fyrst og fremst í hreinu Android-stýrikerfi sem hefur marga kosti í för með sér en sá mikilvægasti er að síminn sjálfur er hraðari fyrir vikið og uppfærslur á stýrikerfinu skila sér mun fyrr. Mikil áhersla hefur verið lögð á að bæta myndgæðin við dimm skilyrði og myndgæðin almennt. Myndavélin að aftan er tvöföld 12MP + 20MP og 20MP að framan.

haustinu? – Rigning, kvef og hiti. Það eiga allir gamlan hitamæli heima en af hverju hafa hitamælur lítið sem ekkert þróast síðustu ár? iHealth-hitamælirinn er svo sannarlega rétt þróun á hitamælum og ætti að vera staðalbúnaður á öllum heimilum. Það sem einkennir þennan hitamæli er ekki bara fallett útlit heldur er hann einnig snertilaus. Þetta þýðir að þú þarft einungis að beina hitamælinum að manneskju úr 3 sentimetra fjarlægð og

hitamælirinn skilar þér niðurstöðum á innan við 1 sekúndu. Þar sem hann er snertilaus þarftu ekki að hafa jafn miklar áhyggjur af því að þrifa hann eftir hverja einustu mælingu eins og með aðra hitamæla.

Flestir símarir frá Mi Iceland ásamt fleiri vörum (Mi Band 3, Mi Scale 2, Mi Bluetooth speaker, ferða-

hleðslur og aukahlutir) eru komin í sölu hjá símafyrirtækinu Hringdu ásamt því að vera til sölu í vefverslun Mi Iceland á mii.is.

Mi Iceland sendir hvert á land sem er og er enginn sendingarkostnaður. Sjá nánar á vefsíðunni mii.is.




iHealth hitamælir

Hvað er það fyrsta sem þú hugsar um þegar kemur að



Tímarvélín



Gamla auglýsingin
Siglirðingur 4. desember 1943

HVARF SJÓMANNS HUGSANLEGA TENGT MANNRÁNI ALNAFNA

■ Hvarf sporlaust í Aberdeen ■ Lá við milliríkjadeilu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Með fjögurra ára millibili lentu tveir íslenskir sjómenn með sama nafn í hremmingum í sömu borginni, Aberdeen í Skotlandi. Annað málið varðaði mannhvarf en hitt mannrán. Málin tvö fengu mikla umfjöllun þegar þau komu upp en koðnuðu síðan niður jafnarðan. Við sögu komu menn sem báru nafnið Hjörtur Bjarnason og læðist að sá grunur að þau kunni að tengjast.

Á tali við bílstjóra

Aðfaranótt mánudagsins 26. febrúar árið 1951 kom vélskipið Víkingur frá Seyðisfirði að bryggju í hafnarborginni Aberdeen á austurströnd Skotlands. Bryggjan nefndist Viktoríudokk. Þetta var hefðbundin ferð, aflinn var seldur á mánudeginum, olía tekin og síðan gert klárt fyrir brottför. Vitaskuld fóru skipverjar í land til þess að lyfta sér örlítið upp fyrir áframhaldandi veiðar.

Þrjár skipverjar fóru á hótelið Stanley til að borða um sjö leytið. Björn Einarsson, fyrsti vélstjóri, og hásetarnir Þorgeir Jónsson og Hjörtur Bjarnason. Eftir tæpa tvo klukkutíma vildu Þorgeir og Hjörtur út en Björn ákvað að sitja áfram.

Þegar félagarnir komu út af hótelinu sáú þeir bíl sem þeir gerðu ráð fyrir að væri leigubíll og vildi Hjörtur fá hann til að keyra sig niður á höfn. Þorgeir vildi það hins vegar ekki þar sem einungis tveggja eða þriggja mínútna gangur var að höfninni og gekk hann því af stað. Hann leit um öxl og sá að Hjörtur var í samræðum við bílstjórann en skeytti því engu og

hélt göngunni áfram. Þegar Þorgeir um borð háttaði hann sig og lagðist til svefnis án þess að athuga með félagana sína.

Sjálfsvíg útilokað

Morguninn eftir stóð til að sigla aftur á miðin en klukkan tíu um kvöldið tóku menn eftir því að Hjörtur var ekki á skipinu. Skipstjórinn fór til lögreglunnar til að spyrjast fyrir um Hjört en hann hafði ekki verið tekinn höndum. Hófst þá skipuleg leit um alla borgina og meðal annars leitað í öllum skipum sem lágu við bryggju.

Leitin bar ekki árangur og var skipstjóranum á Víkingi gert að fresta siglingunni um tvo daga á meðan hvarfið væri rannsakað. Eftir þessa tvo daga hafði Hjörtur ekki komið í leitirnar og fékk skipstjóri þá heimild til að sigla. Víkingur sigldi þá til Íslands og kom til Seyðisfjarðar í byrjun marsmánaðar.

Hjörtur var fimmtugur að aldri, ókvæntur og barnlaus. Hann var talinn hið mesta prúðmenni og hafði oft verið gerður að formanni á bátum. Skipverjunum þótti ósennilegt að Hjörtur hefði fallið í höfnina og druknað. Hann var fimmtugur og vanur sjómaður og auk þess var skipið svo fast við bryggjuna að maður hefði varla getað fallið á milli skips og bryggju. Auk þess töldu þeir útilokað að Hjörtur hefði fyrirfarið sér, ekkert hefði bent til þess í fari hans.

Skipverjar leituðu til sýslumannsins á Seyðisfirði og óskaði hann eftir því við stjórnarráð Íslands að frekari rannsókn yrði gerð á málinu ytra. Var áfram leitað í Aberdeen en 8. mars barst íslenskum yfirvöldum skeyti um að leitin væri árangurs-

Aberdeen Mikil samskipti við Íslendinga.



Hjörtur Bjarnason Hvarf sporlaust í Aberdeen.



„Töldu þeir útilokað að Hjörtur hefði fyrirfarið sér, ekkert hefði bent til þess í fari hans“

laus. Ekkert fréttist af Hirti Bjarnasyni.

Stungu varðskipið af

Hjörtur Bjarnason var ekki ókunnugt nafn í Aberdeen því fjórum árum síðar kom það upp í tengslum við veiðipjófnað, mannrán og milliríkjastreit. Það var hins vegar alnafni Seyðisfirðingsins og sjómaður frá Ísa-firði sem lék stórt hlutverk í þeim átökum.

Laugardaginn 17. maí árið 1947 var togarinn Ben Heilem frá Aberdeen á ólöglegum veiðum við Íslandsstrendur. Í maí gómuðu skipverjar á varðskipinu Finnbirni hann undan Mýrantanga á Suðurlandi. Háseti að nafni Hjörtur Bjarnason, 34 ára gamall Ísfirðingur, var settur um borð í Ben Heilem og pappírarnir gerðir upptækir. Þá var skipstjóranum, Henry Bowman, skipað að sigla rakleiðis til Vestmannaeyja þar sem átti að gera málið upp. Finnbjörn átti

DV 19. febrúar 1983
Hjörtur annar frá hægri.



einnig að fylgja togaranum skoska þangað.

En á leiðinni þurftu varðmennirnir á Finnbirni að hafa afskipti af tveimur íslenskum skipum og töfðust þeir við að elta annað þeirra. Þá notaði skoski skipstjórinn tækifærið og sigldi burt, með Hjört um borð. Þegar varðskipið kom að landi í Vestmannaeyjum kannaðist enginn við skoskan togara þar.

Íslendingar sendu flugvél til að leita að Ben Heilem en skyggni var slæmt og fannst hann því ekki. Þá höfðu íslensk stjórnvöld samband við bresk þar sem talið var að togarinn væri á leið til Bretlands. Skipstjóri bresks varðskips reyndi að ná talstöðvarsambandi við Bowman en allt kom fyrir ekki. Bryndu þá ís-

lensk stjórnvöld fyrir Bretum að Ben Heilem yrði tafarlaust siglt aftur til Íslands og að Bowman myndi svara til saka fyrir veiðipjófnað og mannrán.

Miklir hagsmunir

Þriðjudaginn 20. maí kom Ben Heilem að höfn í Aberdeen en þar biðu yfirvöld eftir honum. Ræðismaður Íslands var þar einnig og gekk um borð í skipið til að tala við Bowman. Sagðist Bowman þá hafa orðið viðskila við íslenska varðskipið í myrkri og ákveðið að halda til heimahafnar.

Voru þessar skýringar ekki teknar gildar þar sem togarinn var tekinn snemma morguns og bjart úti. Auk þess hefði Hjörtur geta leiðbeint



Nett fjölnotataeki
MANITOU MLT 625-75 H

Manitou eru magnaðir skotbómulyftarar

- Lyftigetá: 2.500
- Lyftihæð: 5.900 mm
- Fjór hjóladrifinn
- Fjór hjólastýrður
- 75 hestöfl, Kubota
- Hlaðinn aukabúnaði t.d. skólfa, gaflar og útvarp.

Staðgreiðsluverð:
6.800.000 kr. + VSK

Viðurkennd varahluta- og viðgerðarþjónusta

PON

Pétur O. Nikulásson ehf. • Melabraut 23, Hafnarfjörður • Símar: 552 2650 / 552 0110 • pon@pon.is

SALMONELLUSMITAÐIR KJAMMAR



Kindahauser DV
1. desember 1989.

Um miðjan nóvember árið 1989 varð uppi fótur og fit þegar salmonellusmit fannst í sviðakjömmum. Var þetta í fyrsta skipti sem sýkillinn greindist í íslenskum fjárafurðum.

Málið kom upp þegar karlmaður veiktist illa og var vistaður á sjúkrahúsi. Á heimpli hans fundust átta sviðahauser með sýklinum í en tveir voru ósýktir. Ekki fannst sýkillinn þó í sviðasultu sem maðurinn hafði borðað.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Hollustuvernd ríkisins rannsókuðu málið og komust að því að um þúsundir hausa var að ræða. Komu þeir frá Sláturfélagi Suðurlands á Selfossi og sýkta féð frá einu héraði.

Salmonella hefur oftast fundist í fuglakjöti hérlendis en þó hefur hún einnig fundist í spendýrum. Til dæmis í folaldakjöti þetta sama ár. ■



skípstjóranum að Eyjum. Fékk ræðismaðurinn þær upplýsingar frá breskum yfirvöldum að skipið yrði sent til Íslands og Bowman látinn svara til saka.

Hjörtur var hins vegar ekki látinn biðja eftir því heldur fékk hann far með skipinu Björnefjell og kom til Íslands í byrjun júní. Þó að hann hafi verið fórnarlamb mannráns sagði hann að fyllstu kurteisi hefði verið gætt á leiðinni til Skotlands og honum ekki orðið meint af.

Málið vakti mikla athygli hér á landi og í Aberdeen og var mikið fjallað um það í blöðunum. Ekki er vitað hvort Bowman hafi verið dreginn til ábyrgðar í Bretlandi en skipið kom að minnsta kosti ekki aftur hingað til lands. Titringinn má að miklu leyti skýra út frá því að töluverðar samgöngur voru á milli Íslendinga og íbúa Aberdeen á þessum tíma. Til dæmis voru mörg íslensk fiskiskip smíðuð í borginni og því miklir hagsmunir í húfi.

Þessi tvö undarlegu mál vekja óneitanlega upp spurningar. Tveir íslenskir sjómenn með sama nafn lenda í hremmingum í sömu borg með aðeins fjögurra ára millibili. Gæti það verið ótrúleg tilviljun eða tengjast þau á einhvern hátt? Árið 1951 hefur nafnið Hjörtur Bjarnason verið vel þekkt nálægt höfninni í Aberdeen enda hafði það oft komið fram í dagblöðunum. Auk þess voru alnafnarnir tveir ekki ólíkir í útliti. Gæti hinn seyðfirski sjómaður mögulega hafa verið tekinn í misgripum fyrir hinn ísfirski og honum veittur miski vegna hins fyrra máls? ■

FYRSTA BORGARALEGA GIFTINGIN ÞVINGUÐ UPP Á LANDSMENN

■ Mormónar í stríði við sóknarprest

Undanfarin ár hafa ríflega 20 prósent af öllum hjónavígslum verið borgaralegar en sá réttur hefur ekki alltaf verið til staðar. Árið 1874 fengu Íslendingar stjórnarskrá að gjöf frá konungi og ári síðar reyndi fyrst á ákvæði hennar er varða þessa borgaralegu réttindi, þegar mormónapar vildi giftast.

Presturinn kærði giftunguna

Í Vestmannaeyjum bjó hópur mormóna sem trúboðinn Loftur Jónsson frá Þorlaugargerði stýrði. Einn af þeim sem snerist til trúarinnar var Magnús Kristjánsson og ætlaði hann að fara vestur til Brasilíu með skipi. En ekkert varð úr því og kynntist hann þá hálf-fimmtugri ekkju, Þuríði Sigurðardóttur, og hófu þau sambúð. Loftur kraðist þess að þau giftust þar sem þau sváfu í sama herbergi. Þessa vígslu framkvæmdi Loftur sjálfur árið 1873.

Sóknarpresturinn í Eyjum, Brynjólfur Jónsson, var smeykur við uppgang mormóna og leit á þessa giftingu sem beina ógnun við vald sitt. Kærði hann giftingu Magnúsar og Þuríðar til amtmanns og í desember árið 1874 var giftingin úrskurðuð ólögmæt. Þeim var sagt að þau gætu annaðhvort fest heitin hjá sóknarprestinum eða þau yrðu að slíta samvistir.

Í stað þess að skilja ákvæðu Magnús og Þuríður að beygja sig fyrir þjóðkirkjunni og báðu Brynjólf um að sjá um athöfnina. En þá brást hann hinn verst við og neitaði þeim þar sem þau væru úr öðrum trúflokki. Skipaði hann þeim að skilja ellegar myndu þau hljóta alvarlega refsingu.

Málið var hins vegar flókið því þau höfðu tekið að sér barn og nú átti að fara að sundra fjölskyldunni vegna trúarskoðana. Hreppsnefnd



Þjóðviljinn 15. júlí 1979 Páll Steingrímsson leikstýrði heimildamynd árið 1979.

fór í hart við prestinn og sendi honum aðvörunarbréf. Í kjölfarið gaf hann út sambúðarleyfi handa Magnúsi og Þuríði en hann vildi enn ekki gifta þau. Magnús undi þessu ekki og sendi landshöfðingja bréf sem var áframsent til konungs. Var þar vísað í ákvæði hinnar nýju stjórnarskrár Íslands um trúfrelsi.

Skipun frá konungi

Í stjórnarskránni kvað á að enginn mætti missa sín borgaralegu réttindi sökum trúarbragða. Engu að síður voru ekki til nein lög um borgaralegt hjónaband hér á landi. Þurftu þau þess vegna að fá konungsúrskurð um ráðahag sinn og var hann veittur árið 1875. Með úrskurðinum var sýslumanninum í Vestmannaeyjum gert skylt að gefa Magnús og Þuríði saman og þótti þetta hin mesta furða. Í blaðinu Ísafold þann 17. desember segir:

„Ef maður kæmi á bæ og segði það í fréttaskyni, að sýslumaðurinn hefði núna um daginn gefið karl og konu saman í hjónaband, þá mundu menn líklega fyrst og fremst ætla, að gestinum hefði orðið mismæli, og hefði hann nefnt sýslumann fyrir sóknarprest, eða þá að hann í spaugi hefði haft hausavíxl á sýslumanni og sálusorgara, því þeir mundu færris er, tækju slíka fregn í fullri alvöru.“

Með úrskurðinum var landshöfðingja sendar ítarlegar skýringar



Séra Brynjólfur Jónsson Var þeim Magnúsi og Þuríði erfíður.

á hvernig þessi vígsla skyldi fara fram og voru þær byggðar á sambærilegum reglum í Danmörku. Þar hafði slík hjónavígsla viðgengist í tæp 25 ár. Vígslan var hins vegar talin auðveldari fyrir sýslumenn en presta. Í Ísafold stendur:

„Peir mega og eiga jafnan að nota sömu ræðuna, og þurfa ekki að vera að basla við að leita að texta og leggja út af honum, eins og vesalings prestarnir.“

Magnús og Þuríður voru gefin saman af sýslumanninum í Vestmannaeyjum fimmtudaginn 30. mars árið 1876, klukkan tólf á hádegis. Árið 1879 fluttu þau upp á land og bjuggu saman á Stokkseyri, einu mormónarnir á staðnum. Þau létust bæði árið 1910. ■

FLETTU MANN KLÆÐUM OG NIÐURLÆGÐU



Ný saga 1. janúar 1990 Hýðingum var beitt á Alþingi.

Árið 1679 voru þrír menn í Skaftafellssýslu dæmdir fyrir að beita þann fjórða, Hallstein Eiríksson, háðulegri meðferð. Þetta voru þeir Guðmundur Vigfússon, Jón Sveinsson og Jón Jónsson.

Þessi óprúttu menn komu í heimsókn til Hallsteins, flettu hann klæðum og steypstu síðan blautum skinnstakki yfir hann allsberan. Eftir þetta leiddu þeir hann í kringum bæinn í víðurvist allra þar og þótti hin mesta svívirða.

Hallsteinn kærði þetta til Alþingis og í lögréttu voru varnir þremmenninganna ekki teknar trúanlegar. Skyldu þeir vera jafnsekir fyrir þetta athæfi sem væri öðrum „ljótlegt eftirdæmi.“ Í miska þurftu þeir að greiða Hallsteini „tvöfalt fullrétti“ ef þeir ættu það til.

Að auki var þeim gert að gangast undir líkamlega refsingu og hafði valdamaðurinn Einar Þorsteinsson yfirumsjón með henni. Í dómabók er þess þó ekki getið hvort þremmenningarnir þurftu að undirgangast sams konar niðurlægingu og Hallsteinn eða þá sigilda hýðingum. ■

Í FANGELSI VEGNA TRÚAR SINNAR

Háskóli Íslands
Alþýðublaðið 12. september 1970.



Aðfaranótt laugardagsins 23. maí árið 1970 átti sér stað sá fátíði atburður að Íslendingur sat í fangelsi vegna trúarskoðana sinna. Var það hins vegar ekki vegna þess að trú hans var talin glæpsamleg heldur sat hann inni til þess að geta þreytt próf við Háskóla Íslands.

Maðurinn tilheyrði söfnuði adventista og stundaði læknisnám við háskólann. Þennan laugar-dag var haldið efnafræðipróf fyrir 95 nemendur og átti maðurinn að þreyta það til að geta haldið náminu áfram.

Samkvæmt trú adventista er laugardagurinn heilagur hvíldardagur og þeim ekki heimilt að stunda neitt erfið. Yfirvöld lækna-deildar komust ekki að þessu fyrr en skömmu fyrir prófið og því of

seint að færa það til. Samkvæmt prófreglum háskólans var heldur ekki hægt að gera sérstakt próf fyrir adventistann.

Neminn hafði sjálfur frumkvæði að því að leysa vandann með mjög sérstökum hætti. Sendi hann skriflega ósk um að hann fengi að taka sama próf og aðrir á föstudaginum en myndi síðan dvelja í fangelsi þar til sammendur hans tækju prófið. Lögreglustjóri veitti samþykki fyrir þessari lausn.

Neminn þreytti prófið á föstudagskvöldið og lauk við það klukkan tíu. Fyrir utan stofuna biðu tveir lögregluþjónar sem fylgdu honum að lögreglustöðinni við Hverfisgötu þar sem hann var settur í einangrunarklefa. Var honum sleppt klukkan níu morguninn eftir. ■

HÁDEGIS TILBOÐ

VIRKA DAGA

GRILLAD ÞORSKSPIJÓT,
HUMARSÚPA & BRAUÐ

2.850



EILÍF HAMINGJA



Sægreifinn
Við gömlu höfnina



Erum minni bændur og meiri heimsborgarar

■ Konur þora loks að ganga með hatt ■ Félagsmiðstöðin á Skólavörðustíg ■ Tvíd slær í gegn

Pað hefur ekki verið mikil hattamenning á Íslandi. Konur eru loks farnar að þora að ganga með hatt. Síðustu áratugina höfum við verið svo miklir bændur og ekki þorað að flíka öðruvísi klæðnaði. Síðustu ár hefur þetta verið að breytast. Nú erum við minni bændur og meiri heimsborgarar.

Þetta segir Júlía Helgadóttir klæðskæri sem hóf störf í kvenfatabúð Kormáks og Skjaldar fyrir á árinu. Hún hefur sjálf hannað föt og rekið vefverslun. Hún settist niður með blaðamanni í versluninni til að ræða um kventískuna, rekstur í miðbænum og af hverju konur eigi að vera óhræddar við að setja upp hatt og klæða sig upp fyrir veiði eða útivistina.

Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar við Laugaveg sló í gegn fyrir margt löngu. Ákveðið var að opna útibú við Skólavörðustíg. Fyrst í stað voru fötin að mestu ætluð karlmönnum en eitthvað var til af fötum fyrir konur. Nú hefur dæmið snúist algjörlega við. Í versluninni er eingöngu að finna fatnað fyrir konur.

Skemmtilegra að vera fín í veiðinni

Í gegnum tíðina hefur þótt fint að klæðast fatnaði frá þeim félögum Kormáki Geirharðssyni og Skildi Sigurjónssyni. Þeir hafa markaðssett sig á nokkuð snjallan hátt og staðið fyrir árlegum tíkusýningum svo dæmi sé tekið. Þeir reka einnig Ölstofuna en þar er ekki spiluð tónlist og eiga þeir stóran hóp af fastakúnum sem koma til að setjast niður og spjalla um heimsins gagn og nauðsynjar. Margir ráku upp stór augu þegar fréttist að þeir félagar hefðu opnað verslun eingöngu fyrir konur. En Júlía kann skýringu á því.

„Konurnar, þegar þær voru að velja föt á mennina sína, þá gerðist það oft að þær voru spyrja hvort ekki væri eitthvað til á þær. Skjöldur og Kormákur ákváðu því að taka áhættuna.“

Boðið er upp á vörur frá MJM, Walker Slater og Christy's. Júlía segir að hattarnir frá Christy's hafi rokið út. Hún segir að hatta-sala í þeirra búð og öðrum hafi vaxið mikið. „Konur eru orðnar djarfari í klæðaburði og hér hafa tvídhattar og bardastórir hattar

rokið út. Ég held að allar verslanir sem selja hatta finni fyrir aukningu í sölu á þessari vöru. Búðin okkar er ung og ekki allir sem vita af henni, en það er ánægjulegt að fylgjast með konum þegar þær koma hér í fyrsta sinn, þegar þær átta sig á að boðið sé upp á vörur fyrir konur, í sama gæðaflokki og fyrir karlana niðri á Laugavegi.“

Þora konur að ganga í þessum fötum og er hægt að klæðast þeim dagsdaglega?

„Við bjóðum að sjálfsögðu upp á finni föt en svo erum við með föt sem henta fullkomlega í veiði eða útivist. Það er miklu skemmtilegra að vera í smekkelegum fötum í veiði. Og að vera smart í sínu daglega lífi, það erum við.“

Tilraunamennska sem var tekið fagnandi

Tvíd hefur haft yfir sér yfirbragð fágunar og jafnvel kvenleika og hafa kunnáttusamir stundum parað saman tvídjakka og til dæmis gallabuxur eða bætt við höttum og treflum og fetlingum og þannig náð að fanga hversdagslegt yfirbragð.

Kormákur og Skjöldur eru í

viðskiptum við Walker Slater í Skotlandi. Fyrirtækið sérhæfir sig í tvídfatnaði og sló fyrst í gegn í Skotlandi. Nú hafa þeir opnað búðir víðs vegar um Bretland, í Kanada og Japan og stefna á Bandaríkin.

„Þeir sérhæfa sig í tvídfatnaði og velja efnið vel. Það er klassískt og sniðin hafa slegið í gegn. Þeir byrjuðu úti í Skotlandi með sína línu af þeirri einföldu ástæðu að þeim þótti ekki nægilega fallegt tvíd í boði, það sem var fyrir var gamaldags og svo virtist sem enginn þorði að taka áhættu eða leika sér með formið. En tilraunamennsku þeirra var tekið fagnandi. Til dæmis hafa Emmu-jakkarnir, sem við bjóðum konum upp á, rokið út og við höfum ekki undan að panta. Einnig látum við sérsauma fyrir okkur, þá sauma þeir fyrir okkur en nýta okkar snið. Að auki ætla þeir að hjálpa okkur með hestálínu í vor.“

En hvornig gengur að reka búð við Skólavörðustíg? Væri ekki betra að vera við Laugaveg eða í verslunarmiðstöðvunum?

„Það væri sjálfsagt betra. En þetta hefur verið að vaxa hjá okkur. Túristarnir koma líka

Nú erum við minni bændur og meiri heimsborgarar

mikið við þegar þeir sjá útstillingarnar. En ætli þetta sé ekki svipað og með annað sem Skjöldur og Kormákur hafa tekið sér fyrir hendur. Við höfum eignast okkar fastakúnnu og svo bættist smám saman við í þann hóp,“ segir Júlía og bætir við að skemmtilegast við starfið sé að ræða við kúnnana.

„Flestir frá Bandaríkjunum eru miður sín yfir Trump og gráta yfir honum hjá okkur á meðan Rússar eru flestir yfir sig stoltir af Pútín. Mórállinn fer dálítið eftir því hvað er að gerast í hverju þjóðfélagi fyrir sig. En búðin er nánast eins og félagsmiðstöð og stundum er boðið upp á kaffi. Það er ekki til skemmtilegra starf.“ ■

HAUST ÚTSALA

0%
SLÁTTUR

Royal
Corinna

30%
AFSLÁTTUR



Hágæða, millistíf, fimmsvæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, millistífum áföstum toppi og stífum, klæddum botni með fótum.



Stærð 140X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ

77.898 kr.

Fullt verð 111.283 kr.



Stærð 160X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ

98.726 kr.

Fullt verð 141.037 kr.



Stærð 180X200 cm

ÚTSÖLUVERÐ

121.737 kr.

Fullt verð 173.910 kr.

3
AFS

Bjóðum upp á allt að 12 mánaða vaxtalust kredikortalan. Einnig hægt að greiða með Netgíró

Helgarkrossgátan

						iðka	Teikning: Hallór Andri eftirprentun bönnuð	trítlinu	4 eins
					úldna	7			
					umfram		endir og upphaf lausung		
					krauma				
					500	1	yta snöggur		
					fiskur erill			þor	
krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510		flik	litlar	röð	útlímur		fanga tvenna		
hirsla					8				
angan					bráðlynda stafur		drykkur		
fyrirsögn				afrek		halarófa skelin			
3 eins				kvendýr tignarmerki		51 eirir			
	römbuðu fiskur						álpast	iðnaðar- mennina	
fluga		elgurinn			nef				
freðið				félagana 3 eins					
tyggur					hljóðfæri	starfrækti ættlinginn			5
illgresið	bauja	9	fikil peningar			4	sólguð hret		
								happ	
romsu				eldstæði	2	slælega kvið			
áttund		sigldur her- mennina					utan egnt		
báran				aulana spendýrin					
	óskar tortryggir					rák	3	lengd	rikja
veiðarfæri			áttund	snáðar kropp	6				
	gleðjast eldsneyti						álasa sólguð		
málmur						tæmt			
dagdraum			tötrana						

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

					6			5
5			4		3		9	1
4	1	9			5	6		
		6				7		2
		3		4	7			
	4	8	2		1	3		9
		5			4			6
2			9		8		5	3
6	8		5					4

Erfið

				7	6			
		9	3					
		4			8	2	5	
						4		
2					5		1	
9			8					
3				5				4
		5	7					
	7		1				8	3

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Gunnar Marmundsson

Stóragerði 15

860 Hvolsvöllur

Lausnarorðið var **FÆRIBAND**

Gunnar hlýtur að launum bókinna Mín Sök



Í verðlaun fyrir gátu helgarblaðsins er bókin **Sænsk gúmmístígvél**

Haustnótt eina vaknar Fredrik Welin upp við að húsið hans stendur í ljósum logum. Hann kemst undan við illan leik en allt er brunnið, horfið: bernskuheimilið, minningarnar og ítölsku skórnir hans. Hann stendur við rústinarnar í tveimur vinstrifótastígvélum og veltir fyrir sér hvort hann eigi nokkuð að ráðast í endurbýggingu, sjötugur einbúi. Fyrir hvern? Fyrir dótturina dularfullu, sem hann vissi fyrst af þegar hún var orðin rígfyllorðin?

Í ljós kemur að brennuvargur hefur verið að verki og Fredrik liggur sjálfur undir grun. Hann heillast af blaðakonu sem hefur áhuga á málinu – en kannski ekki á honum sjálfum. Dóttirinn lendir í vanda og kallar á hjálp. Og biðin eftir nýjum gúmmístígvélum verður löng og erfið.

Henning Mankell (1948–2015) var einn helsti glæpasagnahöfundur Norðurlanda, bekkastur fyrir bókaflokk sinn um Kurt Wallander, en hann skrifaði einnig fjölda annarra bóka. Sænsk gúmmístígvél, síðasta bók Mankells, er sjálfstætt framhald bókarinnar Ítalskir skór og gerist átta árum seinna; saga um ást og samskipti, elli og eftirsjá, lífið og dauðann í sínum margbreytilegu myndum.

Bætt heilsa og betri líðan með

Natural Health Labs

100% náttúruleg bætiefni



„Hreinleiki, gæði og virkni skiptir mig miklu máli þegar ég vel fæðubótarefni.

Þess vegna mæli ég tvímælaust með vörum frá Natural Health Labs.“

Helga Lind – Pilateskennari og einkaþjálfari

Natural Health Labs eru hrein náttúruleg bætiefni sem innihalda hvorki rotvarnarefni né fylliefni og eru án allra aukaefna.

Útsölustaðir: Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórverslana.



www.balsam.is

SKILTAGERÐ



BÍLAMERKINGAR



BANNER-UP



SÓLARFILMUR



**Ráðgjöf
Hönnun
Framleiðsla
Uppsetning**



Sundaborg 3 - 104 Reykjavík - 777 2700 - xprent@xprent.is

Hugmynd á skemmtiferðaskipi við Flatey verður að plötu

Sáttar ef þær fá tónleikagesti til að gráta

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Hljómsveitin Ylja hefur verið í upphaldi hjá mörgum tónlistarunnendum landsins en hljómsveitin er þekkt fyrir fallettar og angurværar texta- og lagasmíðar ásamt fögrum og harmónierandi söng hljómsveitarmeðlima. Hljómsveitina skipa vinkonurnar Gígja Skjaldardóttir, frá Patreksfirði, og Bjartey Sveinsdóttir, frá Hafnarfirði.

Hljómsveitina stofnuðu þær fyrir sléttum áratug þegar þær hittust í kór Flensborgarskólans og hafa þær allar götur síðan samið tónlist saman.

Gígja tók gítarinn upp árið 2008 en Bjartey árið 2009 og naut þess að móðir hennar spilar á gítar og gat kennt henni til að byrja með. Annars nýttu vinkonurnar Youtube og bækur til þess að læra á gítar. Þær voru þó ekki alveg blautar á bak við eyrun í tónlist því þær höfðu lært aðeins á píanó áður.

Hljómsveitin á að baki tvær frábærar hljóðversplötu, sem báðar hafa fengið lof gagnrýnenda og er sú þriðja, Dætur, á leiðinni. Platan mun líta dagsins ljós þann 20. október næstkomandi. Hugmynd í Flatey gerði að verkum að þær ákváðu að ráðast í gerð þriðju plötunnar þar sem þær sungu um borð í bátum fyrir erlent tókulið frá National Geographic.

Ég spjallaði við þær Gígju og Bjarteyju of forvitnaðist um nýju plötuna, samstarfið og hugmyndina í Flatey.

Hvernig kynntust þið?

„Við kynntumst í kór Flensborgarskólans fyrir tíu árum, þar lágu leiðir okkar saman. Við erum að halda upp á vinkonu- og samstarfsafmæli í ár.“

Hvað kom til að þið stofnuðuð hljómsveitina Ylju?

„Hún Gígja spurði mig hvort ég væri til í að taka þátt í söngvakeppni Flensborgarskólans. Það var þannig að ég var bara sveitastelpa en átti mína söngkonudrauma. Mig langaði ótrúlega mikið að taka þátt í þessari keppni en hefði aldrei þorað að gera það ein, það var ekki séns! Við höfðum dregist þínulítið hvor að annarri og við elskuðum alltaf sömu lögin í kórnum. Mér leist einfaldlega vel á hana, þannig ég ákváð að spyrja hvort hún væri ekki til í að syngja þetta með mér. Svo héldum við áfram eftir söngvakeppnina. Byrjuðum að taka fleiri ábreiður og seinna meir semja okkar eigin lög og verða vinkonur,“ segir Bjartey.

Haldi þið að ykkur gangi betur að semja tónlist saman því þið eruð bestu vinkonur?

„Jú, það hefur pottþétt áhrif. Auðvitað er það þannig, eins og í öllum samböndum, að ef einhver örlítil stírdleiki eða nett óþol er til staðar, þá hefur það áhrif á ferlið. Við bjuggum til dæmis saman á tímabili, á tveimur stöðum, og einu sinni vorum við saman í

herbergi. Það var í senn gott og slæmt, gat stundum verið aðeins of mikið á tímabili. Vorum á fullu að gefa út plötu, bjuggum saman í sama herbergi með sama fata-skápinn. Auðvitað myndast stundum smá spennan en þá höfum við verið duglegar að vinna úr henni, annars værum við ekki hér í dag.“

Þið hafið verið áratug í bransanum. Erú einhverjar hápunktar hjá ykkur, eitthvað sem þið munið vel eftir?

„Hápunkturnir eru alltaf í kringum útgáfu, þá er svo ótrúlega margt í gangi. Það getur verið ótrúlega stressandi en að sjálf-sögðu líka mjög skemmtilegt. Við eigum upphaldstónleika á ferlinum, Airwaves 2015 í Frikirkjunni. Við vorum báðar með gæsaúð allan tímann. Við erum ótrúlega ánægðar að fá sama slottið aftur í ár á Airwaves og erum mjög spenntar fyrir því.“

Einverjur lágpunktar, eða hefur þetta verið dans á rósum?

„Það geta komið álagspunktar sem geta verið erfiðir. En það er samt einfaldlega hluti af þessu öllu. Þetta er bara partur af sjálf-smynd manns, ég veit ekki hver við værum ef við værum ekki í þessu. Við látum þetta alltaf ganga. Auðvitað höfum við stundum hugsað „úff“ en erum samt engan veginn reiðubúnar að hætta þessu.“

Þið hafið sem sagt alltaf jafn gaman af þessu?

„Já, algjörlega. Það sem við þrífumst á er það að spila á tónleikum og sjá ánægju í augum fólks. Þegar það kemur til manns og segir manni frá því, það skiptir okkur miklu máli og hefur mikið áhrif á okkur sem tónlistarmenn og fær okkur til að vilja halda þessu áfram. Við gerum þetta auðvitað fyrir okkur sjálfar en líka fyrir aðra. Við höfum gaman af því hvað fólk finnst og gerum oft grín að því þegar fólk kemur til okkar eftir tónleika og segir: „oh, ég fékk svo mikla gæsaúð að ég fór bara að gráta“, þá erum við alveg bara „JESS!“ Ef við fáim fólk til að grenja þá erum við sáttar (hlátur).“

Þið hafið gefið út tvær breiðskífur og sú þriðja er á leiðinni. Er sú plata frábrugðin hinum tveimur?

„Þessi plata er nær fyrstu plötunni en plötu tvö, en kannski örlítið þroskaðri. Þetta eru þjóðlög sem við setjum í okkar útsetningu með hjálp frá Guðmundi Óskari tónlistarmanni. Hún er líka öðruvísi og frábrugðin annarri plötunni; þá vorum við með heilt band með okkur og lögin voru aðallega ensk, og þínu þung og sækadelikk.“

Gömul þjóðlög í ykkur búningi. Hvaðan kemur sú hugmynd?

„Hugmyndin spratt upp í fyrri sumar í Flatey. Við höfðum verið að spila um borð í skemmtiferðaskipi á vegum National Geographic og Lindblad Expeditions. Við spiluðum fyrir fólk sem var að ferðast um Ísland á aðeins fræðilegri hátt en hefðbundnar ferðir

á skemmtiferðaskipi. Við höfum gert þetta gigg nokkrum sinnum og þá tekið okkar lög í bland við gömul þjóðlög, kynnt eldri íslenska menningu og sagt sögurnar þar að baki. Eftir ferðina enduðum við aftur í Flatey og áttum auka dag í eygni. Við fórum inn í kirkjunna sem er á staðnum og vorum að leika okkur að syngja þar í geggjúðum hljómburði. Það var þá sem við sögðum bara „hei, af hverju gerum við ekki plötu, bara með íslenskum þjóðlögum“. Við vorum ekki aðeins að hugsa það fyrir útflendingana heldur einnig fyrir Íslendinga. Við sjálfar þekktum ekki öll þjóðlögin eða sögu þeirra. Við erum örlítið að endur-vekja þetta og gera þetta smávegis tímalaust á okkar hátt.“

Þið hafið sem sagt farið í rannsóknarvinnu og kafað í sögurnar á bak við þjóðlögin?

„Við áttuðum okkur á því að við vissum frekar lítið um sögu og tilurð flestra þjóðlaganna. Við höfðum samband við þjóðfræðing, Pétur Húna, sem er búinn að stúd-era þjóðlögin alveg í þaula og hann sagði okkur ýmislegt. Við fengum hann til þess að gera texta við lög sem við völdum sem eru á plötunni þar sem hann útskýrir og segir sögu og frá tilurð hvers laga. Textarnir hans fylgja með plötunni. Hlustandinn getur því fengið dýpri skilning og upplifunir verði betri og meiri.“

Hafi þið eitthvað reynt fyrir ykkur erlendis?

„Já, við höfum ferðast eitthvað. Við höfum oft verið bókaðar út, en aldrei farið á okkar eigin forsendum. Minnisstætt var gíggi í Portugal á vegum Íslandsstofu, við sungum á saltfiskshátíð sem var mjög myndig, en ótrúlega skemmtilegt. Við fórum til Eistlands og spil-uum á kristilegri hátíð (smá hlátur) sem var samt líka þjóðlagahátíð. Það var ógeðslega gaman engu að síður og við skemmtum okkar mjög vel - vorum aðalnýmerið þarna. Stundum vitum við ekki alveg í hvað við erum að fara en það er bara skemmtilegt.“

Þið verið með útgáfutónleika 20. október í Bæjarbíói í Hafnarfirði. Hverju má fólk eiga von á?

„Þetta verður alveg geggjáð, við erum rosalega spenntar, eiginlega bara að pissa í okkur (hlátur). Þarna verður Guðmundur Óskar sem gerði plötuna með okkur, hann er hljómsveitarstjóri. Við verðum ellefu á sviðinu, tókum nýja, skástrík, eldgamla efnið (hlátur). Þetta er náttúrulega líka afmælið okkar þannig að okkar helstu lög verða einnig tekin.“

Hvað annað er fram undan hjá ykkur?

„Við verðum með tvenna jólatónleika í Iðnó, 6. og 20. desember, sem verður frábært. Ekta jólastemning. Við verðum svo á Airwaves núna í nóvember, og fórum síðan til Færeyja. Það er nóg að gera.“ ■



Flutningaþjónusta



**milli Suðurnesja og
höfuðborgarsvæðis**
cargoflutningar.is

- ➔ Suðurnes
- ➔ Reykjavík
- ➔ Suðurnes

*Tvisvar
á dag!*

SAKAMÁL



8 sinnum tók þýska konan Marianne Bachmeier í gikkinn í Héraðsdómi Lübeck í Þýskalandi þann 6. mars 1981. Skotmark hennar var Klaus nokkur Grabowski og fékk hann öll skotin átta í bakid. Klaus þessi var meintur morðingi Önnu, dóttur Marianne. Klaus, sem var dæmdur kynferðisbrotamaður, rændi Önnu, átta ára, hélt henni í prisund í nokkra klukkutíma og kyrkti hana að lokum og gróf lík hennar við síkisbakka. Marianne fékk sex ára dóm fyrir manndráp. Hún dó í september 1996.

LATI RAÐMORÐI

Vildi komast yfir fé á skjótan hátt ■ Hikaði ekki við að myrða

Það kom vinum Kínverjans Danping Yuan í opna skjöldu þegar hann var handtekinn í apríl 2013. Danping, 41 árs, var hvers manns hugljúfi og að sögn þeirra sem til þekktu „einn ærlegasti, duglegasti bóndinn á svæðinu.“ Svæðin sem um ræddi voru Hubei- og Hunan-hérað og Danping var sá sem allir vildu vera með; hann var kátur og gjafmildur og taldi ekki eftir sér að bjóða vinum sínum í glas eða fjármagna aðra skemmtum.

Tvöfaldur persónuleiki

Danping átti sér aðra og dekkri hlið og í fyrnefndum héraðum hafði hann stundað morð og rán um tíu ára skeið. Ástæða ódæða hans var ávallt sú sama; peningar. Á þessum tíu árum framdi hann átta meiri háttar rán með þeim afleiðingum að níu manns misstu lífið.

Var það mat sérfræðinga að Danping sýndi skýr merki tvöfalds persónuleika. Hann virtist mannblandinn þegar hann var í félagsskap annarra, en var í reynd afar einmana maður og hafði það

ágerst eftir að eiginkonan sagði skilið við hann.

Engin iðrun

Eftir að Danping var handtekinn hikaði hann ekki við að játa sök sína og við réttarhöldin, sem reyndust afar stutt vegna játningar hans, sýndi hann tómlæti, aldrei iðrun eða hugarangur.

„Sekur samkvæmt lögum landsins,“ svaraði hann aðspurður hvort hann væri sekur eða saklaus. Hugsanlega var Danping þrútt fyrir allt og allt hugleikin sú hefð að maður ætti að taka ábyrgð á eigin gjörðum, en í það minnsta reyndi hann aldrei að sverja af sér sakir.

Sagðist vera latur

Á meðal fórnarlamba Danpings voru hjónin Zhang Zhuang og Dipu Hemou, sem hann myrti árið 2005. Þegar hann, við réttarhöldin, var spurður um ástæðu þess að hann rændi fólk og myrti, svaraði hann: „Ég er latur. Ég sá enga aðra leið til að komast yfir fé með skjótum hætti.“

Flestum spurningum svaraði Danping á þann veg að hann hefði

„Ég er latur. Ég sá enga aðra leið til að komast yfir fé með skjótum hætti.“

ekkert að segja og reyndar var ljóst að hann mundi ekki öll smáatriði glæpa sinna.

En saksóknarar voru með smáatriðin á hreinu og töldu ekki eftir sér að tíunda þau.

Yfirheyrdur en sleppt

Þann 19. september, 2003, urðu Sumou-hjónin fyrir bardinu á Danping. Eftir að hafa rænt þau öllu fémætu bar hann eld að heimili þeirra í borginni Chen Kung.

Þann 24. febrúar, 2004, endurtók Danping leikinn í sömu borg. Þá var um að ræða 49 ára kaup-sýslukonu, Wenmou að nafni. Í



Danping Yuan Var kátur og gjafmildur, en átti sér dökka hlið.

það skipti munaði litlu að lögreglan hefði hendur í hári Danpings, því hann var yfirheyrdur, en síðan sleppt.

Daginn eftir kom Danping á vettvang glæpsins með vinum sínum og henti gaman að öllu. „Þið getið fengið verðlaun ef þið segið til mín - lögreglan heldur að ég hafi gert þetta,“ sagði hann við vini sína sem hlógu hástöfum að glæsinu.

Fjögurra ára hlé

Leið nú tæpt ár og 25. janúar, 2005, féllu He Mouyo-hjónin fyrir hendi Danpings. Þorpsbúum tókst að slökva eldana sem Danping hafði kveikt og lögreglan fann hjónin liggjandi í rúmi sínu. Þau höfðu bæði verið stungin mörgum sinnum auk þess sem líkin báru merki barsmíða.

Þegar þarna var komið sögu voru yfirvöld farin að sjá mynstur

VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, ný jafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ
ENDING
MÝKT**ÁLÝAK**

Ál er okkar mál • Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

PÁFAGAUKUR

Lukkudýrið kom lögreglunni á sporid

Árið 1942 var bar í New York, The Green Parrot Bar. Eigandi barsins var Max Geller og lukkudýr barsins var grænn páfagaukur. Flestir gestir staðarins kunnu vel að meta páfagaukinn sem var þeim gáfum gæddur að þekkja fastagestina. Hann gerði gott betur því hann gat sagt nöfn þeirra og ausið yfir þá móðgunum.

Drukkinn gestur með byssu

Nú, þann 12. júlí, 1942, kom maður á barinn og krafðist þess að sér yrði skenkt í glas. Max sá að gesturinn var þá þegar æði ólvaður og neitaði að afgreiða hann.

Sá drukkni kunni ekki að meta viðhorf Max, dró upp skammbyssu og skaut hann. Flúði hann síðan eins og fætur togðu.

Skotið hafði hæft Max í hálsinn og eyðilagt raddböndin. Hann var svo illa haldinn að hann gat ekkert aðstoðað lögregluna. Einnig virtist sem enginn viðstaddra á kránni hefði borið kennsl á ódæðismanninn.

„Robber! Robber!“

Sá eini sem sagði eitthvað var græni páfagaukurinn. „Robber (ræningi)! Robber!“ skrækti hann í sífellu. Sá sem fór fyrir rannsókninni stundi þungan: „Við erum með dauðvona fórnarlamb, sem getur ekkert sagt, tutugu vitni, sem ekkert vilja segja, og páfagauk sem við getum ekki þaggað niður í.“

Í þrjú daga lá Max Geller milli heims og helju en að lokum hafði sláttumaðurinn slyngi betur. Lögreglan yfirheyrði góðkunningja sína en ekkert kom upp úr krafínu.

„Robert! Robert!“

Þá datt einhverjum lögreglumanninum í hug að hugsanlega væri páfagaukurinn græni ekki að segja „Robber! Robber!“, heldur „Robert! Robert!“

Þar komst skriður á rannsóknina og allir fastagestir sem hétu Robert voru yfirheyrdir. Einn þeirra var Robert Butler, 28 ára leigubílstjóri, en þegar lögreglan



5-7 mannslíf hafði Margie Velma Barfield, „Dauðadeildaramman“, frá Norður-Karólínu í Bandaríkjunum, á samviskunnni. Á árunum 1969–1978 var Margie afar önnum kafin kona og sendi yfir móðuna miklu eiginmenn sína, unnusta og sína eigin móður. Ástæða morðanna var fjárbörf og við réttarhöldin bar Margie því við að hún hefði stolið fé af fórnarlömbunum og síðan byrjað þeim eitru svo þau veiktust. Sagðist hún hafa ætlað að hjúkra þeim á meðan hún fyndi leið til að endurgreiða hið illa fengna fé. Kvíðómur lagði ekki trúnað á þá skýringu. Margie var tekin af lífi með banvænni sprautu 2. nóvember 1984.



NGINN

Í haldi lögreglunnar Danping var yfirheyrður vegna eins máls, en síðan sleppt.



og Danping sá sitt óvænna og hélt sér til hlés um skeið.

Undir árslok 2009 fannst Danping kannski að óhætt væri að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið og braust hann, þann 25. desember, inn á heimili Ye Zhenfang-fjölskyldunnar í þorpinu Nanping.

Danping staðinn að verki

Fimmtán ára dóttir hjónanna var fjarverandi, lá veik á spítala, en

hjónin og fimm ára dóttir þeirra höfðu tekið á sig náðir. Það rigndi þegar Danping dirkaði upp lásinn á hurðinni. Yngri dóttirin vaknaði og kom að Danping við iðju hans. Stúlkan nuddaði augun og hálfsofandi sagði hún: „Pabbi?“

Danping var sleginn út af laginu, greip það fé sem hann sá í fljótu bragði og flúði út í kvöldhúmið.

Í september 2010 réðst Danping að bónda að nafni Wu. Bóndinn lést



Í réttarsal Enga iðrun var að sjá á Danping þegar réttad var yfir honum.

tveimur árum síðar af áverkum sínum.

Eiginkonan lifði af

Síðla árs 2011 varð Danping öryggisverðinum Gan að bana, en eiginkona hans, sem höndlaði með bómull, lifði af þrátt fyrir alvarlega áverka. Gan og eiginkonan fundust ekki fyrir en fimm dögum eftir að Danping hafði komið á heimili þeirra.

Þann 23. mars, 2013, banaði Danping hjónunum Humou og Zhangmou á heimili þeirra í Changde-borg. Líkt og eiginkona Gan höndluðu þau með bómull.

Myrt með lurki

Það rigndi þetta kvöld, þegar Danping kom aðvifandi á reidhjól klukkan eitt eftir miðnætti. Hon-

um tókst að dirka upp lásinn og kom að hjónunum steinsofandi í rúminu.

Skýndilega vaknaði Zhangmou og tók andköf þegar hún sá þennan dökka skugga sem vokaði yfir henni. Áður en hún gat gefið frá sér hljóð barði Danping hana í höfuðið með vænum lurki með þeim afleiðingum að hún lést. Eiginmaður hennar hlaut síðan sömu örlog.

Hringdi í Neyðarlínuna

Upp úr kraisinu hafði Danping farsíma, eitthvert fé og skartgrip. Hann reyndi án árangurs að kveikja í heimili hjónanna og síðan, einhverra hluta vegna, hringdi hann í Neyðarlínuna og sagði að mögulega væri lík að finna á heimilinu.

Lögreglunni reyndist létt verk að rekja símtalið og komast að staðsetningu símans. Um nóttina hjólaði Danping um 64 kílómetra leið til síns heima. Þar breyttist hann í hinn ljúfa Danping, vakti dóttur sína og tók til morgunverð og var hinn léttasti og ljúfasti.

Handtekinn á tehusi

Síðar þann dag var Danping handtekinn á tehusi og virtist koma af fjöllum: „Af hverju eruð þið að handtaka mig? Ég hef ekkert gert af mér.“

Sem fyrir segir játaði Danping á sig morðin og ránin áður en réttarhöld hófust yfir honum. Réttarhöldin tóku rétt um fimm klukkustundir og saksóknari fór fram á þyngsta dóm; dauðarefsingu. ■

INN GARGANDI

hugðist ná af honum tali var hann hvergi að finna.

Leið nú heilt ár en í nóvember 1943 tókst lögreglu að rekja ferðir Roberts Butler. Lögreglan náði loks í skottið á honum í stálverk-smiðju í Baltimore í Maryland.

Robert yfirheyrður

Robert Butler fullyrta að hann hefði farið frá New York vegna rifrildis við eiginkonu sína. Hann samþykkti þó að fara til New York og svara nokkrum spurningum.

Á lögreglustöðinni var Robert spurður hvort hann hefði einhverjar upplýsingar um morðið á Max Geller. „Af hverju haldið þið að ég hafi gert það?“ svaraði hann.

Lögreglan spurði hann þá hvaða álit hann hefði á græna páfagauknum og Robert svaraði: „Klár fugl.“



15 ár í Sing Sing

Robert var síðan upplýstur um að páfagaukurinn hefði nefnt hann til sögunnar. Þá sagði Robert. „Ég þoldi aldrei þennan fugl.“

Robert Butler var ákærður fyrir morðið á Max Geller og var réttad yfir honum í febrúar 1944. Við réttarhöldin sagði hann að hann væri skuldum vafinn vegna spilafíknar og gengið með byssu sér til verndar.

Robert Butler var sakfelldur og dæmdur til 15 ára fangelsisvistar í Sing Sing. ■

ÞÚ FÆRÐ MYNDVARPANN HJÁ OKKUR



HDMI 4K HDR ULTRA HD

FERIS

Þau voru einu sinni þör



Ásgeir Kolbeins og Sunna Elvira

Ásgeir Kolbeinsson var um árabíl einn heitasti píparsveinn landsins. Það þótti því ætíð fréttæmt þegar „dýrið var tamið“ eins og kom svo snyrtilega fram í umfjöllun Vísis í febrúar 2011. Þá hafði ungur laganemi, Sunna Elvira Þorkelsdóttir, nælt sér í godið. Samband þeirra varði þó aðeins í skamma hríð. Eins og frægt varð fór umfjöllun um alvarlegt slyss Sunnu Elviru og eftirmála þess sem eldur í sínu um íslenskt samfélag í byrjun árs.



Sólmundur Hólm og Unnur Birna Vilhjálmsdóttir

Um tíma voru grínistinn Sóli Hólm og fegurðardrottningin Unnur Birna par. Barátta Sóla og sigur hans á krabbameini vöktu mikla athygli fyrir nokkru en síðan þá hefur grínistinn gert það gott sem sjónvarps- og útvarpsmaður auk þess sem uppistandssýningar hans hafa slegið í gegn. Unnur Birna hefur haldið sig frá sviðsljósinu undanfarin ár en gerir það gott í réttarsölum landsins sem útsjónarsamur lögfræðingur.



Engilbert Jensen og Ragnhildur Gísladóttir

Engilbert og Ragga voru par um tíma á síðari hluta áttunda áratugarins. Engilbert var þá þjóðþekktur tónlistarmaður, sérstaklega fyrir sitt framlagt til hljómsveitanna Hljóma, Óðmanna, Tilveru, Trúbrots og Æ lónlí blú bojs. Á þessum árum var Ragga að stíga sín fyrstu skref sem söngkona, bæði á eigin vegum en einnig með hljómsveitinni Lummurnar. Óþarfi er síðan að rekja feril hennar enda er Ragga ein dádasta tónlistarkona Íslands. Hún og Engilbert eignuðust dóttur árið 1977.



Margrét Erla Maack og Kristinn Hrafnsson

Fjölmiðla- og kabarettkonan Margrét Erla Maack var um tíma í sambandi við fjölmiðlamanninn Kristinn Hrafnsson. Talsverður aldursmunur er á þárinu, rúmlega 20 ár, en á móti kemur að þetta baráttufólk á margt sameiginlegt. Margrét hefur gert sig gildandi í metoo-umræðunni undanfarin misseri og greint frá áreiti sem hún hefur orðið fyrir sem skemmtikraftur. Á dögumum var síðan greint frá því að Kristinn væri tekinn við sem ritstjóri Wikileaks.



Katrín Jakobsdóttir og Davíð Þór Jónsson

Katrín og Davíð voru sambandi í um sjö ár og bjuggu saman um tíma. Ástin kviknaði í sjónvarpsþættinum Gettu betur en þar var Davíð Þór spyrill en Katrín stigavörður. Davíð Þór hefur sjálfur látið hafa eftir sér að Katrín hafi gefist upp á honum vegna þeirrar staðreyndar að hann var farsjúkur alkohólísti á þessum árum. Síðan þá hafa bæði tvö blómstrað á nýjum vettvangi. Katrín sem forsætisráðherra þjóðarinnar en Davíð Þór sem vinsæll prestur í Vesturbænum.

Jóhann keyrði aftan á bíl og
tognaði á hálsi.

Hann fékk 3,7 m.kr. í bætur.

Lifðu lífinu - Við sækjum bæturnar.

SLYSABÆTUR.IS



LITLA *bílasalan*

Vantar allar gerðir
af bílum á skrá
og á staðinn!

www.litla.is

587 7777

Eirhöfði 11, Reykjavík



MERCEDES-BENZ A 200 d. Árgerð 2016, ekinn 23 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.750.000. Rnr.110406



LAND ROVER Discovery 4 hse. Árgerð 2011, ekinn 139 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.450.000. Rnr.111264.topp bíll!



BMW X5 xdrive30d. Árgerð 2014, ekinn 58 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.590.000. Rnr.111408.



NISSAN Qashqai tekna dísel sjálfsk. Árgerð 2016, ekinn 22 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.980.000. Rnr.111782.



HONDA Jazz elegance. Árgerð 2017, ekinn 3 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.111889.



MAZDA 6. Árgerð 2015, ekinn 58 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.680.000. Rnr.111893.



NISSAN Leaf accenta. Árgerð 2017, ekinn 12 P.KM, rafmagn, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.111970. einnig 2015 árg,



TOYOTA Land Cruiser 120 vx. Árgerð 2007, ekinn 290 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.450.000. Rnr.116702.



FORD F350 crew king ranch 4x4 35". Árgerð 2007, ekinn 112 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.141568.



KIA Rio. Árgerð 2015, ekinn 78 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.141589.



BMW 3 330e iperformance m-tech. Árgerð 2018, ekinn 5 P.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 5.350.000. Rnr.242492.



CHEVROLET Trax. Árgerð 2014, ekinn 73 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.242513.



MMC Outlander phev instyle. Árgerð 2018, ekinn -1 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.700.000. Rnr.242544.

LITLA
bílasalan
587 7777

MYND KRISVY

Ingvar Þór þakklátur ljósmæðrum

■ Komu syni hans heilbrigðum í heiminn ■ Færði þeim málverk að gjöf

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Ingvar Þór Gylfason hefur vak-
ið verðskuldaða athygli fyrir
einstakar myndir sem hann
hefur málað síðastliðin tvö
ár, en hann er sjálfmenntaður í
listinni. Af þeim málverkum sem
hann hefur málað er þó eitt sem
stendur hjarta hans nær en önnur,
Ljósið, málverk sem hann færði
ljósmæðrum sem þakklætisvott
fyrir að koma syni hans heilbrigð-
um í heiminn.

„Það eru tvö ár síðan ég byrj-
aði að mála á striga, en ég hef

teiknað síðan ég var barn. Ég hef
alltaf verið góður að teikna og ver-
ið í alls konar list í gegnum árin.“
segir Ingvar aðspurður um þennan
hæfileika sem hann opinber-
aði fyrir tveimur árum, en hann
vinnur sem verkfræðingur hálfan
daginn og ver hinum helmingnum
í að mála, smíða og skapa það sem
honum finnst skemmtilegt.

„Þetta byrjaði þannig að ég,
Ragna Sólveig Þórðardóttir,
unnusta mín, systir hennar og
dóttir mín, vorum í útilegu árið
2016. Við keyptum liti og pappír
fyrir stelpurnar til að lita og í ein-
hverju gríni málaði ég vatnslita-

mynd af norm. Þá sagði unnusta
mín að ég yrði að kaupa liti og
striga og fara að mála af alvöru.
Hún ýtti mér í að opna Facebook-
síðu og síðan þá er þetta búið að
vera eins og einhver lygasaga. Við-
tökurnar hafa verið mjög góðar og
oft eru myndirnar seldar áður en
ég er búinn að mála þær. Þetta er
ótrúlegt fyrir mig.“

Ingvar malar flestallt, og mikið
eftir pöntunum, þótt honum finn-
ist skemmtilegra að mála frjálst
og á tveimur árum er hann búinn
að mála og selja eða gefa um 200
myndir. „Ég mála dansara, ball-
erínur, hesta, fugla, Star Wars-



myndir. Ég hef prófað landslag,
maður prófar flest allt.“

Ljósmæður veittu Ingvari Þór og Rögnu einstakan kærleik og þjónustu

Í lok september í fyrra kom sonur
Ingvars Þórs og Rögnu í heiminn,
annað barn hans og fyrsta barn
hennar. „Það þurfti inngrip, þar
sem hann var í erfiðleikum með að
komast í ljósið. Unnusta mín var
svæfð og þurfti að gangast undir
bráðakeisara og það var mikill
hamagangur“, segir Ingvar Þór.

„Við þurftum að reida okkur á
ljósmæður bæði í fæðingunni og í
eftirlitnum, bæði upp á andlega
heilsu hennar og mína, og hún
með líkamann. Það var ótrúlegt
og maður átti aldrei orð yfir hvað
maður fékk mikinn kærleik og
þjónustu frá þeim. Ellen Bára var
með okkur í heimabjónustunni
og það var ótrúleg lukka að hafa
hana. Hún bjargaði okkur bara –
maður kom heim úr svona rosa
inngripi og konan gat ekki hlúð að
barninu. Ég sá bara að það hefði

verið auðvelt að fara einhverja erf-
iða leið andlega. Einnig var fjöldi
spurninga sem brann á okkur.
Maður skilur ekki hvað þetta er
dýrmætt fyrir en maður þarf á því
að halda. Ellen Bára kom til okkar
að kvöldi til. Hún sendi mig út að
kaupa lyf og var svo heilt kvöld hjá
okkur af því að hún sá að við þurft-
um á aðstoð að halda.“

Þegar kjarabaráttu ljósmæðra
stóð sem hæst fékk Ingvar Þór þá
hugmynd að mála mynd handa
þeim og gera eftirpöntun af henni
til að selja og ágóðinn færi í verk-
fallssjóð ljósmæðra. Eftir að þær
sömdu ákváð hann hins vegar að
gefa þeim málverkið sem þakklætisvott.
Verkið hangir þar sem gengið er inn á
sængurlegu- og fæðingardeild Landspítalans.

Ingvar Þór hefur einnig duglegur
að gefa myndir og bjóða upp
málverk fyrir margs konar málefni.
„Í fyrra bauð ég upp eina mynd í
mánuði og gaf til Krabbameins-
félagsins um 900 þúsund krónur.
Það er mikilvægt að gefa af sér.“ ■

 **Saumastofa
ÍSLANDS**



**TÖKUM AÐ OKKUR MERKINGAR
OG FATAVIÐGERÐIR**

EINNIG FRAMLEIÐSLU Á MINNI OG STÆRRI VERKEFNUM

MALARHÖFÐA 2, 110 REYKJAVÍK

Stundar þú ferðapjónustu?



Reisum.is

Hvað getum við
gert fyrir þig?

skoðaðu málið...

www.reisum.is

Íslenskar stjórnur og eftirsóttu umboðsmennirnir

Lítill heimur, stórar stjórnur

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Heimurinn er smár og í heimi fallega, hæfileikaríka og fræga fólksins er hann smærri en þú heldur. Leikarar og fagfólk innan skemmtanabransans væri óskaplega lítið án umboðsmanna og fulltrúa sem

sjá um að toga í spottana á bak við tjöldin. Kíkjum á brot af íslenskum stjórnnum sem deila fulltrúa eða umboðsmanni með öðrum þekktari. Taka skal fram að ekki er eingöngu um hefðbundna umboðsmenn að ræða, heldur einnig fulltrúa umboðsskrifstofa og þjarka sem sjá um að finna góð verk handa betra fólki.



ÁRNI BJÖRN HELGASON

Það er ekki ósanngjarnt að útnefna Árna Björn Helgason framleiðanda sem „umboðsmann Íslands“ en í hans taumi er veglegur hópur sem heldur áfram að spreyta sig.

Umboðsmaður: Árni Björn Helgason – (hjá Creative Arts Iceland)

Jóhannes Haukur Jóhannesson (Atomic Blonde, Alpha, The Innocents)
Heiða Reed (Stella Blomkvist)
Ágústa Eva Erlendsdóttir (Bjarnfreðarson, Borgfríki, Ég man þig)
Baldvin Z (Vonarstræti, Lof mér að falla)
Darri Ingólfsson (Borgfríki II, Dexter, Money Monster)
Atli Óskar Fjalarsson (Órói, Prestir)
Björn Stefánsson (Rökur, Lof mér að falla)
Halldóra Geirharðsdóttir (Málmhaus, Kona fer í stríð)
Magnús Jónsson (Réttur, Spell)
Saga Garðarsdóttir (Bakk, Steypustöðin, Hreinn Skjöldur)

ANÍTA BRIEM




Ferill Anítu Briem hefur notið góðs af því að hún er búsett erlendis. Fegurð og færni kemur fólki innan bransans aðeins hálf leiðina og því gott að hafa einhvern til taks til þess að hringja erfiðu símtölin.

Sean Elliott

Umboðsmaður: Sean Elliott

Aníta Briem (Journey to the Center of the Earth, The Tudors)
Stephanie Beatriz (Short Term 12, Brooklyn 99)
James Marsden (The Notebook, X-Men, 2 Guns)




TÓMAS LEMARQUIS

Leikarinn Tómas Lemarquis hefur heldur betur skotið upp kollinum í fjölbreyttum verkefnum bæði erlendis og hér heima. Með smávægilegri hjálp frá óhefðbundnum persónutöfrum og öflugum umboðsmanni hefur hann fengið góð tækifæri til þess að leyfa skallanum og hæfileikum sínum að skína.

Umboðsmaður: Sarah Camlett

Tómas Lemarquis (Blade Runner 2049, X-Men: Apocalypse, Snowpiercer)
Elizabeth Moss (The Handmaid's Tale)
David Tennant (Doctor Who)
Carla Juri (Wetlands, Blade Runner 2049)



ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, BALTASAR BREKI SAMPER OG ÞORVALDUR DAVÍÐ KRISTJÁNSSON

Það er traustsins vert að vera með fulltrúa á hraðvali sem starfar með Óskartilnefndu fólki og rísandi sem reyndum stjórnnum. Þeir Ólafur Darri, Baltasar Breki og Þorvaldur Kristjánsson eru í góðum höndum.

Umboðsmaður: John Grant

Ólafur Darri Ólafsson (A Walk Among the Tombstones, The Meg, The Widow)
Baltasar Breki Samper (Ófærð, Vargur)
Thor Kristjánsson (Vonarstræti, Dracula Untold)

Sally Hawkins (The Shape of Water, Paddington, Godzilla)
Benedict Cumberbatch (Sherlock, The Hobbit, The Imitation Game)
Joanna Lumley (Absolutely Fabulous, Paddington 2, The Wolf of Wall Street)
Chris Colfer (Glee, Absolutely Fabulous: The Movie)
Jack O'Connell (Unbroken, Money Monster, Starred Up)

BALTASAR KORMÁKUR

Balti var fyrstur Íslendinga til að ryðja veginn til þess að gerast leikstjóri fyrir vestrænan markað. Þegar maður er bæði eftirsóttur leikari jafnt sem framleiðandi og leikstjóri dugar ekki að hafa aðeins einn umboðsmann og Baltasar er aldeilis með tvo öfluga í takinu. Baltasar Kormákur (Contraband, Djúpið, Everest, Ófærð, Adrift)

Umboðsmaður #1: Mike Simpson

Quentin Tarantino (Pulp Fiction, Inglourious Basterds, The Hateful Eight)
Trey Parker (South Park, Team America, The Book of Mormon)
Tim Burton (Beetlejuice, Edward Scissorhands, Alice in Wonderland)

Umboðsmaður #2: Rich Cook

Sylvester Stallone (Rocky, Rambo, Spy Kids 3D)
Mark Wahlberg (Contraband, The Fighter, Transformers 4 og 5)
Eddie Murphy (Beverly Hills Cop, Dreamgirls, Tower Heist)
Michael Bay (The Rock, Bad Boys, Transformers 1-5)



SÉRHÆÐ Í EL RASO



ÍBÚÐ Í VILLAMARTIN

VERÐ FRÁ € 136,000

FÁÐU SENDAN BÆKLING Í TÖLVUPÓSTI OG KYNNTU ÞÉR HVAÐ ER Í BOÐI Á COSTA BLANCA Á SPÁNI

VERÐ FRÁ € 128,000

HAFÐU SAMBAND 555 0366
MASAICELAND@GMAIL.COM
JÓN BJARNI & JÓNAS

Sala á öllum hreinlætisvörum
og áhöldum til ræstinga fyrir
fyrirtæki, stofnanir og
heimili í verslun okkar



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

- Hjá þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum.
- Í dag þjónustum við um 70 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu.
- Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.

Dagleg eða regluleg þrif:

- Gluggaþvottur
- Aðalhreingerningar
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa- og gluggaþrif

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.
Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.



Frotagötu 4 C 603 Akureyri
Símar: 461-5232 / 892 5232
865 2425 (vaktsími allan sólarhringinn)
Netfang: thrif@thrif.is Veffang: www.thrif.is

Með allt á hreinu í 15 ár

Secret Solstice-hátíðin á barmi gjaldþrots

Tugir einstaklinga eiga inni ógreidd laun

Fyrtækið Solstice Productions sem er eigandi tónleika-hátíðarinnar Secret Solstice er samkvæmt heimildum DV á barmi gjaldþrots. Bláðinu hafa borist upplýsingar frá tugum einstaklinga um að fyrirtækið hafi ekki enn þá greitt þeim laun vegna vinnu bæði á Secret Solstice-hátíðinni og á tónleikum Guns N' Roses í júlí.

Í samtali við DV sagði Ómar Smári Óttarsson, einn þeirra sem

fyrirtækið skuldar fjármuni, að hann sé búinn að tala við starfsmenn fyrirtækisins margoft vegna þessa og hafi honum alltaf verið lofað greiðslu innan skamms tíma. „Þeir sögðust líka bara ekki kannast við að ég hafi unnið hjá þeim. Þau báðu mig að senda aftur reikning þar sem þau sögðust aldrei hafa fengið upprunalega reikninginn. Þegar hann var loksins kominn til þeirra þá hættu þeir bara að hafa samskipti. Það end-

aði með að ég fór að reyna hitta á einn starfsmann og ræða við hann til að reyna fá launin mín, en án árangurs. Seinna fékk ég svo tölvupóst þess efnis að hann væri búinn að tilkynna mig til lögreglu þar sem hann taldi mig vera ógnandi.“

Friðrik Ólafsson, stjórnarformaður Solstice Productions, staðfesti við DV að lítið fjármagn væri til staðar hjá fyrirtækinu. „Það verður engin hátíð á næsta ári ef fjárfestar setja ekki aukid fjármagn inn í fyrirtækið. Veðrið fór alveg



með okkur fjárhagslega á síðustu hátíð.“ Þegar Friðrik var spurður hvort fyrrverandi starfsfólk fengi greidd laun sín, sagði hann: „Eins og staðan er núna þá er nánast ekkert fjármagn inni í fyrirtækinu.“



Prándur Þórarinnsson

Lítt þekkt ættartengsl

Listmálarinn og grínistarnir

Um síðustu helgi opnaði listmálarinn Prándur Þórarinnsson málverka-sýningu í Hannesarholti í tilefni af fertugsafmæli sínu. Sýningin mun standa til 1. nóvember næstkomandi en mikla athygli vakti þegar Prándi var meinað af staðarhaldara að sýna málverk sitt SkollbuxnaBjarna. Þar má sjá Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra klæða sig í nábrók og fláð fórnarlamb liggur á borði í bakgrunni.

Föðurafi Prándar var Hjörtur á Tjörn, sem var bróðir Kristján's Eldjárns forseta. Þannig eru Prándur og uppistandarinn Ari Eldjárn þremmenningar. Faðir Prándar er Þórarinn Hjartarson og systir hans er Ingibjörg Hjartardóttir. Ingibjörg er móðir listamannsins Hugleiks Dagssonar sem hefur, líkt og Prándur frændi sinn, vakið mikið umtal fyrir groddalegar teikningar sínar og brandara.



TENERIFE SUMARIÐ 2019 KOMIÐ Í SÖLU!

Við hjá Gaman Ferðum elskum að hjálpa fólki að ferðast. Við bjóðum upp á fyrsta flokks hótél og vandaðar íbúðagistingar með einu og tveimur svefnherbergjum. Hvort sem það er stórfjölskyldan, vinahópurinn eða þú og vinur þinn þá eigum við til gistinguna fyrir ykkur. Skoðaðu úrvalið á gaman.is. Það getur verið vandamt að velja þegar mikið er í boði, þar komum við sterk inn enda búum við að mikilli reynslu og þekkingu hótélanna vel. Sendið okkur fyrirspurn á gaman@gaman.is og við setjum saman tilboð í draumafriðu ykkar.

GREEN GARDEN RESORT & SUITE ★★★★★

Verð frá: **93.500 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 11.-18. júní.
Verð frá 125.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

SPRING HOTEL BITÁCORA ★★★★★

Verð frá: **104.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 29. júní - 6. júlí. Hálft fæði innifalið.
Verð frá 133.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

GRAN OASIS RESORT ★★★★★

Verð frá: **91.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 2.-9. júlí.
Verð frá 122.700 kr. miðað við 2 fullorðna.

PARQUE CRISTOBAL ★★★

Verð frá: **101.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 11.-18. júní.
Verð frá 119.500 kr. miðað við 2 fullorðna.

MARYLANZA ★★★★★

Verð frá: **83.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 15.-22. júní.
Verð frá 106.500 kr. miðað við 2 fullorðna.

SPRING HOTEL VULCANO ★★★★★

Verð frá: **131.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 1 barn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 16.-23. júlí. Hálft fæði innifalið.
Verð frá 139.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

PARQUE DE LAS AMERICAS ★★★

Verð frá: **88.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 2.-9. júlí.
Verð frá 118.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

LA SIESTA ★★★★★

Verð frá: **98.900 kr.**

Verð miðað við 2 fullorðna og 2 börn (2-11 ára)
Ferðatímabil: 29. júní - 6. júlí. Morgunverður innifalinn.
Verð frá 124.900 kr. miðað við 2 fullorðna.

*Innifalið í verði er flug, skattar, 20 kg taska, handfarangur samkvæmt WOW air og gisting.
Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air